

**SKOÐUN** Sif Sigmarsdóttir skrifar um fílinn í herberginu og morfínsprautu og plástra flokksleiðtoga. 23



**TÍMAMÓT** Fríða Björk Ingvarsdóttir, nýráðinn rektor LHÍ, segir heiður að fá að takast á við starfið. 30



**SPORT** Ryan Pettinella valdi körfuboltann í Grindavík fram yfir viðskiptalífið í New York. 50






# FRÉTTABLAÐIÐ


Fimmtudagur
11. apríl 2013
84. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### 800 friðlýstar fornleifar

Friðlýstar fornleifar á Íslandi eru um 800 talsins. Margar þeirra liggja undir skemmdum eða eru þegar glataðar. 2

**Ekki bitnað á öryggi** Forstjóri OR segir að öryggi hafi ekki verið fórnað þótt fjárfestingar félagsins hafi minnkað um 6,6 milljarða. 8

**Bara breytt vegna kynleiðréttinga** Kennitölum er aðeins breytt ef fólk sækir um kynleiðréttingu. Það getur þó haft vandræði í för með sér. 12

**Ráð við skuldavanda** Þeir sex flokkar sem líklegir eru til að ná mönnum á þing eru með misjafnar leiðir til að takast á við skuldavanda heimilanna. 16




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -4° | NA | 11 |
| Akureyri | -5° | NA | 5 |
| Egilsstaðir | -4° | NA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | NA | 6 |
| Reykjavík | -3° | NA | 8 |

**VÍÐA ÉL** Í dag verða víða norðaustan 8-13 m/s og él en úrkomulítið V-til. Frost 1-10 stig, svalast inn til landsins. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Mastersmótið 2013 | Fólk




# Býður upp á að menn fresti málum út í hið óendanlega

Skróp verjenda í Al Thani-málinu í dag mun að öllum líkindum fresta málinu, jafnvel fram á haust. Sérstakur saksóknari telur mögulegt að breyta þurfi lögum til að girða fyrir að mál séu með þessum hætti tafin að eilífu.

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari telur að sú ákvörðun Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall, verjenda í Al Thani-málinu svokallaða, að mæta ekki í réttinn í dag gæti kallað á breytingar á sakamálalögum. Annars sé búið að opna sakborningum leið til þess að fresta málum sínum út í hið óendanlega.

Ólafur tekur fram að enn eigi eftir að koma í ljós hvort verjendurnir standi við yfirlýsingar sínar og láti ekki sjá sig í dómsalnum. Ragnar hefur lýst því afdráttarlaust yfir og Gestur staðfesti það í samtali við Fréttablaðið í gær. „Við munum hvorugur mæta,“ sagði Gestur.

Allir sem Fréttablaðið hefur rætt við eru sammála um að dómari eigi þá varla annarra kosta völ en að fresta aðalmeðferðinni, sem átti að hefjast í dag, og gefa nýjum verjendum tækifæri til að setja sig inn í málið. Til þess hafa Gestur og Ragnar haft um fjögur ár, frá því að rannsókn hófst.

Verði það raunin er óvíst hversu lengi málinu verður frestað, en jafnvel er talið hugsanlegt að það verði fram yfir sumarfrí dómstólanna, sem sagt fram á næsta haust.

Ákvörðun verjendanna er án fordæma. „Þeir sögðu sjálfir að þetta væri fáheyrt og við teljum að það standist einfaldlega ekki að þetta sé hægt. Þetta á ekki að gerast,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Aðspurður samsinnir hann því að verði málinu frestað, eins og allt stefnir í, bjóði það upp á að verjendur sakborninga, og svo eftirmenn þeirra, segi sig ítrekað frá sama málinu til að fá því frestað, þess vegna að eilífu.

„Þá er búið að gefa ákveðinn tón og gæti leitt til þess að menn þyrftu að breyta lögum til að girða fyrir þetta,“ segir Ólafur Þór Hauksson.



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

- sh / sjá síðu 10



**BRAUTRYÐJENDUR UNDIRBÚA ÆVINTÝRI** Mikill hugur er í hópnum sem opnar kaffihúsið Gæs í Tjarnarbíói í júní. Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, Unnur Jónsdóttir, Lára Steinarsdóttir, Gísli Björnsson og María P. Hreiðarsdóttir leituðu fanga í Góða hirðinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt kaffihús diplómahóps:

# Þroskahamlaðir grípa tækifærið

**FÓLK** „Fatlað fólk getur allt – bara ef það fær tækifæri til þess,“ segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, einn fimm nemenda í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun sem ætla að reka kaffihúsið Gæs í sumar. Gæs opnar í Tjarnarbíói í byrjun júní. „Ég hugsa að þetta sé í fyrsta skipti á Íslandi sem fatlað fólk gerir eitthvað þessu líkt,“ segir Steinunn, sem þessa dagana undirbýr opnun kaffihússins ásamt félögum sínum. Í gær fóru þau um borg og bý í leit að réttu húsgögnunum.

„Þetta verður eins konar prufusumar hjá okkur í sumar og maður er eiginlega orðinn hálfspenntur hvernig þetta fer allt saman,“ segir Steinunn og minnir á að samkvæmt mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafi fatlaðir rétt til vinnu og náms.

„Ég sé ekki annað en að við eigum rétt á því að fá að opna okkar eigin fyrirtæki líka,“ segir Steinunn ákveðin í að grípa gæsina – eins og hún segir nafn staðarins meðal annars vísa til. - gar / sjá síðu 6

Húsavíkurmálið er lærdómur fyrir bæjarfélag, segir formaður bæjarráðs:

# Myndum taka málið upp í dag

**SAMFÉLAGSMÁL** Jón Helgi Björnsson, formaður bæjarráðs Norðurþings, segir jákvætt að nauðgunarmálið sem hefur legið á Húsvíkingum í þrettán ár sé dag. komið fram í dagsljósið. Hann myndi taka málið fyrir innan bæjarkerfisins ef það kæmi upp í dag. Guðný Jóna Kristjánsdóttir, sem var nauðgað á Húsavík árið 1999, sagði sögu sína í Kastljósinu í vikunni.

„Mér fannst Guðný hugrökk og það er gott hjá henni að lýsa sinni upplifun,“ segir Jón Helgi.

Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, fundaði með Sighvati Karlssyni, sóknarpresti á Húsavík, í gær. Guðný hefur upplýst að Sighvatur hafi hvatt hana til að kæra ekki á sínum tíma. Sighvatur sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagðist hafa beðið Guðnýju afsökunar.

Fréttablaðið ræddi við Húsvíkinga í gær og ljóst er að þeir eru enn klofnir í afstöðu sinni til málsins. Sigurgeir Aðalgeirsson, yfirmaður mannsins sem nauðgaði Guðnýju, segir nóg komið af umfjöllun um málið.

„Það er auðvitað erfitt fyrir hann líka,“ segir hann og vísar þar til nauðgarans. „Þetta er mjög erfitt fyrir samfélagið, fyrir hann og miklu fleiri. En fólk er lítið að spjalla um þetta því það vill ekki rifja þetta upp.“

- sv, kóp / sjá síðu 4



**Mér fannst Guðný hugrökk og það er gott hjá henni að lýsa sinni upplifun.**

*Jón Helgi Björnsson formaður bæjarráðs Norðurþings*







## SPURNING DAGSINS



Björn, ætlið þið að biðja útvarpsstjóra að spila meira diskó á langbylgjunni?

**„Það er allt betra en ljósasjóið í mastrinu.“**

Héraðsbúar kvarta undan óvenjulegum ljósagangi frá langbylgjumastri Ríkisútvarpsins á Eiðum og vilja útvarpsstjóra til fundar eystra. Björn Ingimarsson líkir fyrirbrigðinu við diskóljós.

Yfirborgarstjórinn í Kaupmannahöfn gengur gegn stefnu stjórnvalda:

# Borgarstjóri vill banna vændiskaup

**DANMÖRK** Bann við kaupum á vændi verður meðal kosningamála í borgarstjórnarkosningunum í Kaupmannahöfn í nóvember. Þetta staðfestir, Frank Jensen, yfirborgarstjóri í Kaupmannahöfn og annar tveggja varaformanna Jafnaðarmannaflokksins, í samtali við blaðið Information.

Þessi stefna gengur gegn stefnu stjórnvalda, þar sem jafnaðarmenn eru einnig í forystu, en Jensen segir engan árekstur verða vegna þessa. Bann við vændiskaupum sé yfirlýst stefna Jafnaðarmannaflokksins frá landsfundi árið 2009.

„Þetta er afstaða Jafnaðarmannaflokksins og fulltrúar flokksins hljóta að mega fylgja henni eftir,“ sagði Jensen við Information.

Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra og formaður Jafnaðarmanna, sló slíkar hugmyndir út af borðinu í vetur, eftir ráðleggingar sérfræðinganefndar.

„Það er engin von til þess að uppræta vændi með því að gera vændiskaup ólögleg,“ sagði Thorning-Schmidt við það tilefni.

Jensen hyggst þó halda sínu striki ótrauður. **- þj**



**NÝHÖFN AÐ NÆTURLAGI** Yfirborgarstjórinn í Kaupmannahöfn vill vinna að banni á vændiskaupum.



**ÞJÓÐLEGIR RÁÐHERRAR** Össur Skarphéðinsson og Urmas Paet funduðu á Litlu kaffistofunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ísland í samstarf við fimmtán aðildarríki NATO:

# Nýr kafli í netöryggi

**UTANRÍKISMÁL** Ísland hefur ákveðið að gerast aðili að netöryggissetri NATO sem staðsett er í Tallinn í Eistlandi. Össur Skarphéðinsson tilkynnti Urmas Paet, eistneskum starfsbróður sínum, þetta í gær.

Um er að ræða svokallað öndvegissetur þar sem fram fara rannsóknir um baráttu gegn tölvuglæpum og netárásum. Fimmtán aðildarríki NATO eru aðilar að netöryggissetrinu.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu er haft eftir Össuri að Paet hafi hvatt Íslendinga til að gerast aðilar að setrinu og það hafi orðið úr eftir nánari könnun. **- þj**

Sprengt í grunni við HÍ:

# Spenna vegna sprengingar

**FRAMKVÆMDIR** „Þetta virtist ekki fara sérstaklega í taugarnar á háskólanemum. Ég held að fólk hafi frekar viljað fá aðeins meiri sprenginu,“ segir Ólafur Guðnason, hússtjóri Þjóðarbókhlöðunnar, en í gær var byrjað að sprengja í grunni Húss íslenskra fræða sem til stendur að reisa við hlið Þjóðarbókhlöðunnar.

Gleranddyri Þjóðarbókhlöðunnar var lokað í tíu mínútur meðan á sprengingunni stóð í varúðarskyni. Þá voru gestir varaðir við fyrir fram og sýndu allir því sem fram fór skilning. **- mþl**

Nýjung í ferðaiðnaði hér:

# Svefnklefahótel í burðarliðnum

**SKIPULAGSMÁL** Byggingarfulltrúanum í Reykjavík hefur borist fyrirspurn varðandi skilyrði fyrir uppsetningu og rekstri á svokölluðu svefnklefahóteli.

Fram kemur að fyrirmyndin sé japönsk en að sennilegast verði notast við kínverska klefa sem séu 2,2 metrar á dýpt en aðeins 1,2 metrar á breidd og hæð. Starfsmaður verði aðeins á staðnum hluta úr degi en annars verði notast við sjálfsafgreiðslukerfi. Klefarnir eru sagðir vera úr eldvörðu efni og hver sig vera með loftræstingu, reykskynjara, slökkvitæki, rafmagnsinnstungu, skúffu og spegli. **- gar**

# „Vitum ekki hvað við eigum af fornleifum“

Stjórnsýsla minjavörslu aldrei fengið nægilegt fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Fjárveitingavaldið skilur ekki eðli og hlutverk Minjastofnunar, segir forstöðumaður. Aðkallandi verkefni er varða fornleifar eru talin í hundruðum.

**FORNLEIFAR** Minjastofnun Íslands (MÍ), eins og fyrri stjórnsýslustofnanir um minjavörslu, hefur aldrei fengið nægilegt fjármagn frá ríkinu sem gerir henni kleift að uppfylla lögbundið hlutverk sitt. Á sama tíma bíða verkefni í hundruða vís er varða minjavörslu og skráningu fornleifa.



**KRISTÍN H. SIGURÐARDÓTTIR**

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður MÍ, áætlar að fjárveiting til stofnunarinnar fyrir árið 2013 sé innan við helmingur þess sem nauðsynlegt væri. „Til að reka góða Minjastofnun veitir okkur ekkert af 150 milljónum til viðbótar [MÍ fær um 120 milljónir á fjárlögum 2013]. Það hefur alltaf verið þannig að við fáum minna fjármagn en nauðsynlegt er til að uppfylla lögbundnar skyldur okkar.“

Þau verkefni í minjavörslu sem sitja á hakanum vegna fjársveltis eru óteljandi, að sögn Kristínar. Fornleifaskráning er þar framarlega í röðinni. „Við vitum einfaldlega ekki hvað við eigum af fornleifum á Íslandi. Slík skráning er til dæmis forsenda þess að sveitarfélögin og framkvæmdaaðilar hafi nauðsynlegar upplýsingar. Svo þarf fjármagn í viðhald minjanna og frekari rannsóknir.“

Aðspurð um ástæður þess að minjaverndin hefur ekki borið meira úr býtum segir Kristín að lög um menningarminjar kveði á um að ríkið eigi að sjá um friðlýsta minjastaði og halda þeim við. „En þeir sem setjast niður og reikna kostnað á vegum ríkisins hafa ekki áttað sig á því hvert verksvið svona stofnunar er, og þeirra sem þar starfa. Það er mjög alvarlegt mál en ég trúi því að það standi til bóta. Það er ergilegt að vera í þessari stöðu þegar við gætum verið að vinna að fjölda spennandi verkefna um allt land; verkefnum sem verði að sinna og gætu byggt undir starfsemi eins og ferðaþjónustu,“ segir Kristín.

Úttekt Minjastofnunar á friðlýstum fornleifum stendur yfir en eina aðgengilega skráin er yfir 20 ára gömul. MÍ er skylt að halda skrá yfir allar fornminjar á Íslandi. Áætlað hefur verið að á Íslandi séu þær á bilinu 150 til 200 þúsund og að fæstar hafi verið skráðar á vettvangi. **svavar@frettabladid.is**



**MINJASTAÐUR** Við bæinn Akbraut hafa friðlýstar minjar orðið illa úti í uppblæstri. Innan um grjótið liggja beinaleifar frá 13. öld. MYND/RAGNHEIÐUR

## Liggja undir skemmdum eða glataðar

Friðlýstar fornleifar á Íslandi eru um 800. Fáum hefur verið gert hátt undir höfði; margar þeirra liggja undir skemmdum eða eru þegar glataðar. Fréttablaðið greindi í gær frá einni slíkri; friðlýstum minjum á Akbraut í Rangárvallasýslu þar sem bænhús og kirkjugarður eru að fjúka burt. Þar liggja bein frá 13. öld innan um hleðslusteina á örfoka landinu. Margt hefur aftur verið vel gert; meðal rannsókna og uppbyggingar á friðlýstum minjum nefnir Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, Skálholt, Hóla, Reykholt, Skriðuklaustur og Gásir, en á bak við þær var fjármagn úr Kristnihátíðarsjóði.


ALLIR VELKOMNIR

VERNDUN MÝVATNS




UMHVERFISMÁL OG NÁTTÚRUVERND

FUNDUR Í KOSNINGAMIÐSTÖÐ VG Í BORGARTÚNI 16 Í KVÖLD KL. 20.

**Ávinningur í umhverfismálum, mikilvægi Rammaáætlunar, ný náttúruverndarlög, verndun Mývatns og svo margt fleira.**

Svandís Svavarsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra og Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands verða með framsögur.

**Líflegar umræður og léttar veitingar.**

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU

VINSTRI GRÆN


Sjúkratryggingar Íslands taka brátt í notkun nýtt greiðslukerfi:

# Lyfjakostnaður margra eykst

**HEILBRIGÐISMÁL** Kostnaður fjölda einstaklinga vegna lyfjakaupa breytist 4. maí þegar Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taka í notkun nýtt greiðsluþátttökukerfi. Við breytingarnar lækkar kostnaður einstaklinga sem kaupa mikið af lyfjum en kostnaður fjölda annarra hækkar.

Nýja kerfið byggir á lögum sem Alþingi samþykkti í fyrra en markmið þeirra var að auka jafnræði milli lyfjakaupenda og tryggja að lyfjakostnaður lækkaði hlutfallslega hjá þeim sem þurfa að nota mikið af lyfjum.

Kostnaður SÍ vegna greiðsluþátttöku í lyfjakaupum breytist lítið sem ekkert við breytingarnar. Kostnaður einstaklinga breytist hins vegar í flestum tilvikum.

Eins og áður sagði munu þeir sem greiða mikið í lyfjakaup njóta góðs af breytingunum en þær fela meðal annars í sér að sett er þak á lyfjakostnað einstaklinga á hverju tólf mánaða tímabili.

Margir munu þó þurfa að greiða meira en áður, þar af sérstaklega tveir hópar. Í fyrsta lagi þeir sem eru með lágan lyfjakostnað á ári, miðað er við undir 24.075 krónur hjá almennum notendum og 16.050 krónur hjá börnum, ungmennum og lífeyrisþegum. Þessir hópar munu nú enga niðurgreiðslu fá.

Í öðru lagi er það nokkur hluti þeirra ríflega 30 þúsund lyfjakaupenda sem hafa notast við stjórnumerkt lyf sem hafa verið að fullu niðurgreidd. Þeirra á meðal eru glákulyf, sykursýkilyf og krabbameinslyf. Framvegis þurfa notendur þessara lyfja að taka þátt í kostnaði þeirra og mun kostnaður einstaklinganna því í mörgum tilfellum aukast.

Nálgast má upplýsingar um hvernig lyfjakostnaður hvers og eins breytist á vefsíðu SÍ. **- mþl**




**LYF** Svokölluð stjórnumerkt lyf verða ekki lengur að fullu niðurgreidd þegar breytingarnar taka gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# VEISTU
# HVAÐ ÞÚ ÁTT?



**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Fyrirtækið**

**Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða.** Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í eldhúsinu?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 58252 04/12

## GENGIÐ
10.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,30 | 118,86 |
| Sterlingspund | 181,25 | 182,13 |
| Evra | 154,87 | 155,73 |
| Dönsk króna | 20,766 | 20,888 |
| Norsk króna | 20,649 | 20,771 |
| Sænsk króna | 18,569 | 18,677 |
| Japanskt jen | 1,1889 | 1,1959 |
| SDR | 178,02 | 179,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
211,5334

Andersen & Lauth þarf að greiða fyrrverandi eiganda vangoldin laun:

# Gunnar fær bætur þrátt fyrir brot í starfi

**DÓMSMÁL** Fyrirtækið Andersen & Lauth hefur verið dæmt til að greiða Gunnari Hilmarssyni, fyrrverandi eiganda og hönnuði fyrirtækisins, tæpar tvær milljónir króna í vangoldin laun og orlof eftir að honum hafði verið sagt upp störfum hjá fyrirtækinu.

Í dómsorði kemur fram að Gunnar hafi hafið störf hjá fyrirtækinu í ágúst 2009 en verið sagt upp störfum frá og með 1. mars 2012. Uppsögnina hafi meðal annars mátt rekja til langvarandi samstarfsörðugleika og trúnaðarbrests milli hans og fyrirtækisins. Gunnar hafi ekki skilað verkefnum á réttum tíma, ekki mætt á boðaða fundi og unnið fyrir aðra aðila án leyfis. Hann hafi einnig skuldbundið fyrirtækið fjárhagslega án þess að hafa til þess heimild og fegrað efnahags- og rekstrarreikninga félagsins.

Samkvæmt ráðningarsamningi mátti Gunnar ekki vinna fyrir aðra á meðan hann starfaði fyrir Andersen & Lauth og ekki starfa á sama sviði sex mánuðum frá starfslokum.

Í dómnum kemur meðal annars fram að Gunnar hafi meðal annars tekið þátt í hönnunarsamkeppni um starfsmannabúninga WOW air ásamt því að hefjast handa við hönnun og framleiðslu fatnaðar undir eigin vörumerki á meðan hann var samningsbundinn fyrirtækinu. Dómurinn mat það hins vegar þannig að Gunnar hefði unnið fyrir Andersen & Lauth þar til í apríl 2012 og voru honum dæmdar bætur. **- hó**



**GUNNAR HILMARSSON**
Starfaði áður sem hönnuður hjá Andersen & Lauth.

Strand Costa Concordia:

## Skipafélagið dæmt til sektar

**ÍTALÍA, AP** Costa-skipafélagið sem átti skemmtiferðaskipið Concordia, sem strandaði við ítölsku eyjuna Giglio fyrir rúmu ári, var í gær dæmt til að greiða einnar milljóna evra sekt, að jafngildi um 155 milljónum króna.

Alls létust 32 eftir að skipinu hvolfdi eftir strandið. Skipafélagið hefur staðfastlega haldið fram að sökin liggi öll hjá skipstjóranum, Francesco Schettino.

Í næstu viku kemur í ljós hvort Schettino verður sóttur til saka fyrir manndráp af gáleysi. Schettino heldur því fram að hann hafi unnið hetjudáð.

Skipið liggur enn á strandstað, en verður að öllum líkindum dregið burt innan skamms. **- þj**

### HALDIÐ TIL HAGA

**Vissi ekki af Kastljósviðtali**

Misskilja mátti tilvitnun í Reinhard Reinhardsson, fyrrverandi bæjarstjóra á Húsavík, í frétt í blaðinu í fyrradag og í leiðara blaðsins í gær þannig að spurning hans um tilgang með umfjöllun fjölmiðla um fjórtán ára gamalt nauðgunarmál í bænum hefði átt við um viðtal Kastljóss við Guðnýju Jónu Kristjánsdóttur, þolandann í málinu. Reinhard hafði ekki vitneskju um tilvist viðtalsins enda fór samtal blaðamanns og hans fram áður en viðtalið var sýnt og kom ekki til umræðu í samtalinu. Reinhard vill koma því skýrt á framfæri að hann telur Kastljóssviðtalið hafa verið mjög af hinu góða. Blaðið biðst afsökunar á ónákvæmninni.

### LEIÐRÉTT

Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, var rangnefnd í blaði gærdagsins. Beðist er velvirðingar á því.

# Presturinn braut ekki reglur en viðurkennir þó mistök

**Vígslubiskup segir sóknarprest á Húsavík ekki hafa brotið starfsreglur presta með aðkomu að nauðgunarmáli árið 1999. Presturinn hefur beðið fórnarlambið afsökunar. Ýmist eftirsjá eða afneitun er að finna í bænum.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Séra Sighvatur Karlsson, sóknarprestur á Húsavík, bað Guðnýju Jónu Kristjánsdóttur, sem nauðgað var á Húsavík árið 1999, afsökunar á því að hafa ekki sýnt henni nægan stuðning. Nauðgunin hefur nú kollvarpað bæjarsamfélaginu í tvígang, eftir umfjöllun Kastljóssins á mánudag.

Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, fundaði með Sighvati í gær. Solveig sagði í samtali við Vísi að efni fundarins væri trúnaðarmál en Sighvatur hefði ekki brotið starfsreglur presta. Það hefðu það verið mistök hjá honum að ýja að því við Guðnýju að hún drægi kæruna til baka.

Sighvatur segir í yfirlýsingu sinni að hugur hans hafi aldrei staðið til þess að fá hana til að draga kæruna til baka. Hann hvetji þá sem verða fyrir kynferðisbrotum að kæra til lögreglu. „Við verðum öll að draga lærdóm af þessu máli. Mistök sem þessi mega ekki endurtaka sig.“

Skiptar skoðanir eru áfram um málið meðal Húsvíkinga. Sigurgeir Aðalgeirsson, yfirmaður mannsins sem nauðgaði Guðnýju, segir nóg komið af umfjöllun um málið.

„Við skulum bara láta þetta niður falla, þetta er komið nóg fyrir samfélagið,“ segir hann. Honum finnst ekki eðlilegt að Guðný fái að segja sína sögu núna. „Mér finnst það ekki. Það er aðallega verið að

> **Mistök sem þessi mega ekki endurtaka sig.**
> *Sighvatur Karlsson, sóknarprestur á Húsavík*

rífa upp eldgamalt mál þar sem dómur er fallinn og fólk er búið að taka út sína refsingu,“ segir hann.

Magnús Halldórsson var formaður nemendafélags Framhaldsskólans á Húsavík þegar málið komst í hámæli. Hann sagðist á Facebook í gær sjá eftir því að hafa ekki reynt að koma í veg fyrir að listi til stuðnings nauðgaranum yrði birtur. Í samtali við Fréttablaðið sagðist hann ekki hafa neinu að bæta við þá færslu.

„Mistök okkar stóra meirihlutans í bænum sem var á móti listanum á sínum tíma, var að koma ekki í veg fyrir birtingu hans og hamast meira gegn nafnasöfnuninni,“ segir Magnús, sem segir listann hafa verið glórulaust andlegt ofbeldi. Þeirri skoðun kom hann á framfæri á sínum tíma.

„En eftir á að hyggja var þetta tilvik svo alvarlegt að það kallaði á að maður gengi lengra til að mótmæla listanum. Skrifaði í blöð eða hrópaði á torgum.“

sunna@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

## Málið er lærdómur fyrir bæjarbúa

Jón Helgi Björnsson, formaður bæjarráðs Norðurþings, segist mundu taka málið fyrir innan bæjarkerfisins ef það kæmi upp í dag. Því yrði vísað til félagsþjónustu sveitarfélagsins þar sem það á heima, en ekkert slíkt var gert á sínum tíma. „Mér fannst Guðný hugrökk og það er gott hjá henni að lýsa sinni upplifun,“ segir Jón Helgi. „Það er jákvætt að málið komi fram í dagsljósið og ég veit að fólk mun læra af því.“

Húsavík er fjölmennasti byggðarkjarninn í Norðurþingi, en þar búa rúmlega 2.200 manns í dag.



**KLOFIÐ SAMFÉLAG?** Húsvíkingar eru nú margir hverjir að kljást við afleiðingar viðbragða samfélagsins fyrir þrettán árum þegar ungur maður var dæmdur fyrir nauðgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**FROST Á FRÓNI** Það verður áfram kalt á landinu næstu daga en það hlánar seint á laugardag við suðurströndina. Það lítur út fyrir að víðáttumikil lægð muni hafa áhrif á veðrið um helgina og má gera ráð fyrir úrkomu víða um land.




**Á morgun**
10-18 m/s S- og V-til, annars hægari.




**Laugardagur**
Vaxandi NA- og A-átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Billund | 4° | Gautaborg | 4° | London | 11° | Orlando | 29° | San Francisco | 18° |
| Basel | 15° | Frankfurt | 17° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 25° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 13° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 22° | New York | 16° | París | 15° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**ADRIA** ADORA 472 LU
Eigin þyngd: 1.075 kg
Truma miðstöð.



VERÐ **4.350.000** KR.

**ADRIA** ADORA 462 PU
Eigin þyngd: 1.040 kg
Truma miðstöð.



VERÐ **4.300.000** KR.

**ADRIA** ADORA 512 UP
Eigin þyngd: 1.145 kg
Truma miðstöð.



VERÐ **4.490.000** KR.

**ADRIA** ACTION 361 PD
Eigin þyngd: 740 kg
Truma miðstöð.



VERÐ **3.890.000** KR.

**ADRIA** ALPINA 663 UK
Eigin þyngd: 1.660 kg
Alde miðstöðvarkerfi með gólfhita.



VERÐ **5.990.000** KR.

**ADRIA** ALPINA 563 LU
Eigin þyngd: 1.560 kg
Alde miðstöðvarkerfi með gólfhita.



VERÐ **5.750.000** KR.

**ALINER** CLASSIC
Eigin þyngd: 750 kg
Lengd: 457 cm



VERÐ **2.980.000** KR.

**ALINER** EXPEDITION
Eigin þyngd: 952 kg
Lengd: 548 cm



VERÐ **3.490.000** KR.

ADRIA

Í 45 ár hefur Adria framleitt heimili á hjólum og lagt jafna áherslu á hönnun og þægindi. Farartækin eru í hæsta gæðaflokki, búin öllum helstu tækninýjungum og þrautreynd við íslenskar aðstæður. Adria var valið hjólhýsi ársins 2011 í Danmörku.





ALINER

## ALINER CLASSIC OG EXPEDITION TITANIUM A-HÝSI

Sameina kosti fellihýsa þegar kemur að geymslu eða drætti og þægindi hjólhýsa hvað varðar aðbúnað og innréttingar.





ÖLL A-HÝSIN ERU GALVANÍSERUÐ!

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 131183

## VEISTU SVARIÐ?



**1** Hvað heitir sóknarprestur þjóðkirkjunnar á Húsavík?
**2** Með hvaða óvenjulegu leið, sem tengist höfninni, verður Listahátíð í Reykjavík sett í ár?
**3** Hvað heitir þýska handboltaliðið sem sagði Kára Kristjáni Kristjánssyni upp?

**SVÖR:**

**1.** Sighvatur Karlsson. **2.** Með því að þeyta skipsflautur. **3.** Wetzlar.

Aukinn fjöldi ferðamanna kallar á átak í umferðarmálum að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli:

# Útlendingar keyra allt of hratt á Íslandi

**FERÐAMÁL** Helmingur þeirra sem teknir eru fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunar á Hvolsvelli er erlendir ferðamenn, að sögn Sveins Kristjáns Rúnarssonar, yfirlögregluþjóns á svæðinu.

„Þetta er að sjálfsögðu ekki einkamál lögreglunnar. Það eru fjölmargir sem þurfa að leggja sín lóð á vogarskálarnar svo hægt sé að snúa við þessari þróun. Það er mikilvægt svo koma megi í veg fyrir alvarleg slys,“ segir Sveinn.

Hann segir einnig mikla aukningu í umferðaróhöppum og að bregðast þurfi við vandanum strax.

„Við erum að sjá gríðarlega umferð af ferðamönnum og það held ég að eigi ekki síður við annars staðar á landinu.“

Engin skýring er að sögn Sveins á fjölda ökubrotanna. Ferðamennirnir bera þó margir fyrir sig þekkingarleysi. „Öðrum finnst hraðakstur ekki tiltökumál. Það fólk gerir sér ekki endilega grein fyrir ástandinu sem getur skapast skyndilega á íslenskum vegum og mikilvægi þess að fara gætilega um náttúruna.“

Sveinn segir að vegna þessa sé mikið um útafakstur ýmist þar sem malarvegur hefst eða í hálku og slæmu skyggni.

„Sem betur fer er ekki mikið um stórslys vegna þessa en vissulega fylgir þessu aukið álag á lögregluna á svæðinu.“

Spurður hvað sé til ráða segir hann svarið einfalt. „Það þarf bara að ráðast í viðamikla fræðslu og betri merkingar. Ekki bara á íslensku.“

**- mlþ**



**YFIRLÖGREGLUÞJÓNN Á HVOLSVELLI** Sveinn Kristján Rúnarsson verður með fyrirlestur á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar sem haldinn er á Hótel Sögu í dag.

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Laxasteikur í marineringu 1990 kr/kg
Þorskur í karrýlime 1690 kr/kg
Roðlaus/beinlaus ýsuflök 1690 (5lbs í öskju)
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

# Þroskahamlaðir opna kaffihús í Tjarnarbíói

Fimm manna hópur í starfsnámi fyrir fólk með þroskahömlun undirbýr nú opnun sumarkaffihúss í Tjarnarbíói. Eigum rétt á að opna okkar eigin fyrirtæki, segir einn úr hópnum, sem þessa dagana leitar að húsgögnum fyrir kaffihúsið sitt.

**FÓLK** „Við eigum að gerast sérfræðingar í kaffihúsarekstri,“ segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, einn fimm nemenda í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun í Háskóla Íslands.

Gísli Björnsson, Lára Steinarsdóttir, María Þ. Hreiðarsdóttir og Unnur Jónsdóttir ætla ásamt Steinunni Ásu að opna kaffihúsið Gæs í Tjarnarbíói og reka það í sumar. Um er að ræða sumarverkefni á vegum Reykjavíkurborgar með möguleika á áframhaldi ef vel tekst til.

„Fatlað fólk getur allt ef það fær tækifæri til þess,“ undirstrikar Steinunn. Hópurinn undirbýr nú opnun Gæsarinnar í byrjun júní, meðal annars með vali á réttu húsgögnunum.

Steinunn kveðst afar ánægð með staðsetningu kaffihússins og ekki síður nafnið, sem standi fyrir Getætla-skal og ekki síður fyrir það að grípa gæsina. Gæs verði vinnustaður án aðgreiningar þar sem ófatlaðir og fatlaðir vinni saman.

„Ég hugsa að þetta sé í fyrsta skipti á Íslandi sem fatlað fólk gerir eitthvað þessu líkt. Hópurinn er æðislegur og ég er afar ánægð með að þetta sé að verða að veruleika. Fatlað fólk þarf virkilega að fá vinnu við hæfi,“ segir Steinunn.

Að sögn Steinunnar verður opið á Gæs frá morgni og fram til klukkan sex síðdegis. Stemningin eigi að vera hugguleg með góðu kaffi og bakkelsi og kannski súpu.

„Þetta verður eins konar prufusumar hjá okkur í sumar og maður er eiginlega orðin hálfspenntur hvernig þetta fer allt saman. Það er mikill hugur í okkur. Þetta er eins og keppni; það er annaðhvort að vinna eða tapa,“ segir Steinunn ákveðin.

Sjálf segist Steinunn hafa unnið á sumrin í Elliðaárdalnum við að að tína rusl og trjágreinar. „Mér fannst nóg komið af því í bili að gera það sama aftur og aftur. Ég nenni ekki að þurfa að vinna í þessum Elliðaárdal aftur – þó að hann sé fallegur,“ segir hún og hlær hjartanlega.

Steinunn er ein þeirra sem staðið hafa að gerð sjónvarpsþáttanna Með okkar augum. Þriðja serían verður framleidd í sumar. Það eru því næg verkefni fram undan hjá Steinunni.



**HEIMSÓKN Í IKEA** Diplómahópurinn sem hyggst reka kaffihúsið Gæs leitaði í gær í Ikea að hentugum húsgögnum fyrir nýja staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ég nenni ekki að þurfa að vinna í þessum Elliðaárdal aftur – þó að hann sé fallegur.**
> *Steinunn Ása Þorvaldsdóttir diplómanemi*

„Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna segir að við eigum að fá vinnu og höfum rétt á því að fara í skóla. Ég sé ekki annað en að við eigum rétt á því að fá að opna okkar eigin fyrirtæki líka.“

**gar@frettabladid.ist**

FÍR
AÐALFUNDUR
FÉLAGS ÍSLENSKRA RAFVIRKJA
Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja
verður haldinn **18 apríl kl: 18:00**.
Fundurinn verður haldinn í sal Rafiðnaðarskólans
á **Stórhöfða 27**. 1 hæð.
Gengið inn Grafarvogsmeginn.
**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning fulltrúa FÍR á aðalfund Stafa lífeyrissjóðs
Tillaga að lagabreytingum sem vísað var til stjórnar
á aðalfundi félagsins 2012 afgreiddar.
Önnur mál
*Kveðja*
Stjórnin

Tólf lið háskólanema keppast um að búa til app fyrir Íslendingabók:

# Kapp um Íslendingabókar-app

**TÆKNI** Vefsíðan vinsæla Íslendingabók, sem Íslensk erfðagreining heldur úti, verður brátt aðgengileg í gegnum sérstakt app fyrir snjallsíma. Tólf hópar háskólanema vinna hörðum höndum að hönnun apps þessa dagana og verður besta lausnin gerð aðgengileg almenningi.

„Íslendingabók er að halda upp á tíu ára afmæli sitt um þessar mundir og af því tilefni var vilji til þess að uppfæra síðuna og bjóða þjónustu hennar í gegnum snjallsíma,“ segir Ingi Rafn Ólafsson, markaðs- og kynningarstjóri verkfræði og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. „Þeir höfðu því samband við okkur varðandi samstarf og við samþykktum enda skemmtilegt verkefni fyrir háskólanema.“

Flestir þátttakendur eru nemendur í Háskóla Íslands en Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands eiga einnig sína fulltrúa. Fyrstu verðlaun eru ein milljón króna.

Dómnefnd mun velja bestu lausnina út frá frumleika, útliti, virkni og vinnubrögðum auk þess sem litið verður til þess hvernig liðin kynna lausnir sínar á samskiptamiðlum. Úrslit keppninnar verða kynnt næsta laugardag.

**- mþl**



**SPJALDTÖLVA** Markmiðið með keppninni er að Íslensk erfðagreining geti boðið þjónustu Íslendingabókar á þægilegan hátt í gegnum snjallsíma og önnur snjalltæki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

# Lækkum verð
## um þriðjung (33%)
## á dömu- & herrafatnaði




**33%**
**AFSLÁTTUR**
af dömu- og herrafatnaði
11.-14. apríl

Fatnaður á Íslandi getur lækkað mikið í verði ef Íslendingar fengju að búa við sambærilegt skatta- og tollaumhverfi og víða erlendis.



**Skorum á verðandi þingmenn að endurskoða háa skatta og leggja af gamaldags tolla eftir kosningar! Það er aukinn kaupmáttur!**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Alþingiskosningar 2013:

# Hægt að kjósa í Laugardalshöll

**KOSNINGAR** Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst í Laugardalshöll næsta mánudag. Opið verður alla daga frá 10 til 22. Á kjördag verður opið frá 10 til 17 fyrir þá kjósendur sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Hægt er að kjósa hjá sýslumanninum í Reykjavík í dag og á morgun.

Á vefnum kosning.is er hægt að kynna sér hvenær kjörfundur fer fram á sjúkrastofnunum, hjúkrunarheimilum og öðrum stofnunum. - hó

Fólk í fjármála- og vátryggingastarfsemi fékk hæstu launin í fyrra en þau lægstu fékk fólk í kennslu:

# 123.000 krónum munar á konum og körlum

**HAGTÖLUR** Regluleg meðallaun fullvinnandi fólks voru hér 402 þúsund krónur að meðaltali árið 2012, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofu Íslands.

Í umfjöllun Hagstofunnar segir að algengustu reglulegu laun hafi verið 300 til 350 þúsund krónur, en um 18 prósent launamanna hafi verið á því bili. „Þá voru um 65 prósent launamanna með regluleg laun undir 400 þúsund krónum,“ segir í frétt Hagstofunnar. „Regluleg laun fullvinnandi karla voru 436 þúsund krónur að meðaltali á mánuði en kvenna 367 þúsund krónur.“ 69 þúsund krónum munar þar á kynjunum. Þá kemur fram að heildarlaun fullvinnandi hafi í fyrra verið að meðaltali 488 þúsund krónur á mánuði, karlar með 548 þúsund og konur 425 þúsund. Þar munar 123 þúsund krónum.

Regluleg laun voru hæst í fjármála- og vátryggingastarfsemi, eða 584 þúsund krónur, en lægst í fræðslustarfsemi, 346 þúsund krónur að meðaltali. - óká

**Regluleg meðallaun fullvinnandi fólks**




**Opinn stjórnmálafundur ASÍ á Grand Hótel, fimmtudaginn 11. apríl kl. 19.30**

**ÞJÓÐ Á TÍMAMÓTUM**

Formönnum þeirra flokka sem eiga sæti á þingi og bjóða fram í alþingiskosningunum 2013 er boðið til að ræða:

1. Gengis- og verðlagsmál
2. Atvinnu- og menntamál
3. Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi

**Þátttakendur:**


Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ


Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, fundarstjóri


Þóra Arnórsdóttir, umræðustjórn


Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar


Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins


Björn Valur Gíslason, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs


Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar


Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins

Alþýðusamband Íslands

Fundurinn verður sendur beint út á www.asi.is



**SKORRADAL Á SUNNUDAG** Þúsundir lítra af 90 gráða heitu vatni láku út þegar heitavatnslögn í Skorradal fór í sundur á sunnudag. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði var vatnið að mestu þornað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Niðurskurður ekki bitnað á öryggi hjá OR

Hituveitulagnir OR á Vesturlandi hafa ítrekað farið í sundur og valdið slysahættu. Síðustu tvö ár hefur OR minnkað fjárfestingar í veitukerfi um 6,6 milljarða.

**ÖRYGGISMÁL** Hagræðingaraðgerðir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hafa ekki bitnað á öryggi veitukerfis fyrirtækisins, að sögn Bjarna Bjarnasonar, forstjóra OR.


BJARNI BJARNASON

Fréttablaðið hefur greint frá því að hluti hitaveitulagna OR á Vesturlandi sé í slæmu ástandi. Lagnir hafi reglulega farið í sundur síðustu misseri og skapað hættu fyrir menn og dýr, auk þess að valda gróðurskemmdum.

Lögn á milli Deildartungu og Akraness hefur fjórum sinnum farið í sundur síðustu tvö ár, í eitt skiptið með þeim afleiðingum að hross festist í sjóðheitu dýi og drapst.

OR hefur á síðustu tveimur árum gripið til viðamikilla hagræðingaraðgerða með það fyrir augum að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins sem er mjög skuldsett. Til dæmis hafa fjárfestingar í veitukerfi fyrirtækisins verið lækkaðar um 6,6 milljarða króna miðað við fyrri áætlanir og þá stendur til að lækka þær um 8,4 milljarða til viðbótar til ársins 2016.

Þrátt fyrir þennan niðurskurð segir Bjarni Bjarnason að öryggi veitukerfisins hafi ekki verið fórnað. „Þetta er auðvitað góð og gild spurning. Við höfum skipt öryggismálum í tvennt. Annars vegar er afhendingaröryggi til viðskiptavina; að þeir fái heitt og kalt vatn og rafmagn og að við tökum við úrgangi. Við sjáum ekki að það hafi minnkað neitt þessi ár frá því að við drógum úr fjárfestingum,“ segir Bjarni. „Hins vegar eru það öryggismál; líf og limir og slysahætta. Þar er aldrei hægt að leyfa sér að taka áhættu með of miklum niðurskurði. Við höfum því nálgast það þannig að ef það reynist vera hætta einhvers staðar þá skoðum við það alveg sérstaklega.“

Bjarni segir að sumar lagnir á Vesturlandi séu því miður ekki í góðu ástandi. OR hafi þó verið að taka fyrir verst förnu hluta þeirra en hann ætlar að biðja um að þessi svæði verði skoðuð sérstaklega.

magnusl@frettabladid.is

**ÞEKKIR ÞÚ TIL?**

Þekkir þú dæmi um slæmt ástand hitaveitulagna? Sendu okkur línu á meira@frettabladid.is

**Ertu búinn að kjósa?**

Íbúakosningum um verkefni í hverfum Reykjavíkur lýkur á miðnætti. Notaðu tækifærið og kjóstu í þínu hverfi.

kjosa.betrireykjavik.is

Betri hverfi

DEBENHAMS

Opið til 21:00 í kvöld

# Útsala

## Enn meiri lækkun

# 50-70% AF

miðaverði

**Kauptu** eitt stykki af
Balyis and Harding spa vörum
og þú færð aðra á **50%** afslætti*



Gildir út sunnudag.

*50% afsláttur af ódýrari vörunni

Gerðu lífið skemmtilegra

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS - SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Nýir verjendur mæta með Sigurði og Ólafi

Sigurður Einarsson og Ólafur Ólafsson hafa fundið sér nýja lögmenn og munu óska eftir að þeir verði skipaðir verjendur þeirra í dag. Frestun mun hafa áhrif á um 50 vitni sem höfðu verið boðuð til skýrslugjafar og eru sum komin að utan.

**DÓMSMÁL** Nýir lögmenn munu mæta með Sigurði Einarssyni og Ólafi Ólafssyni í þinghald í Al Thani-máli sérstaks saksóknara í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Skipaðir verjendur þeirra, Gestur Jónsson og Ragnar H. Hall, munu hins vegar ekki láta sjá sig.

Nýju lögmennirnir tveir eru Ólafur Eiríksson og Þórólfur Jónsson frá lögmannsstofunni Logos, og mun verða óskað eftir því við dómarann að Ólafur verði skipaður verjandi Sigurðar Einarssonar og Þórólfur verjandi Ólafs Ólafssonar. Fallist dómari á það mun hann síðan að líkindum fresta aðalmeðferðinni, sem átti að hefjast í dag, til að gefa nýjum verjendum færi á að kynna sér málavexti.



Gestur og Ragnar blésu til blaðamannafundar á mánudag þar sem þeir tilkynntu um þá ákvörðun sína að segja sig frá verjendastörfum í Al Thani-málinu. Þeir sögðust, sannfæringar sinnar vegna, ekki geta tekið þátt í málsmeðferð sem þeir teldu brjóta jafngróflega gegn rétti skjólstæðinga þeirra og raun bæri vitni. Ákvörðunin væri tekin í samráði við Sigurð og Ólaf.

Héraðsdómarinn Pétur Guðgeirsson brást hins vegar fljótur við og hafnaði beiðninni stuttu síðar; Gestur og Ragnar skyldu verja sína skjólstæðinga – annað mundi tefja málið um of.

Það hyggjast tvímenningarnir hins vegar ekki gera. Þeir ætla einfaldlega ekki að mæta, og allt útlit er fyrir að það muni fresta aðalmeðferð málsins um nokkrar vikur hið minnsta, jafnvel fram á haust.

Verði það raunin hefur það margvíslegar afleiðingar. Málið er mun umfangsmeira en þau mál sérstaks saksóknara sem þegar hefur verið réttað í og til stóð að aðalmeðferð þess tæki átta daga. Þrír dómarar höfðu skipulagt störf sín með það í huga langt fram í tímann og stærsti salurinn í Héraðsdómi Reykjavíkur verið tekinn frá undir réttarhöldin.

Þá höfðu um fimmtíu vitni verið boðuð til skýrslugjafar með margra mánaða fyrirvara. Sum þeirra eru þegar komin frá útlöndum til að bera vitni í málinu. Kostnaður vegna þessa fellur á ríkið.

stigur@frettabladid.is

## Hinir verjendurnir halda áfram

Í málinu eru Sigurður Einarsson og Ólafur Ólafsson ákærðir ásamt Hreiðari Má Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í tengslum við meint 26 milljarða sýndarviðskipti katarska sjeiksins Al Thani með hlutabréf í Kaupþingi skömmu fyrir hrun sem bankinn lánaði fyrir að fullu.

Lögmenn Hreiðars og Magnúsar, Hörður Felix Harðarson og Karl Axelsson, ætla áfram að halda uppi vörnum fyrir sína skjólstæðinga.


# FRÁBÆRT ÚRVAL

## Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af notuðum bílum á frábæru verði



Tökum notaðan uppí notaðan! Erum í samningsstuði!

HONDA JAZZ
Nýskr. 05/07, ekinn 87 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr.120169

Glæsilegt eintak kr.
1.290 þús.





Gott úrval af 4x4 bílum

BMW X5
Nýskr. 05/06, ekinn 121 þús. km.
bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 3.990
TILBOÐ kr. 2.990 þús.
Rnr.151206.

HYUNDAI SANTA FE LUX
Nýskr. 08/07, ekinn 81 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.620 þús.
Rnr.151629.





HYUNDAI I30 - Dísel
Nýskr. 09/12, ekinn 8 þús km.
dísel, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.250 þús.
Rnr.120152.

HYUNDAI GETZ
Nýskr. 10/09, ekinn 41 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.750 þús.
Rnr.120134.





Gerðu frábær kaup hjá Bílalandi BL

OPEL ASTRA STATION
Nýskr. 09/05, ekinn 122 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.250 þús.
Rnr.170315.

TOYOTA YARIS
Nýskr. 09/05, ekinn 104 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.090 þús.
Rnr.120161.

bílaland

Klettháls 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is



# Kosningar og atvinnulíf

Opin fundaröð FA – apríl 2013

Félag atvinnurekenda efnir til fundaraðar í tilefni af kosningum til Alþingis í lok apríl. Fjórir fundir verða haldnir þar sem markmiðið er að ná fram skilmerkilegri umræðu um hvern og einn málaflokk. Áhersla er lögð á málaflokka sem tengjast félagsmönnum FA.

Fulltrúar fimm stærstu framboða miðað við skoðanakannanir verða boðaðir á hvern fund, sem verður auglýstur sérstaklega.

I. **Umhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja – föstudagur 12. apríl kl. 8.30 – 10.00**
   - Tryggingagjald, launaskattar og skattkerfið almennt?
   - Samskipti fyrirtækja og hins opinbera – leyfisveitingar og eftirlit?
   - Almennir hvatar til fjárfestinga og uppbyggingar?

II. **Heilbrigðiskerfið og velferðarmál – þriðjudagur 16. apríl kl. 8.30 – 10.00**
   - Stefna í heilbrigðismálum – hvað þarf að bæta?
   - Samskipti ríkis og einkaaðila? Er pláss fyrir meiri einkarekstur? Hvers þarf að gæta?
   - Nýr Landspítali? Nauðsyn eða bruðl?

III. **Sjávarútvegsmál og fiskveiðistjórnun – föstudagur 19. apríl kl. 8.30 – 10.00**
   - Hvaða form á nýtingarrétti hentar best?
   - Hvernig tryggjum við heilbrigða samkeppni í útgerð og vinnslu?
   - Stefna hvað varðar meiri virðisauka íslensks sjávarútvegs?

IV. **Ísland í alþjóðaviðskiptaumhverfi og peningamál – þriðjudagur 23. apríl kl. 8.30 – 10.00**
   - Aðild að Evrópusambandinu? Aðildarviðræður áfram?
   - Upptaka evru, einhliða upptaka annars gjaldmiðils eða krónan áfram?
   - Fríverslun við Kína? Tollar og tollfrelsi?

FÉLAG ATVINNUREKENDA

*Stjórn Félags atvinnurekenda*

# Fjölskyldudagar í DORMA!



## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

STILLANLEG HEILSÚRÚM ÓTRÚLEGT VERÐ

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 2x80x200 | kr. 375.800 |
| 2x90x200 | kr. 399.800 |
| 2x90x210 | kr. 405.800 |
| 2x100x20 | kr. 423.800 |
| 120x200 | kr. 230.900 |
| 140x200 | kr. 257.900 |



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S SHAPE heilsurúm



Gafl seldur sér

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 97.900 |
| 100x200 | 109.900 |
| 120x200 | 121.900 |
| 140x200 | 143.900 |
| 160x200 | 163.900 |
| 180x200 | 181.900 |

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

12 MÁNAÐA AFBORGANIR VAXTALAUST
3,5% lántökugjald

## MADRID tungusófi

ÞÚ SPARAR 90.000 KRÓNUR



Tunga getur verið beggja vegna.

Aðeins kr. 139.900
Fullt verð 229.900

Stærð 280 x 150/90 cm
Slitsterkt áklæði 3 litir svart, beige og grátt

## SIESTA svefnsófi



Siesta svefnsófi stærð dýnu 147x197 cm

KOMINN AFTUR Í DORMA

Stærð 192 x 85 cm
Slitsterkt svart áklæði

Aðeins kr. 135.900

VINSÆLIR GOTT VERÐ SÓFAR

## FLORIDA hornsófi með tungu



KOMINN AFTUR Í DORMA

Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt
Einnig til hornsófi með tungu XL.

Aðeins kr. 195.900

## RIVER svefnsófi með tungu



NÝ DORMA-VARA

Pokagormar
Rúmfatageymsla

Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.

Aðeins kr. 159.990

OPIÐ Holtagörðum
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-16

DORMA – býður góða nótt

Pöntunarsími ☎ 512 6800
www.dorma.is

## KENNITALAN ÞÍN ER STÆRÐFRÆÐIFORMÚLA

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 0 | 1 | 6 | 0 | 3 | 3 |
| x | x | x | x | x | x | x | x |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| **3** | **4** | **0** | **6** | **30** | **0** | **9** | **6** |

Á Íslandi byggist kennitalan upp á fæðingardegi og ári sem eru fyrstu sex tölustafirnir en síðustu fjórir eru hlutlaus auðkenni að öðru leyti en því að síðasta talan táknar þá öld sem viðkomandi er fæddur á. Ef viðkomandi fær nýja kennitölu breytast einungis þrír stafir í aftari hluta talnarununnar, enda verður að halda eiginlegum fæðingardegi og öld.

Á Vísindavefnum er tekið dæmi um mann sem fæðist 12. janúar 1960. Sex fyrstu stafirnir tákna fæðingardag og ár og sá síðasti öldina. Sjöundi og áttundi eru raðtala án merkingar, sem er úthlutað frá 20 og upp úr, til dæmis 33. Níunda talan er svokölluð vartala, eða öryggistala, sem má vera á bilinu 0 til 9. Hún er fundin út með því að margfalda hverja tölu með ákveðinni annarri tölu eins og sýnt er í töflunni hér til hliðar. Niðurstöðutölurnar eru síðan lagðar saman og í sýnidæminu er útkoman 58. Deilt er í summuna með 11. Hér er útkoman 5, en þá vantar 3 til að dæmið gangi upp. Sú tala er dregin frá 11 og út fæst 8. Vartalan er því 8 og kennitalan 120160-3389.

**Tónskáldasjóður Rásar 2**

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **30.apríl 2013** merktar

**„Tónskáldasjóður Rásar 2“**
**Laufásvegi 40, 101 Reykjavík**

Umsóknareyðublöð má fá á heimasíðum FTT og STEFs

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA

# Gloppa í Þjóðskrá varðandi kennitölur

Kennitölum hér á landi er aðeins breytt ef sótt er um nafnbreytingu vegna kynleiðréttingar. Engin heildarlöggjöf er til um kennitölur. Þeir sem fara í kynleiðréttingu segja nýja kennitölu valda miklu flækjustigi innan kerfisins.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is

Engin heildarlöggjöf er til um kennitölur á Íslandi. Vissulega eru til ákvæði um útgáfu kennitalna, enda eru þær orðnar helsta og mikilvægasta auðkenni Íslendinga í dag. Þegar lög um Þjóðskrá voru sett árið 1952 voru kennitölur ekki til, heldur var einungis stuðst við nafnnúmer, en með þeim var ekki gerð nein breyting á lögum.

### Gagnrýndu lagabreytinguna

Almennt séð eiga Íslendingar að hafa sömu kennitöluna allt sitt líf. Ein undantekning er þó þar á og hún er sú þegar einstaklingur ákveður að fara í kynleiðréttingu. Samkvæmt lögum um réttindi fólks með kynáttunarvanda hafa þeir einstaklingar heimild til að sækja um nafnbreytingu og þar með nýja kennitölu til Þjóðskrár. Rökin eru þau að með því sé verið að veita fólkinu nýtt upphaf.

Málið er þó ekki eins einfalt og það hljómar í fyrstu.

Fram kemur í umsögn Þjóðskrár Íslands, vegna frumvarps til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, að ef einstaklingur fær úthlutað nýrri kennitölu eigi hann á hættu að glata ýmsum réttindum sem eru tengd við þá fyrri. Ný kennitala yrði til í Þjóðskrá en sú gamla færist yfir á „horfinnaskrá“ og verður þannig óvirk.



**FLÓKIÐ KERFI** Fái einstaklingur nýja kennitölu hjá þjóðskrá vegna kynleiðréttingar getur skapast sú hætt að hann missi gömul fríðindi sem tilheyrðu gömlu kennitölunni. Í sumum tilvikum er viðkomandi úrskurðaður látinn innan kerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Öll gömul fríðindi fyrnast

Þetta þýðir að öll fríðindi sem fylgdu gömlu kennitölunni fyrnast, til dæmis hjá tryggingafélögum, þar sem ekki verður hægt að finna tengsl á milli nýju kennitölunnar og þeirrar gömlu. Að sama skapi munu lífeyrissjóðir ekki getað fundið umrædd tengsl. Þá gæti reynst ómögulegt að nálgast gamlar einkunnir úr framhalds- eða háskóla, jafnvel þótt gömlu kennitölunni sé framvísað þar sem hún mun ekki finnast á skrá, vegna þess að einungis örfáir aðilar munu hafa aðgang að breytingasögunni og eru skólar ekki þar á meðal.

„Þjóðskrá Íslands telur það ekki þróun í rétta átt að heimila breytingar á einkvæmu auðkenni borgaranna þegar það er ekki nauðsynlegt vegna rangra gagna við upprunalega skráningu eða vegna mistaka. Með því er átt við að kennitalan hér á landi er ekki kyngreinanleg og við úthlutun nýrrar kennitölu í þeim tilvikum sem hér um ræðir myndu einungis 3 tölustafir af 10 breytast enda er ekki gert ráð fyrir að einstaklingur fái nýjan fæðingardag eða fæðingarár við úthlutun nýrrar kennitölu vegna kynleiðréttingar.“

Þegar gefin eru út fæðingarvottorð fyrir einstaklinga sem hafa leiðrétt kyn sitt í Þjóðskrá þá koma upplýsingar um fyrra nafn og fyrra kyn í neðanmálsgrein á fæðingarvottorðinu en stofnunin telur sér ekki heimilt að breyta upprunaupplýsingum úr fæðingarskýrslu.

> **„Við leiðréttingu á kyni og nafnbreytingu í Þjóðskrá er heimilt að úthluta umsækjanda nýrri kennitölu hjá Þjóðskrá Íslands.**
>
> *Úr lögum um réttarstöðu fólks með kynáttunarvanda*

### Siðmennt var líka á móti

Fram kemur í umsögn Siðmenntar um málið að fái einstaklingur nýja kennitölu sé hætta á því að það myndist listi yfir það fólk sem hafi farið í kynleiðréttingu.

Kalli einhver fram lista yfir einstaklinga sem fengið hafa nýjar kennitölur er viðkomandi kominn með lista yfir þá sem hafa farið í kynleiðréttandi aðgerð. Listinn myndi eingöngu ná yfir einstaklinga sem óskuðu eftir nýrri kennitölu vegna þessa, þar sem engum öðrum býðst þessi kostur.

Siðmennt lagði til að heimildin til að fá nýja kennitölu færi ekki í lögin, sem þó kom á daginn að hún gerði.

### Varð engu að síður að lögum

Frumvarpið varð að lögum síðasta sumar og voru ekki gerðar neinar breytingar á ákvæðinu um útgáfu nýrrar kennitölu, þrátt fyrir umsagnir Þjóðskrár og Siðmenntar.

„Við leiðréttingu á kyni og nafnbreytingu í Þjóðskrá er heimilt að úthluta umsækjanda nýrri kennitölu hjá Þjóðskrá Íslands. Óski hann nýrrar kennitölu skal fyrri kennitala vera aðgengileg þeim stjórnvöldum og öðrum aðilum sem starfs síns vegna þurfa að vita um tengsl nýju og eldri kennitölunnar,“ segir í 8. grein laganna.

## „VILL FREKAR FÁ UPP GAMLA NAFNIÐ HELDUR EN ÚRSKURÐ UM AÐ ÉG SÉ DÁIN“

Ugla Stefanía Jónsdóttir kláraði sitt kynleiðréttingarferli síðasta sumar, á svipuðum tíma og lögin gengu í gegn á Alþingi. Hún ákvað þó að sækja ekki um nýja kennitölu hjá Þjóðskrá, þar sem hún hafði horft upp á vinkonu sína, sem einnig gekkst undir kynleiðréttingu, ganga í gegnum flókið ferli vegna kennitalnanna tveggja hjá hinum ýmsu stofnunum.



„Hún fór til dæmis í bankann og ætlaði að færa peninga yfir á nýju kennitöluna sína, en þá sagði kerfið einfaldlega að hún væri látin. Það koma upp ýmis svoleiðis vandamál innan kerfisins svo ég ákvað bara að halda minni gömlu,“ segir Ugla. „Það er að mínu mati mun skárra að fá stundum upp gamla nafnið sitt heldur en að einhver segi mér að ég sé dáin.“

Ugla segist hafa íhugað að fara fram á nýja kennitölu ef vandkvæðin væru ekki svona mikil.

Fréttablaðið ræddi við fleiri einstaklinga sem höfðu fengið kyn sitt leiðrétt og sögðu allir sömu söguna; að þetta væri verulega flókið innan kerfisins. Rétt eins og Ugla bendir á er ekkert sem segir til um að nauðsynlegt sé að sækja um nýja kennitölu fái maður nýtt kyn, enda eru númerin ekki kyngreinanleg líkt og tíðkast víða í nágrannalöndum okkar.






# SHISEIDO DAGAR Í HAGKAUP 11.-17. APRÍL

í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum, Njarðvík og á Selfossi

## 20% AFSLÁTTUR AF BIO-PERFORMANCE KREMUM

### NÝTT FRÁ SHISEIDO:

Bio-Performance rakakrem sem lyftir og þéttir.
BB krem sem jafnar litarhátt húðarinnar.
Super Slimming Reducer, grennir og styrkir.
Varalitir, augnskuggar og kinnalitir.
Glæsilegur ZEN sumarilmur fyrir dömur og herra.

Shiseido sérfræðingur veitir ráðgjöf og förðun.



Glæsilegur kaupauki þegar keyptar eru 2 Shiseido vörur*

*gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

netto
Kræsingar & kostakjör

# KINDAKJÖT Í ÚRVALI!



40% AFSLÁTTUR

**KINDAHAKK**
**898**
ÁÐUR 1.496 KR/KG



**KINDAGÚLLAS**
LÉTTREYKTUR
~~ÁÐUR 2.139~~
NÚ 1.690

**KINDASNITSEL**
Í RASPI
~~ÁÐUR 2.149~~
NÚ 1.289

**KINDAFILLE**
Á SPJÓTI
~~ÁÐUR 4.285~~
NÚ 3.599



**KRYDDAÐ KINDAFILLE**
**3.455**
ÁÐUR 4.265 KR/KG




**VÍKINGASTEIK HROSSAFILLE**
**1.598**
ÁÐUR 1.795 KR/KG



**KJÚKLINGABRINGUR**
**1.894**
ÁÐUR 2.398 KR/KG

**NAUTAÞYNNUR**



**779**
ÁÐUR 1.198 KR/KG

35% AFSLÁTTUR




**PETER LARSEN**
KAFFI, 500 GR

25% AFSLÁTTUR

**599**
ÁÐUR 799 KR/STK



FERSKUR ANANAS

**165**

ÁÐUR 329 KR/KG

50% AFSLÁTTUR



MANGÓ

**248**

ÁÐUR 495 KR/KG

50% AFSLÁTTUR




FINISH P/BALL
CLASSIC 90STK

**2.349**




DAZ ÞVOTTAEFNI 2,58KG

**1.498**



RELENTLESS
ORKUDRYKKIR 500ML

**199**

ÁÐUR 249 KR/STK

20% AFSLÁTTUR

CADBURY OREO BAR
120 GR

**249**




LYONS SMÁKÖKUR
400 GR. TWIN PACK

**248**

ÁÐUR 495 KR/STK




**Tilboðin gilda 11. - 14. apríl**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

2013 STÓRU KOSNINGAMÁLIN – SKULDAMÁL HEIMILANNA

# Allir með ráð við skuldavandanum

Þeir sex flokkar sem líklegir eru til að ná mönnum á þing eru með misjafnar leiðir til að takast á við skuldavanda heimilanna. Allir flokkarnir víkja að þessum málaflokki í stefnuskrám á vefjum sínum. Útfærslurnar eru ólíkar og sumar útfærðar mun ýtarlegar en aðrar.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is
**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Það málefni sem fengið hefur hvað mesta athygli það sem af er kosningabaráttunni er skuldavandi heimilanna. Áherslur flokkanna í þessum málaflokki eru mismunandi, en allir setja fram einhverjar hugmyndir til að taka á honum í stefnuskrá sinni.

Ákveðinn samhljóm má finna í stefnuskrám sumra flokka um markmiðin, þótt stundum séu leiðirnar að þeim markmiðum mismunandi. Sumir flokkanna útfæra raunar leiðirnar lítið eða ekki í stefnuskrám sínum fyrir komandi kosningar.

Björt framtíð sker sig nokkuð úr. Lítið er fjallað um skuldavanda heimilanna í stefnumálum á vef flokksins. Að uppistöðunni til er talað um að flokkurinn vilji „skoða allar hugmyndir“ til að grípa til aðgerða vegna lánavanda heimilanna þar til stöðugri gjaldmiðill bjóðist. Nefnd eru nokkur dæmi um hugmyndir en hvorki er tekin frekari afstaða til þeirra eða þau útfærð á nokkurn hátt.

Hjá hinum flokkunum fimm sem líklegir eru til að ná mönnum á þing samkvæmt síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 má finna nokkur atriði sem fjallað er um og tengjast skuldavandanum. Bæði er þar fjallað um beinar aðgerðir til að bregðast við vandanum, til dæmis með niðurfellingum skulda, og leiðir til að breyta húsnæðiskerfinu, til dæmis með breytingu á verðtryggingu.

Framsóknarflokkurinn virðist ganga lengst þegar kemur að loforðum um að leiðrétta húsnæðislán. Sjálfstæðisflokkurinn vill einnig leiðréttingu, en með því að nota skattkerfið.

Samfylkingin vill einnig nota skattkerfið til að leiðrétta „ósanngjarnar byrðar“, og talar einnig fyrir því að bankarnir fjármagni „sanngjarna lækkun“ á lánum skuldara sem keyptu rétt fyrir hrun.

Vinstri græn eru ekki með neinar niðurfellingar í sinni stefnuskrá. Þar er þó mörkuð sú stefna að fólk með mikið veðsettar íbúðir geti flutt þær í samvinnufélög eða leigufélög gegn búseturétti. Píratar vilja að þeir sem telja sig eiga rétt á leiðréttingu á lánum geti farið með mál sín í gegnum dómskerfið, óháð efnahag. Þá vilja þeir koma í veg fyrir að venjulegt fólk verði gert gjaldþrota vegna skulda sem tengjast bankahruninu.

Þrír flokkar, Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Píratar, eru með það í sínum stefnuskrám að sett verði svokölluð „lyklalög“. Orðalagið er mismunandi hjá þeim en hugmyndin er að skuldari sem ekki stendur undir afborgunum á húsnæði sínu geti skilað lánastofnun lyklunum og losnað þar með undan skuldum sínum vegna húsnæðisins.

Fréttablaðið mun fram að kosningum halda áfram að fjalla um stefnumál flokkanna. Á morgun verður rýnt í stefnu þeirra í heilbrigðismálum.

## xA VILJA „SKOÐA ALLAR HUGMYNDIR“

- Lækka þarf verðbólgu varanlega. Þar skiptir stöðugur gjaldmiðill meginmáli ásamt auknum útflutningstekjum og aðhaldi í ríkisfjármálum.
- Björt framtíð vill „skoða allar hugmyndir“ til að grípa til aðgerða vegna lánavanda heimila þar til stöðugri gjaldmiðill býðst.
- Dæmi um slíkar hugmyndir er að setja þak á verðbætur verðtryggðra lána, hluti inngreiðslna í lífeyrissjóði geti farið í afborganir af húsnæðislánum, og að stimpilgjöld verði afnumin. Einnig að 110 prósenta leiðin gildi líka fyrir lánsveð, að forsendur fyrir útreikningi vísitölunnar séu endurskoðaðar og að koma á fjölbreyttum leigumarkaði.

## xB VILJA LEIÐRÉTTA „STÖKKBREYTT“ HÚSNÆÐISLÁN

- „Stökkbreytt“ verðtryggð húsnæðislán verði leiðrétt.
- Áhættu af húsnæðislánum verði skipt jafnt milli lánveitanda og lántakanda.
- Sett verði „lyklalög“ sem leyfa fólki að skila lyklunum að húsnæði og sleppa þannig undan lánum sem á því hvíla.
- Verðtrygging á nýjum neytendalánum verði afnumin. Um leið verði að tryggja hagsmuni neytenda gagnvart of miklum sveiflum á vöxtum óverðtryggðra lána.
- Gera þarf breytingar á húsnæðismarkaðnum og búa til sambærilegt húsnæðislánakerfi og í nágrannalöndunum.

## xD SKULDURUM ÍVILNAÐ MEÐ SKATTKERFIÐ

- Veita þarf skattaafslætti og nýta skattfrjálsan séreignarsparnað til að ná fram því sem jafngildir 20 prósentum lægri höfuðstól meðal íbúðaláns á næstu árum.
- Þeir sem greiða af húsnæðislánum fái skattaafslátt sem verði notaður til að greiða niður höfuðstól lánanna.
- Verðtrygging verði ekki almenn regla heldur geti lántakendur valið á milli óverðtryggðra og verðtryggðra lána. Lántakendur eigi kost á sambærilegum óverðtryggðum lánum og tíðkast hjá nágrannaþjóðunum. Stuðlað verður að efnahagskerfi þar sem verðtryggingin verður óþörf.
- Lántakandi geti skilað lyklunum að húsnæði sínu og losnað þannig undan skuldum sínum án þess að fara í gjaldþrot sjái hann sér engan veginn fært að standa undir rekstri húsnæðisins.
- Komið verði á skattalegum hvötum til að spara. Með því má auðvelda fyrstu íbúðakaup.
- Stimpilgjöld verði afnumin.




**Útlán fjármálafyrirtækja til heimila**

| 31. des 2008 | 31. des 2012 |
|---|---|
| 1.478.449 milljónir | 1.587.658 milljónir |

**1.200 milljarðar**
**LIGGJA Í VERÐTRYGGÐUM HÚSNÆÐISLÁNUM**

**4.661** umsókn um greiðsluaðlögun hefur borist Umboðsmanni skuldara.

**1.058 milljarðar** eru heildarútlán Íbúðalánasjóðs.

**9,2%** heimila eru með lán sín í vanskilum.

**7,6** milljarðar eru heildarfjárhæð vanskila hjá sjóðnum.

## xS VEXTIR LÆKKI MEÐ UPPTÖKU EVRU

- Bjóða þarf upp á bæði verðtryggð og óverðtryggð húsnæðislán. Einnig millileiðir eins og verðtryggð lán með verðbótaþaki.
- Með upptöku evru „í fyllingu tímans“ muni vextir lækka og verðtryggingin hverfa.
- Bankarnir fjármagni „sanngjarna lækkun“ skulda hjá þeim sem keyptu á versta tíma fyrir hrun.
- Skattkerfið verði notað til að leiðrétta „ósanngjarnar byrðar“ þeirra sem keyptu húsnæði rétt fyrir hrun.
- Tekið verði upp nýtt húsnæðiskerfi að norrænni fyrirmynd sem dregur úr áhættu lántakenda. Byggður verði upp öruggur leigumarkaður og boðið upp á búseturéttaríbúðir.
- Nýjar húsnæðisbætur verði innleiddar fyrir þá sem kaupa jafnt sem þá sem leigja.
- Stimpilgjöld og uppgreiðslugjöld verði afnumin.
- Lántakendum bjóðist sambærilegir valkostir og öryggi í húsnæðismálum og á hinum Norðurlöndunum, til dæmis með fjölbreyttu framboði á eignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum.

## xV NÝ VÍSITALA SKIPTI ÁHÆTTUNNI BETUR

- Fólki með mikið veðsettar íbúðir geti flutt þær yfir í íbúasamvinnufélög eða fasteignaleigufélög gegn búseturétti.
- Verðtryggð lán miðist við nýja húsnæðisvísitölu þar sem áhættunni sé dreift milli lántakanda og lánveitanda.
- Húsnæðisbótakerfinu verði breytt og tekin upp „húsnæðisframlög“ í stað vaxta- og húsaleigubóta. Framlögin taki mið af stærð fjölskyldu, húsnæðis og efnahags.
- Stuðla á að einföldu húsnæðiskerfi þar sem nægt framboð er af húsnæði til leigu og kaups. Hlutfall leiguhúsnæðis verði aukið og horft verði til íbúasamvinnufélaga.
- Löggjöf um húsnæðismál verði endurskoðuð svo hún snúist ekki eingöngu um lán á „alltof háum“ verðtryggðum vöxtum.

## xÞ LYKLALÖG LEIÐRÉTTI FORSENDUBREST HRATT

- „Lyklalög“ geri lántakendum kleift að gera upp húsnæðislán með því að afsala sér fasteigninni til lántakandans. Það geti þeir lántakendur nýtt sem vilja fá forsendubrest hrunsins leiðréttan hratt.
- Lántakendur sem vilja fá lán sín lækkuð geti farið í mál til að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum óháð efnahag.
- „Venjulegt fólk“ verði ekki gert gjaldþrota vegna bankahruns sem lánveitandi þess orsakaði.

## Hvar ná flokkarnir saman?

**DREGIÐ ÚR VÆGI VERÐTRYGGINGAR**




**11,5%** heimila áttu erfitt með að ná endum saman 2012

**LYKLALÖG**



**10%** heimila voru í vanskilum með húsnæðislán eða leigu 2012

**BREYTING Á HÚSNÆÐISLÁNAKERFI**



**10,4%** heimila voru í vanskilum með önnur lán 2012


SUMARLEGT
LUKTIR FRÁ 1.490
SÓFI 34.900
STÓLL 25.900
GARÐHÚSGÖGN
FRÁ 5.990
GARÐSTYTTUR
AÐEINS ÖRFÁ EINTÖK EFTIR
LITLI HAAG
295 CM
149.900
ÁÐUR 189.900
STÓRI HAAG
330 CM 199.900
MIKIÐ ÚRVAL
LAMPAR FRÁ 6.990
PAPASAN KOMINN AFTUR
MAMASAN
PAPASAN
MYNDIR FRÁ 990
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Fíton/SÍA

# Minnum á aðalfund VR

sem verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík,
miðvikudaginn 17. apríl nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá
Venjuleg aðalfundarstörf
Innborgun í VR varasjóð
Lagabreytingar

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR



**HJÁLMAR MÁTAÐIR** Reiðhjólahjálmar gera lítið gagn sitji þeir ekki rétt á höfðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hjálmur verður að sitja rétt

**Öryggið verður lítið ef reiðhjólahjálmurinn er ekki rétt stilltur og situr ekki rétt á höfðinu. Líftími hjálma er fimm ár. Nauðsyn á betri þjónustu í verslunum.**

Til þess að reiðhjólahjálmur geri sitt gagn þarf hann að vera rétt stilltur og sitja rétt á höfðinu. Öryggið verður lítið sé þessara atriða ekki gætt.

„Af öllum tegundum hjálma er einna flóknast að stilla reiðhjólahjálma og setja þá á sig. Reiðhjólahjálmur er ekki svo djúpur þannig að það skiptir öllu máli að hann sitji rétt,“ segir Herdís Storgaard, starfsmaður hjá Landlæknisembættinu.

„Maður sér oft fólk með reiðhjólahjálm rúllandi aftan á höfðinu. Það er ekki skrýtið að manneskja höfuðkúpubrotni eða að það blæði inn á heilann við fall ef hjálmurinn situr ekki rétt.“

Herdís segir vanta betri þjónustu í verslunum við kaup á reiðhjólahjálmum. „Það þarf í raun að mæla á manni höfuðið. Málbandið á að vera rétt fyrir ofan augabrúnir þegar ummálið er mælt til þess að vita hvaða stærð eigi að kaupa.“

Líftími hjálms er um það bil fimm ár frá því að hann er keyptur. Ef hjálmur skemmist þarf að kaupa nýjan. Ekki má líma límmiða á hjálm eða skrifa með tússpenna á hann því að slíkt getur eyðilagt virkni hans.

„Það má ekki vera með spennu í hárinu eða tagl undir hjálminum og heldur ekki laus höfuðföt eins og húfu. Það má einungis nota buff eða lambhúshettu sem fellur þétt að höfðinu undir hjálminum. Húfa er ekki skorðuð á höfðinu og getur færst til og hjálmurinn þá líka.“

Herdís segir það jákvæða þróun hversu margir fullorðnir eru farnir að nota hjálm við hjólreiðar. „Foreldrar kvarta hins vegar yfir því að börn hætti að nota hjálm þegar þau komast á fermingaraldur og þá einkum stelpur.“

Upplýsingar um slysavarnir barna má finna á vef Miðstöðvar slysavarna barna, msb.is.

## Að stilla reiðhjólahjálminn

- Setja þarf hjálminn beint niður á höfuðið þegar hann er stilltur.
- Bandið undir hökunni á að falla það þétt að að einungis sé hægt að koma einum fingri á milli.
- Hjálmurinn má ekki færast til nema um nokkra millimetra þegar prófað er hvort hann sitji ekki örugglega þétt að höfðinu.

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI




NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ **AEG** SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

Nýju ofnarnir frá AEG búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni.
Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú ***30% stærra*** en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.

BE3003001-M


Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE5303071-M


Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE7314401-M


Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum.
Íslensk notendahandbók.

BP9304151-M


Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi.
Íslensk notendahandbók.

***Nú er tækifærið til að endurnýja:***

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AEG**
**OFNUM OG HELLUBORÐUM Í TAKMARKAÐAN TÍMA.**
Nýjar ofnalínur, 30% stærra innra rými en áður, alls 74 lítrar, sömu utanmál.
Allt fjölkerfa blástursofnar með ýmsum valkostum í útfærslum.
Íslensk notendahandbók. Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða.*

* 3.5% LÁNTÖKUGJALD

**AÐ ELDA MEÐ AEG**
Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

**FULLKOMIN HÖNNUN**
AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

**AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM**
Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.




OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18
OG LAUGARDAGA FRÁ 11-15
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

RANNSÓKN

## Fíkniefni í fæðubótarefni

Efni sem líkjast amfetamíni og hafa líklega sömu áhrif eru í bandaríska fæðubótarefninu Craze frá Driven Sports. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sænsku lögreglunnar, sem gerð var fyrir sænska ríkissjónvarpið. Alþjóðalyfjaeftirlitið flokkar eitt af virku efnunum í Craze sem fíkniefni þar sem það er svo líkt metamfetamíni, að því er segir í frétt á vef Aftenposten.

Samkvæmt upplýsingum sænsku eiturefnamiðstöðvarinnar hefur efnið sömu áhrif og fíkniefni og veldur meðal annars ofvirkni, vöðvakippum og hjartsláttartruflunum.

Í tölvupósti Driven Sports til sænska ríkissjónvarpsins segir að Craze innihaldi ekki meint efni. Eftirlíking á fæðubótarefninu hljóti að hafa verið rannsökuð.

MATVÆLI

## 120 milljóna sekt vegna saftarsvindls

Fyrirtækið Sunprojuice í Danmörku hefur verið dæmt til að greiða jafngildi rúmlega 120 milljóna íslenskra króna í sekt vegna þess að innihaldið í saft fyrirtækisins var ekki í samræmi við merkingar á umbúðum. Í fjölda tilfella hafði eplum verið blandað saman við sólberja- og hindberjaþykknið og aðrar vörur. Dómurinn var kveðinn upp vegna svindls sem átti sér stað á árunum 2004 til 2008.

Fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins hlaut fjögurra mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. Auk þess var lagt hald á um jafngildi 100 milljóna íslenskra króna hjá fyrirtækinu. Það hafði þegar endurgreitt nokkrum viðskiptavinum jafngildi 20 milljóna íslenskra króna. Ákæran tók til nær eitt þúsund tonna af ávaxtaþykkni sem selt var í Danmörku og öðrum löndum.



**SÓLBER** Saftin var ekki í samræmi við merkingar á umbúðum.

# Mikið úrval hágæða flísa

## Á MÚRBÚÐARVERÐI



Lon-River 60x60 cm **2.990** pr.m²



Lon-Italia grágræn 60x60 cm **3.490** pr.m²



Rose 60x60 cm **2.990** pr.m²
Rose 30x30 cm 3.290 pr m²



Yek-Venice 45x45 cm **2.390** pr.m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



## Náttúrusteins mósaik

**NÝ SENDING**
**MIKIÐ ÚRVAL**



Steinskífa/náttúrusteinn 30x60x1 cm **4.590** pr.m²




| Rakaþéttikvoða 7 kg | Murexin fúga **8 kg** | Flísalím Profiflex 25 kg |
|---|---|---|
| **5.890** | **2.590** | **3.295** |

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

PANTAÐU RÁÐGJÖF VIÐ
GARÐAHÖNNUN

Í SUMAR MUN BJÖRN JÓHANNSSON VEITA VIÐSKIPTAVINUM BYKO RÁÐGJÖF VEGNA FRAMKVÆMDA Í GARÐINUM

TILLÖGUR UNNAR Í ÞRÍVÍDD






Hálftíma ráðgjöf kostar **5.900** kr.
Sú upphæð nýtist sem inneign þegar keypt er pallaefni í garðinn í BYKO.

PANTAÐU RÁÐGJÖF
Skráning á netfangið gudrunhalla@byko.is
og í síma **5154144**
kl. 10-16 virka daga.

**Björn Jóhannsson**
landslagsarkitekt.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Samgöngusamningar fækka fjarvistum starfsfólks:

# Margir flokka ruslið

**UMHVERFISMÁL** Samgöngusamningur ÁTVR við starfsmenn hefur leitt til 60 milljóna króna minni kostnaðar á ársgrundvelli, að mati Sigurpáls Ingibergssonar, gæðastjóra rekstrarsviðs ÁTVR. Þetta kom fram á fundi um „grænan opinberan rekstur“ í gærmorgun.

Á fundinum kom fram að 15 prósent opinberra fyrirtækja hafi gert samgöngusamning við starfsmenn sína. Kostnaðarsamdrátturinn sem Sigurpáll vísar til hjá ÁTVR er komin til af því að í kjölfar slíks samnings hafa fjarvistir starfsfólks minnkað verulega.

Á fundinum kynnti umhverfis- og auðlindaráðherra nýja stefnu um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur. Þá voru kynntar niðurstöður nýrrar könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana um hversu vistvænar stofnanirnar eru í rekstri, en í gögnum þar að lútandi kom fram að 80 prósent þeirra flokka og skila úrgangi og 40 prósent hafa sett sér umhverfisstefnu.



Fundurinn var á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ. **- óká**



**KYNNING** Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, fylgist með Katrínu Júlíusdóttur, fjármála- og efnahagsráðherra, kynna nýjung í birtingu opinberra fjárhagsupplýsinga. Lengst til vinstri er Finnur Pálmi Magnússon, formaður starfshóps um opin gögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Upplýsingar handa öllum

Á vefinn gogn.island.is eru komnar fyrstu fjárhagsupplýsingarnar úr stjórnsýslunni. Fyrstu skrefin, segir Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra. Mikilvægt sé að auka aðgengi fólks að upplýsingum.

**STJÓRNSÝSLA** „Málið sem hér er á ferðinni er gríðarlega stórt, þótt það láti kannski ekki mikið yfir sér,“ segir Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra. Hún, ásamt Finni Pálma Magnússyni, formanni starfshóps um opin gögn og birtingu fjárhagsupplýsinga ríkisins, kynnti í gær á blaðamannafundi fyrstu skrefin í átt að því að gera upplýsingar úr bókhaldi ríkisins aðgengilegar almenningi.

Tekin hefur verði ákvörðun um að gögn frá Fjársýslu ríkisins sem fram til þess hafa komið fyrir sjónir fárra verði hér eftir birt og uppfærð á nýju vefsvæði sem nota á til framtíðar fyrir opin gögn hins opinbera, gogn.island.is.

Katrín segir markmið verkefnisins að stuðla að greiðum aðgangi almennings að fjárhagsupplýsingum ríkisins. „Gegnsæi er lykilatriði í þessari vinnu og samfara því aukið aðhald og traust í samfélaginu,“ segir hún. Málið sé eitt af hennar uppáhaldsviðfangsefnum í ráðuneytinu. „Mér finnst þessar upplýsingar þess eðlis að þær eigi að vera öllum aðgengilegar, þannig að fjölmiðlar og aðrir sem oft hafa hringt í ráðuneyti í leit að upplýsingum um einstaka liði fjárlaga eða í rekstri hins opinbera geti séð þetta sjálfir og sett fram á þann máta sem þeir telja bestan.“

Gögnin sem nú hafa verið birt varða árshluta- og mánaðaruppgjör ríkissjóðs og eru ítarlegri og aðgengilegri en hingað til. Þær geta nýst almenningi, fyrirtækjum í upplýsingatækni og fjölmiðlum.




**NÝI VEFURINN** Á vefnum gogn.island.is verða aðgengilegar margvíslegar tölfræðiupplýsingar úr rekstri hins opinbera.

Í gær var um leið birt skýrsla starfshóps forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, sem unnið hefur að því undanfarna mánuði að birta með aðgengilegum hætti fjárhagsupplýsingar ríkisins. Í skýrslu starfshópsins eru meðal annars lögð til næstu skref í birtingu fjárhagsupplýsinga og kynntir leyfisskilmálar fyrir gögnin sem eru að breskri fyrirmynd. Samkvæmt skilmálunum má hver sem er nota gögnin eins og honum sýnist.

Katrín segir að í framhaldinu bætist við gögnin á vefnum, bæði frá öðrum stofnunum ríkisins og eins frá sveitarfélögum. Hún ætli að leggja sig fram um að tryggja að verkefnið haldi áfram eftir kosningar og því kunni að vera ráðlegt að láta starfshópinn starfa áfram inn í næsta kjörtímabil. **olikr@frettabladid.is**

# VORTILBOÐ **HEILSUHÚSSINS!**

## HREINSANDI VORTILBOÐ SEM GILDA FRÁ 3. – 14. APRÍL




### Slökun
Mest selda bætiefnið í Heilsuhúsinu, nú loksins á tilboði. Hefur reynst Íslendinum frábærlega til að takast á við streitu og hefur góð hreinsandi áhrif á meltinguna.




### Episilk
Vinsælu náttúrulegu húðdroparnir. Nærandi og einstaklega áhrifaríkt andiltsserum án allra aukaefna.




### Epsom
Hreinsandi og endurnærandi baðsalt. Náttúrulegt magnesíum-súlfat, gott við streitu, þreytu og stífum vöðvum.




### Triphala olía
Triphala líkamsolía. Bestu áhrifin fást eftir þurrburstun líkamans.




### Triphala
Triphala hjálpar meltingunni og lifrinni við úthreinsun, afar hreinsandi bætiefni.




### Derma
Frábærar lífrænt vottaðar og ilmefnalausar húð- og hárvörur fyrir alla!




### Biotta heilsuvika
Sjö dagar í hreinsun með Biotta lífrænum söfum. Inniheldur hollustu og heilnæma næringu fyrir eina viku.

*náttúrulega*
**heilsuhúsið**

*Laugavegi, s: 552 2966 // Kringlunni, s: 568 9266 // Lágmúla, s: 578 0300 // Hafnargötu, Reykjanesbæ, s: 578 5560 // Austurvegi, Selfossi, s: 482 3915 // Glerártorgi, Akureyri, s: 462 1889*

Launamunur kynjanna er ekkert í rénun:

# 123.000 á mánuði

Alls 123 þúsund krónum munaði á heildarmánaðarlaunum karla og kvenna hér á landi í fyrra samkvæmt launarannsókn Hagstofunnar sem birt var í gær. Ekki kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar hverju þetta sætir en hefðbundna skýringin er sú að karlar vinni frekar eftirvinnu, sækist frekar eftir ábyrgðarstöðum sem gefa meira í vasann og að konur séu fjölmennari í láglaunastéttum. Þessa skýringu þylur hver upp eftir öðrum eins og óumbreytanlegt guðspjall og enginn verulegur áhugi virðist vera á því að grafast fyrir um rætur vandans og hólfa nákvæmlega niður hvar hann liggur, hvað þá bæta úr honum.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Launajafnrétti hefur verið yfirlýst stefna Evrópuríkja, og þar á meðal Íslands, síðan árið 1957 þegar reglan um sömu laun fyrir sömu vinnu varð hluti af Rómarsáttmálanum. Í rannsókn Hagstofunnar virðist ekki hafa verið lögð áhersla á að skoða sérstaklega hvort sú regla er brotin, eða yfir höfuð hvað valdi þessum mun í raun. Hann skýrist ekki alfarið af yfirvinnu og hálaunastörfum karla eins og sést á því að regluleg laun kvenna, án yfirvinnu, eru 69.000 krónum lægri en karla. Eigum við ekki heimtingu á að fá að vita hvers vegna?

Umræðan um jafnrétti kynjanna snýst um að setja í lög jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórnum fyrirtækja, fjölga konum í framlínu stjórnmálanna og telja kynfæri þátttakenda í umræðuþáttum í sjónvarpi og á síðum blaðanna. Allt góðra gjalda vert en kemur þeim konum sem ekki eiga möguleika á að framfleyta sér af launum sínum að afskaplega litlu haldi. Fleiri konur í hálaunastöðum myndu vissulega hækka meðaltalið fyrir laun kvenna en um leið skekkja myndina enn frekar, þar sem hærri laun nokkurra kvenna myndu hjálpa til við að fela þann vanda sem láglaunastefna fyrir „kvennastörf“ felur í sér. Grundvöllur þess að við getum byrjað að tala um jafnrétti í raun hlýtur að vera að konur jafnt sem karlar njóti þeirra lágmarksmannréttinda að geta séð fyrir sér.

Sú viðtekna venja að kvennastéttir séu láglaunastéttir sendir skýr skilaboð: konur þurfa ekki jafnhá laun og karlar þar sem þeir eru enn þann dag í dag álitnir fyrirvinnur heimilanna. Konur geta bara gjört svo vel að vera komnar „upp á einhvern déskotans draumaprins“, eins og Dagur Sigurðarson orðaði það, ef þær vilja lifa mannsæmandi lífi. Annað skáld, Virginia Woolf, benti á það strax árið 1929 að til þess að geta stundað ritstörf þyrftu konur að vera fjárhagslega sjálfstæðar og það á ekki bara við um skriftir heldur öll önnur störf enn þann dag í dag. Sú tilfinning að vera ekki matvinnungur dregur úr sjálfsvirðingu og eykur á minnimáttarkennd. Jafnvel þótt konunni takist nú að tóra af launum sínum situr hún uppi með þau skilaboð að hversu vel sem hún standi sig í starfi sé vinnuframlag hennar minna virði en karlkyns starfsfélaga.

Það er merkilegt hversu lítið rúm þetta misrétti fær í opinberri umræðu. Ríkisstjórnarflokkarnir tveir, Samfylking og Vinstri græn, stæra sig af því að vera kvenfrelsisflokkar með tilheyrandi fléttulistum og öðrum sýndartilfæringum í þágu kvenna en þegja þunnu hljóði um það gat í kvenfrelsisbaráttunni sem launamisréttið felur í sér. Það getur enginn orðið frjáls sem þarf á aðstoð annars að halda við að sjá sér farborða og á meðan þetta misrétti lifir góðu lífi er tómt mál að tala um kynjajafnrétti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

BÆTUM KJÖR ELDRI BORGARA

Framsókn boðar til opins fundar um málefni eldri borgara

laugardaginn 13. apríl
kl. 10.30 - 12.00
að Suðurlandsbraut 24

ALLIR VELKOMNIR!

Jóna Valgerður flytur ávarp



2. SÆTI
REYKJAVÍK NORÐUR
Sigrún Magnúsdóttir

Frambjóðendur Framsóknar í Reykjavík

Framsókn fyrir HEIMILIN xB

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tveir ráðherrar úti

Stöð 2 gerði fékk MMR til að leggja saman niðurstöður síðustu tveggja fylgiskannana og skipta niðurstöðunum eftir kjördæmum. Útkoman var gríðarlega áhugaverð og ekki færri en fjórtán nýir þingmenn verða í þingflokki Framsóknarflokksins, verði þetta útkoman. Ekki var síður áhugavert að sjá þá sem ekki fá endurnýjað umboð til setu á Alþingi. Á meðal þeirra voru tveir ráðherrar í núverandi ríkisstjórn; Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.



### Hringnum lokað?

Seðlabankastjóri hefur auglýst eftir aðstoðarmanni, en það er ný staða í bankanum. Skyldi engan undra að hann vantaði aðstoð eftir að bankastjórum var fækkað úr þremur í einn. Alls sóttu 68 manns um stöðuna og þar á meðal Hrannar Björn Arnarsson, aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra sem réð einmitt Má Guðmundsson sem Seðlabankastjóra. Skemmtilegur snúningur það.



### Afdrifaríkt hik

Hanna Birna Kristjánsdóttir var hvött til þess að gefa kost á sér til formennsku í Sjálfstæðisflokknum á síðasta landsfundi. Hún gerði það ekki, hefur væntanlega metið það svo að ef hún tapaði í annað sinn fyrir Bjarna yrði hún aldrei formaður. Könnun Viðskiptablaðsins, sem birt er í dag, bendir til að þetta hik gæti orðið afdrifaríkt fyrir flokkinn, en þar kemur í ljós að nær helmingur þeirra sem ætla að kjósa Framsókn myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, væri Hanna Birna formaður.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Auðveldari mánaðamót

STJÓRNMÁL



**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
varaformaður Sjálfstæðisflokksins

Um hver einustu mánaðamót stendur alltof stór hópur Íslendinga frammi fyrir erfiðleikum og óvissu vegna þess að launin duga einfaldlega ekki fyrir lífsnauðsynjum, ef marka má nýja lífskjararannsókn Hagstofu Íslands.

Þessi staða er alvarleg en það þýðir ekki að engin sé vonin. Stærsta einstaka tækifærið til breytinga fæst eftir nokkra daga þegar kosið verður til Alþingis. Niðurstaða þeirra kosninga mun hafa úrslitaáhrif á það hvort við höldum áfram á þessari braut eða komumst á annan og betri stað.

**Lægri álögur**

Lykilatriðið er að auka ráðstöfunartekjur alls almennings í landinu. Það geta stjórnmálamenn fyrst og fremst gert með lægri opinberum álögum og gjöldum. Lækkun tekjuskatts skiptir þar miklu en lægri tollar og vörugjöld á nauðsynjar eins og matvöru, barnaföt og bensín munu einnig breyta miklu. Lækkun höfuðstóls húsnæðislána og léttari afborganir, samhliða afnámi stimpilgjalds og tækifæri til að fara frá verðtryggðu láni yfir í óverðtryggt mun einnig skipta miklu.

Samhliða slíkum aðgerðum fyrir heimilin verður að huga að hvetjandi

**➜ Með raunhæfum lausnum, aukinni sátt og trú á framtíðinni getum við tryggt að langflest heimili nái endum saman og kvíði því ekki að ráðstöfunartekjur dugi fyrir útgjöldum hvers mánaðar.**

leiðum svo fyrirtækin geti vaxið frekar. Með lægri álögum vegna mannaráðninga, aukinni sátt við atvinnulífið og samstöðu um uppbygginguí stað stöðnunar mun tækifærum fjölga og hagvöxtur aukast. Þannig forgangsröðun nýrrar ríkisstjórnar mun ekki einungis nýtast hverri einustu fjölskyldu, heldur samfélaginu í heild þar sem slík sókn mun skapa traustari grundvöll undir þá velferð sem við öll viljum búa við.

Fólkið, fjölskyldurnar og fyrirtækin í landinu eiga því mikla von. Með raunhæfum lausnum, aukinni sátt og trú á framtíðinni getum við tryggt að langflest heimili nái endum saman og kvíði því ekki að ráðstöfunartekjur dugi fyrir útgjöldum hvers mánaðar. Það gerist þegar stjórnmálamenn fara að einblína á það sem virkilega skiptir máli fyrir fólkið í landinu.

# Útópía Sigmundar Davíðs og ESB

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



> Að minnast á Evrópusambandið um þessar mundir þykir jafnlítið „trendí" og að dansa hliðar saman hliðar á Kaffibarnum við nýjasta lag The Charlies í snjóþvegnum gallabuxum.

28. febrúar, 1998: Í breska læknatímaritinu The Lancet birtist grein eftir lækni sem heldur því fram að samband sé milli bólusetningar við mislingum og einhverfu hjá börnum. Í Bretlandi grípur um sig skelfing. Foreldrar neita að láta bólusetja börn sín. Niðurstöður rannsóknarinnar reynast falsaðar. Enn halda sig þó margir frá hvers konar bólusetningum.

6. apríl, 2013: 1.700 óttaslegnir foreldrar standa með börn sín í biðröð í bresku borginni Swansea þar sem sett hefur verið upp neyðarmóttaka og fram fer fjöldabólusetning gegn mislingum. Faraldur hefur brotist út í borginni vegna þess hve algengt er að börn fædd eftir 1998 hafa ekki verið bólusett. 600 börn hafa smitast.

**Ekki „öll" heldur „sum"**

Íslenskir pólitíkusar keppast nú við að bjóða kjósendum bót meina sinna. Af loforðum þeirra að dæma virðist sem sá krankleiki sem þarfnast helst lækningar við sé staða „heimilanna í landinu". Að bæta hag fólks er göfugt markmið. Hugtakið „heimilin í landinu" eins og það er notað í yfirstandandi kosningabaráttu er þó langt frá því að þýða „öll" heimilin í landinu.

Það er erfitt annað en að bera hrollblandna virðingu fyrir því hvernig Framsóknarflokknum tekst að stýra upp á sitt einsdæmi áherslum kosningabaráttunnar. Á meðan Sigmundur Davíð stikar stórum um hinn pólitíska leikvöll með glæfralegar fullyrðingar um skuldaniðurfellingar reiddar fram á silfurfati og baðar sig í sviðsljósinu trítla leiðtogar annarra flokka uppburðarlitlir á eftir honum í von um að ljóstíra slysist til að falla á þá þar sem þeir tísta: „Okkur er líka annt um heimilin í landinu."

Látum liggja milli hluta að flestum ber saman um að þær hugmyndir sem framsóknarmenn hyggjast vinna kosningarnar með og snúast um skuldaafskriftir vegna húsnæðislána eru skýjaborg ein. Stóra spurningin er þessi: Á tímum þegar nóg má bæta í íslensku samfélagi, hvers vegna beinist öll athyglin að vandamáli afmarkaðs hóps fólks sem tók of há húsnæðislán? Hvað með þá sem leigja? Hvað með þá sem tóku ekki há lán? Hvað með þá sem eru með aðrar sligandi skuldir sem ekki tengjast húsnæðiskaupum? Ef „heimilin í landinu" eiga að verða helsta verkefni næstu ríkisstjórnar, af hverju ganga kosningarnar ekki út á að bæta hag allra heimila en ekki bara sumra?

**Fíllinn í herberginu**

Þegar fylgst er með kosningabaráttunni verður ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að stjórnmálamenn hafi misst sjónar á rót vandans. Fíllinn í herberginu, mál málanna sem enginn vill tala um lengur, er krónan.

Skömmu eftir hrun virtist hver einasti pólitíkus með hugmynd að nýjum gjaldmiðli okkur Íslendingum til handa. Sumar þeirra jöðruðu við að vera jafn handahófskenndar og ef ég styngi upp á, eftir Star Trek maraþon gærkvöldsins, að við tækjum upp klingonska gjaldmiðilinn darsek. En með útilokunaraðferðinni hefur ein leið sýnst praktískust.

Að minnast á Evrópusambandið um þessar mundir þykir jafnlítið „trendí" og að dansa hliðar saman hliðar á Kaffibarnum við nýjasta lag The Charlies í snjóþvegnum gallabuxum. Evrópusambandið og evran eru þó ein hugsanleg leið út úr þeim fjölþætta vanda sem að okkur steðjar. Hátt vaxtastig, vöruverð og verðbólga er það sem helst hefur hrjáð „heimilin í landinu" síðustu ár. Ef bornar eru saman aðstæður hér á landi og í Evrópusambandinu og á evrusvæðinu kemur í ljós sláandi munur á aðstæðum sem „heimili" þessara landa hafa þurft að búa við:

- Frá árinu 2008 hefur íslenska matarkarfan hækkað um 32%. Í Evrópusambandinu hækkaði hún um 5,2%.
- Á síðustu 10 árum fóru vextir Seðlabanka Evrópu hæst í 4,75%. Á sama tímabili fóru vextir Seðlabanka Íslands hæst í 18%.
- Meðalvextir á óverðtryggðu húsnæðisláni á Írlandi eru nú 3,5%, á Spáni 3,3% og í Þýskalandi 2,9 %. Á Íslandi eru þeir um 6,75%.
- Síðasta árið var verðbólga á Íslandi á bilinu 3,9% til 6,4%. Verðbólga á evrusvæðinu var aðeins 1,7%-2,7%.

Ekki frekar en útópía Framsóknarflokksins, sem virðist skrefinu frá því að lofa að breyta íslensku samfélagi í þjóð kreistilegra kærleiksbjarna skapaða í mynd hins mjúkmála Sigmundar Davíðs, er Evrópusambandið töfralausn. En við höfum ekki efni á að hunsa þann áþreifanlega kost sem Evrópusambandið er, jafnvel þótt hann þyki ekki „trendí". Meira að segja sá rótgróni Evrópuflokkur Samfylkingin hefur þagað þunnu hljóði um Evrópusambandið þangað til í fyrradag þegar stutt grein eftir formann flokksins birtist um málaflokkinn hér í Fréttablaðinu.

Rúmar tvær vikur eru til kosninga. Tími er kominn til að raunverulegar lausnir séu ræddar, lausnir sem taka mið af öllum heimilum í landinu til framtíðar, en ekki bara skammtímalausnir fyrir sum heimili. Og ESB er trúverðugt mótvægi við útópíu Sigmundar Davíðs þegar kemur að hag heimilanna. Samfylkingin ætti því að taka á sig rögg, koma til dyranna eins og hún er klædd og flagga sérstöðu sinni í stað þess að reyna að fela hana í örvæntingarfullri tilraun til að höfða til allra.

**Morfín, plástrar, bólusetning?**

Krónan er eins og mislingar, hún er vírus sem streymir um æðar íslensks hagkerfis – íslenskra heimila, íslensks efnahagslífs. Til að lina þjáningar þjóðarinnar býður Sigmundur Davíð morfínsprautu. Leiðtogar hinna flokkanna bjóða plástra. En hvorki morfín né plástrar lækna undirliggjandi meinið. Ef við látum glepjast af vafasömum gylliboðum pólitíkusa í kosningaslag í stað þess að bólusetja okkur við þeim orsakavaldi, þeirri veiru, sem veldur háu vaxtastigi, vöruverði og verðbólgu, megum við vænta þess að innan nokkurra ára, líkt og í Swansea, brjótist út nýr faraldur.




## ACCESS TO THE EFTA COURT

Hvernig geta einstaklingar og lögaðilar komið málum fyrir EFTA-dómstólinn? Er það auðvelt, erfitt eða raunhæft fyrir alla? Aðalgestur málþingsins er Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður til málþings
**föstudaginn 12. apríl kl. 12:00–13:30.**



**Access to the EFTA Court for citizens and economic operators**
Carl Baudenbacher,
Prof. Dr. iur. Dr. rer. pol.
Forseti EFTA-dómstólsins.



**Access to EEA justice? Illusions of homogeneity and reluctant national courts**
Dóra Sif Tynes, hdl.



**A bumpy road to the EFTA Court? Advisory opinions and Icelandic Courts**
Stefán Geir Þórisson, hrl.



**Reciprocity in the EEA**
Dr. Philipp Speitler, Legal Secretary to the President of the EFTA Court.

**MÁLÞINGIÐ FER FRAM Á ENSKU OG ER ÖLLUM OPIÐ.**

**Hvar:** Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, stofu M103 (dómsalur) á 1. hæð.
**Fundarstjóri:** Gunnar Þór Pétursson, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**www.hr.is**





## MENNTUN OG VERÐMÆTASKÖPUN

Háskólinn í Reykjavík boðar til málþings um menntun og verðmætasköpun
**fimmtudaginn 11. apríl kl. 12:00–13.30** í stofu M209.

Dagskrá

**Menntun fyrir atvinnulíf og samfélag**
Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor HR

**Sjónarmið atvinnulífsins**
Björgólfur Jóhannsson, formaður SA

**Pallborðsumræður**

**Árni Þór Sigurðsson**, Vinstri grænum
**Hanna Birna Kristjánsdóttir**, Sjálfstæðisflokki
**Heiða Kristín Helgadóttir**, Bjartri framtíð
**Magnús Orri Schram**, Samfylkingu
**Frosti Sigurjónsson**, Framsóknarflokki
**Ari Kristinn Jónsson**, rektor Háskólans í Reykjavík
**Hilmar Bragi Janusson**, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands
**Stefán B. Sigurðsson**, rektor Háskólans á Akureyri
**Björgólfur Jóhannsson**, formaður Samtaka atvinnulífsins
**Hreggviður Jónsson**, formaður Viðskiptaráðs
**Svana Helen Björnsdóttir**, formaður Samtaka iðnaðarins

**Fundarstjóri og stjórnandi umræðna** er **Ragnhildur Helgadóttir**, prófessor við lagadeild HR.
**Hvar:** Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, stofu M209 á 2. hæð.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**hr.is**




# Þjóðskrá Íslands: Flaggskip á tölvuöld

ÞJÓÐSKRÁ



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Fréttablaðið hefur í fréttaflutningi sínum að undanförnu beint sjónum að Þjóðskrá Íslands og slegið upp í fyrirsagnir hve vanbúin stofnunin sé að takast á við verkefni á tölvuöld. Þessari umræðu fagna ég því mikilvægt er að efla skilning á því lykilhlutverki sem Þjóðskrá gegnir og mun gegna í framtíðinni. Því miður hefur þessi skilningur ekki alltaf verið fyrir hendi hjá fjárveitingarvaldinu á Alþingi eins og dæmin sanna. En nánar að því síðar.

**Þörf á endurnýjun**

Þjóðskrá Íslands er tiltölulega ný af nálinni í núverandi mynd. Hún stendur hins vegar á gömlum merg. Tvær stofnanir, sem annars vegar önnuðust fasteignaskráningu og hins vegar þjóðskrána, runnu saman í Þjóðskrá Íslands. Mörg ný verkefni hafa síðan verið falin stofnuninni. Forráðamenn og starfsmenn hafa innt þau verkefni vel af hendi við hin erfiðustu skilyrði þar sem tölvukerfið, sem heldur utan um sjálfa þjóðskrána, er að stofni til frá árdögum tölvualdar hér á landi. Við svo búið verður ekki unað lengur.

Ekki þarf að fjölyrða um þá hröðu þróun sem orðið hefur í samfélaginu síðustu áratugi, meðal annars á sviði upplýsinga- og samskiptatækni sem hefur nýst á æ fleiri sviðum hins daglega lífs. Íslendingar hafa að mörgu leyti staðið sig vel í þessum efnum. Fjarskiptakerfi okkar er með því besta sem gerist í heiminum og stofnanir og sveitarfélög hafa byggt upp öflug tölvukerfi og margs konar rafræna þjónustu. En þjóðfélagið kallar á sífellt meiri rafræna þjónustu og hið opinbera þarf að geta tekið nauðsynleg skref til að svara því kalli og ef vel á að vera, fara á undan og sýna fram á gagnsemi rafrænnar þjónustu á sem flestum sviðum. Þar á Þjóðskrá Íslands að vera flaggskipið.

Fasteignaskrá og þjóðskrá eru enn meðal umfangsmestu verkefna Þjóðskrár Íslands, enda er þar um að ræða tvær af mikilvægustu grunnskrám Íslands. Á meðal mikilvægra verkefna sem hafa verið falin í ábyrgð hennar á undanförnum árum má nefna upplýsinga- og þjónustuveituna Ísland.is, undirbúning og þróun nýs auðkenningarlykils, Íslykils, og undirbúning fyrir rafrænar kjörskrár sem gefur möguleika á rafrænum íbúakosningum og undirskriftasöfnunum svo dæmi séu nefnd.

Þessi verkefni byggjast fyrst og fremst á nýtingu tölvutækninnar og krefjast margs konar sérfræðiþekkingar og reynslu, frumkvæðis og útsjónarsemi sem bæði forráðamenn og starfsmenn Þjóðskrár Íslands búa ríkulega yfir. Þessi verkefni krefjast líka þess að stofnuninni séu annars vegar búin þau fjárhagslegu starfsskilyrði að hún geti staðið undir þeim verkefnum og hins vegar þau lagalegu skilyrði sem gera henni kleift að útfæra þjónustuna. Á það hefur skort að hálfu stjórnvalda og ég endurtek að þetta þurfum við að laga.

**Umfjöllun á Alþingi**

Í nóvember 2011 mælti ég á Alþingi fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu sem hafði það markmið að styrkja stoðir fyrir gjaldtöku upplýsinga úr þjóðskrá og skapa fjárhagslegan grundvöll til að hefja endurgerð tölvukerfa Þjóðskrár Íslands. Ljóst var að þetta yrði umfangsmikið verkefni og kostnaðarsamt en jafnljóst var að mjög brýnt var að hefja þessa vinnu og hafði meðal annars umboðsmaður Alþingis bent á það í tveimur álitum. Frumvarpið fór til umfjöllunar í þingnefnd sem kallaði ýmsa aðila á sinn fund og leitaði umsagnar fjölmargra. Ekki náðist að ljúka afgreiðslu málsins á því þingi og höfðu komið fram margs konar athugasemdir þar sem meðal annars var kallað eftir heildarendurskoðun á lagarammanum öllum. Allt var það satt og rétt en í umræðunni á þingi kom berlega í ljós að skilning skorti á bráðavandanum. Og það er þess vegna sem ég fagna sérstaklega gagnrýninni umræðu um málefnið í fjölmiðlum.

**➜ Fjarskiptakerfi okkar er með því besta sem gerist í heiminum og stofnanir og sveitarfélög hafa byggt upp öflug tölvukerfi og margs konar rafræna þjónustu.**

**Framtíðarsýn**

Í Innanríkisráðuneytinu hafa málefni Þjóðskrár Íslands verið til rækilegrar skoðunar. Ég tek hjartanlega undir þau sjónarmið sem að framan er getið og komu fram í umræðu á Alþingi að nauðsynlegt er að móta stofnuninni nýja framtíðarsýn og setja síðan fram raunhæf markmið og leiðir til að ná þeim. Í því verki þarf að taka tillit til hinna öru framfara á sviði upplýsingatækni og fjarskipta sem leiða af sér þá eðlilegu kröfu að stjórnsýslan breytist, að þjónustan breytist og taki mið af þörfum nútímans.

Hvað varðar auðkennismál er þar um að ræða grunnþátt í stoðkerfi samfélags sem ætlar að halda inn á brautir rafrænnar stjórnsýslu og beins lýðræðis. Og hvað varðar gáttina að öllum þeim upplýsingamiðlum sem nú spretta upp innan stjórnsýslunnar, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum, er augljóst í mínum huga að sú gátt á heima hjá Þjóðskrá Íslands enda er sú að verða reyndin.

# Áhyggjur af áhyggjum Mikaels Torfasonar

MENNTUN



Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður Bandalags háskólamanna

Ritstjóri Fréttablaðsins, Mikael Torfason, ritar í leiðara blaðsins þann 2. apríl sl. undir yfirskriftinni „Námsmannabólan“ um það meðal annars hvort fjárfesting í háskólanámi borgi sig á Íslandi, fyrir einstaklinga og samfélagið í heild.

Í leiðaranum bendir Mikael réttilega á að hlutfall framhalds- og háskólamenntaðra á vinnumarkaði hefur aukist undanfarna áratugi og veltir því upp hvort tími sé kominn til að staldra við, enda sé „engu samfélagi hollt að útskrifa fólk úr ríkisstyrktum háskólum sem á ekki von á góðu þegar komið er út í atvinnulífið“.

Ísland er reyndar talsverður eftirbátur samanburðarlanda hvað menntunarstig varðar, því þrátt fyrir jákvæða þróun í átt að hærra menntunarstigi færast viðmiðunarhóparnir – þau lönd sem lengra eru komin – líka áfram með tímanum.

Mikael bendir á mikilvægi þess að auka samsvörun milli menntunar og atvinnulífs og nefnir í því samhengi skort á tæknimenntuðu fólki á vinnumarkaði, sem nú er staðreynd. Lítil aðsókn í raungreinanám er vissulega vandamál sem vert er að laga. Aðgerðir gegn þeirri þróun þarf þó að hefja strax við upphaf skólagöngu barna ef vel á að vera. Mikael leggur til að tekið verði upp hvatakerfi á háskólastiginu, sem beint gæti nemendum á tilteknar brautir, og er það eflaust góðra gjalda vert, svo framarlega sem slíkt er hluti af stærra átaki á öllum skólastigum.

Í leiðaranum er jafnframt minnst á þá staðreynd að ævitekjur háskólagenginna vega ekki alltaf upp kostnaðinn við að afla sér menntunar. Athuganir á arðsemi menntunar á Íslandi sýna reyndar að menntun borgar sig, enn sem komið er. Bandalag háskólamanna (BHM) tekur þó undir með Mikael að til þess að íslenskt atvinnulíf megi eflast og halda í við samkeppni á alþjóðavísu þarf að gæta þess að hér verði áfram hagstætt að sækja sér þekkingu. Íslenskt menntakerfi er óhagstætt, hvað ævitekjur varðar, að því leyti að hér tekur lengri tíma en í samanburðarlöndum að afla þeirrar grunnmenntunar sem er forsenda háskólanáms. BHM leggur því til að tími til stúdentsprófs verði styttur.

**Menntun borgar sig**

Samfélagsleg sýnin sem lýst er í leiðara Mikaels, að mögulega væri rétt að hverfa frá áætlunum um að auka menntunarstig á íslenskum vinnumarkaði, er óneitanlega sérkennileg.

Í skýrslu McKinsey og félaga „Charting a growth path for Iceland“, sem birt var síðastliðið haust, er rýnt í hagstærðir með það fyrir augum að greina vaxtarmöguleika Íslands í átt til aukinnar hagsældar. Þar er bent á það með skýrum hætti að Ísland eigi hvað mesta vaxtarmöguleika á hinum alþjóðlega hluta vinnumarkaðarins, sem ekki byggir beint á staðbundnum auðlindum eða aðstæðum. Forsenda þess að nýta þá möguleika er að efla menntunarstig og styrkja atvinnumöguleika háskólamenntaðra.

**➜ Lítil aðsókn í raungreinanám er vissulega vandamál sem vert er að laga. Aðgerðir gegn þeirri þróun þarf þó að hefja strax við upphaf skólagöngu barna ef vel á að vera.**

Mikael bendir í leiðara sínum réttilega á að samsvörun skortir milli námsvals þeirra sem nú stunda háskólanám og þess hvers konar þekkingu vantar nú helst á vinnumarkaði. Þetta misræmi mun þó ekki endilega leiða til atvinnuleysis þeirra sem útskrifast með menntun sem ekki er eftirspurn eftir. Þeir einstaklingar munu líklega eiga betri atvinnumöguleika vegna menntunar sinnar, enda þótt þeir fái kannski ekki starf við hæfi.

BHM hefur ítrekað bent á þá staðreynd að yfirsýn skortir í opinberum hagtölum yfir það hvort háskólamenntaðir á vinnumarkaði eru í störfum sem samsvara menntun þeirra. Slík greining er nauðsynleg ef raunverulegur vilji er til að efla samsvörun milli námsvals og þarfa atvinnulífsins.

Við eigum ekki að hafa áhyggjur af því að fólk mennti sig í auknum mæli. Áhyggjurnar ættu fremur að beinast að því að okkur mistakist að nýta menntunina til að efla hagsæld Íslands.





# VERSLUN OKKAR Í BANKASTRÆTI ER 2 ÁRA!

## AF ÞVÍ TILEFNI ÆTLUM VIÐ AÐ GEFA 25% AFSLÁTT AF ÖLLUM CINTAMANI VÖRUM DAGANA 11.-14. APRÍL

**LAUGARDAGINN 13. APRÍL KL. 13-17 VERÐA Í BOÐI LÉTTAR VEITINGAR, ANDLITSMÁLNING OG GLAÐNINGUR FYRIR BÖRNIN**

**DJ-ATLI SPILAR FYRIR GESTI OG GANGANDI**

AFMÆLISAFSLÁTTURINN GILDIR Í ÖLLUM CINTAMANI VERSLUNUM
EN EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI BANKASTRÆTI 7
mán - sun. 10-18
533 3390






# Ekki lesa þessa grein, ef...

VIÐSKIPTI


Margrét Kristmannsdóttir
formaður SVÞ


Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri SVÞ

...þú hefur engan áhuga á því að lækka matarverð hér á landi – engan áhuga á að lækka verð á nauðsynjavörum heimilanna.

En þar sem þú ert enn að lesa má ætla að þú viljir skoða hvað um er að ræða – að þú sért jafnvel í hópi þeirra þúsunda sem eiga of fáar krónur afgangs um hver mánaðamót þegar búið er að greiða af lánum eða húsaleigunni og kaupa í matinn.

Það þekkir enginn betur en verslunin hvaða tækifærum við Íslendingar stöndum frammi fyrir þegar kemur að lækkun vöruverðs. Það erum jú við sem daglega kaupum inn vörur af erlendum og innlendum birgjum og þekkjum því best hvernig verðmyndunin er – hvaða álögur og gjöld eru lagðar á venjulegar neysluvörur hér á landi. Dæmin um verðlækkun sem hér yrði ef innflutningshöftum yrði aflétt eru sláandi og tækifæri til kaupmáttaraukningar 130.000 heimila stórkostleg þar sem landbúnaðarafurðir vega um 40% í matarkörfu Íslendinga.

**Gríðarleg tækifæri**

Það er vitað að mörg heimili standa illa þegar kemur að skuldamálum. En það er jafnframt vitað að mörg heimili skulda ekkert – einkum eldra fólk sem búið er að borga upp sín húsnæðislán, svo ekki sé minnst á allar þær þúsundir fjölskyldna sem búa í leiguhúsnæði. Niðurfelling húsnæðislána kemur þessum risavaxna hópi lítt til aðstoðar og það er í raun umhugsunarefni hvað lítið er rætt um þau gríðarlegu tækifæri til kaupmáttaraukningar sem eru til staðar fyrir alla – já, alla – Íslendinga með lækkun vöruverðs.

Áratugum saman hafa 63 alþingismenn úr öllum flokkum slegið skjaldborg um núverandi hafta- og einokunarstefnu í landbúnaði. Kannski af skiljanlegum ástæðum því þegar kastljósið beinist að þessum málaflokki rís upp öflugur varnarmúr sérhagsmuna, sem gerir allt til að tryggja óbreytt kerfi og svífst einskis til að gera málflutning þeirra sem vilja breytingar ótrúverðugan. Er þá jafnvel hjólað í manninn en ekki boltann og því ekki að undra að einstakir stjórnmálamenn hafi talið auðveldara að taka aðra slagi. Þetta er gömul saga og ný fyrir okkur Íslendinga að sérhagsmunaaðilar vilja halda dauðahaldi í óbreytt kerfi – vandamálið er hins vegar að það er yfirleitt á kostnað okkar hinna – á kostnað heildarhagsmuna.

**Ein mesta kjarabótin**

Við Íslendingar gerum margt vel en við verðum jafnframt að forðast að detta í þá gryfju að við séum best í öllu. Atvinnulífið og heimilin í landinu eru einmitt í dag fórnarlömb þess að okkur var talin trú að við ættum bestu bankamenn í heimi. Íslenskar landbúnaðarafurðir eru góðar – en það eru ótalmargir erlendir bændur sem kunna jafn vel og við að framleiða t.d. kjúklinga og svínakjöt – og hugsanlega einhverjir betur.

Afnám innflutningshafta snýst einfaldlega um að gefa íslenskum neytendum val – sumir munu án vafa halda áfram að kaupa eingöngu íslenskt – aðrir munu kaupa það ódýrasta – aðrir lífrænt ræktað og þannig á það að vera. Neytandinn á að hafa val – val sem hann hefur ekki í dag.

**➜ Við Íslendingar gerum margt vel en við verðum jafnframt að forðast að detta í þá gryfju að við séum best í öllu.**

Samtök verslunar og þjónustu hafa bent á að eins og hagvaxtarhorfur eru fyrir næstu ár verður ekki innistæða fyrir miklum launahækkunum. Kjarabæturnar verða að koma annars staðar frá. Til að ná fram auknum kaupmætti verður m.a. að horfa til þess að lækka vöruverð. Verslunin lifir á kaupmætti – öflugur kaupmáttur er sameiginlegt hagsmunamál heimila og verslunar og þjónustu. Það er sammerkt öllum þeim athugunum sem varða verð á matvælum og birtar hafa verið undanfarin ár að sú stefna stjórnvalda að vernda innlendan landbúnað sé ein helsta ástæða þess hve matvælaverð er hátt hér á landi. Segir þar jafnframt að án vafa sé engin ein aðgerð jafn árangursrík til að lækka matvöruverð hér á landi og aflétting innflutningsverndar. Ábatinn yrði ein mesta kjarabót sem heimilum hér á landi gæti áskotnast.

Sú spurning sem við stöndum frammi fyrir er einfaldlega þessi: Ætla stjórnmálamenn þessa lands að halda áfram að taka sérhagsmuni fárra fram yfir hagsmuni heildarinnar – standa í vegi fyrir einni mestu kjarabót sem hægt er að fá fyrir íslensk heimili? Almenningur á heimtingu á að þeirri spurningu verði svarað í kosningabaráttunni.

# Fagmennska og vönduð vinnubrögð

STJÓRNMÁL


Sigrún Gunnarsdóttir
lektor í hjúkrunarfræði, skipar 4. sæti á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavíkurkjördæmi suður

Jón Kalman Stefánsson skrifar sterka ádeilu á stjórnmálin hér á landi í grein í Fréttablaðinu þann 6. apríl sl. Hann bendir á hversu takmörkuð áhrif Rannsóknarskýrsla Alþingis hefur haft, einkum miðað við nauðsyn þess að efla fagmennsku og að ákvarðanir séu teknar með fræðilegum röksemdum. Kannski er hér bent á mikilvægasta verkefni okkar hér á landi, að vera fagleg, vanda okkur og nota þekkingu. Þetta hljómar einfalt. En hvað er átt við með fagmennsku?

Ein af grunnstoðum fagmennsku er vitundin um gildi og tilgang verka okkar. Fagmennska felst í því að hafa tengsl við tilganginn, grundvallarreglur og hugsjón starfa okkar. Fagmennska er ábyrgð allra en mikilvægasta hlutverkið er í höndum leiðtogans.

Góður leiðtogi minnir á tilgang og hugsjón hvers verkefnis og fellir slíkt tal inn í daglegar samræður og gengur sjálfur á undan með góðu fordæmi. Þannig verður myndin af hugsjóninni skýr og speglast í daglegum störfum. Góður leiðtogi í heilbrigðisþjónustu minnir starfsfólkið á að allt er gert til þess að skjólstæðingum farnist vel. Góður leiðtogi í verslun minnir á að það er viðskiptavinurinn sem á að njóta góðs af öllu starfi verslunarinnar. Góður leiðtogi í stjórnmálum minnir á og er fyrirmynd þess að stjórnmál snúast um hagsmuni þjóðarinnar og hagsmuni landsins.

Hvert einasta verk góðs leiðtoga endurspeglar fagmennsku, einlægan áhuga á hag annarra og ábyrgð gagnvart hagsmunum heildarinnar. Leiðtogi sem er ábyrgur og faglegur byggir ákvarðanir sínar á þekkingu og siðferðilegu gildismati. Fjölmörg dæmi eru um afburðaárangur slíkra leiðtoga. Stundum eru þeir nefndir hinir hljóðlátu leiðtogar sem leggja meiri áherslu á að hlusta en að tala og njóta þess best að sjá aðra blómstra.

**➜ Björt framtíð er stjórnmálaflokkur sem berst fyrir vönduðum vinnubrögðum, fagmennsku og ábyrgð í stjórnmálum.**

Björt framtíð er stjórnmálaflokkur sem berst fyrir vönduðum vinnubrögðum, fagmennsku og ábyrgð í stjórnmálum. Björt framtíð liftur svo á að fagmennska og fræðilegar röksemdir séu forsendur ábyrgra og árangursríkra ákvarðana.

# Nýtum kosningaréttinn

LÝÐRÆÐI


Jón Gnarr
borgarstjóri

Á miðnætti í kvöld lýkur rafrænum íbúakosningum um verkefni í hverfum Reykjavíkur. Ég vil hvetja alla Reykvíkinga sem voru orðnir 16 ára um síðustu áramót til að nýta sér atkvæðisrétt sinn í dag og forgangsraða þannig fjármunum sem hverfunum er úthlutað.

Reynslan af verkefninu Betri hverfi hefur verið frábær. Í fyrra kusu borgarbúar 124 verkefni og hafa þau nú að mestu verið framkvæmd af hálfu borgarinnar. Við það hefur borgin fengið nýtt og betra svipmót. Nýjungin við þetta verkefni felst í því að Reykjavíkurborg er að framkvæma hugmyndir sem borgarbúar koma með sjálfir. Það er beinlínis dásamlegt.

Í janúar hélt ég, ásamt embættismönnum, íbúafundi í öllum hverfum borgarinnar sem voru sóttir af um þúsund Reykvíkingum. Þar kynntum við verkefnið og í kjölfarið byrjuðu hugmyndir að streyma inn frá borgarbúum á vefinn Betri hverfi. Alls bárust um 600 hugmyndir. Þær voru skoðaðar af íbúafundum sem og starfa ásamt hverfaráðum og fagteymi Reykjavíkurborgar að því að útfæra hugmyndirnar. Alls var stillt upp 229 hugmyndum – allt að 30 í hverju hverfi – sem fólk getur kosið um í íbúakosningunum nú.

Ég tel afar mikilvægt að fólk nýti sér kosningarétt sinn og forgangsraði fjármunum sem borgin hefur ráðstafað til að bæta hverfin í borginni. Ef fáir láta sig málið varða er allt eins líklegt að fátt verði um fína drætti í íbúalýðræðisverkefnum framtíðarinnar. Við þurfum þó ekki að óttast neitt því kjörsókn í fyrra var rúm 8% sem þykir glimrandi góður árangur í sambærilegum verkefnum erlendis.

**➜ Veitum góðum hugmyndum Reykvíkinga brautargengi í íbúakosningunum.**

Allt byrjar með góðri hugmynd og borgarbúar eru svo sannarlega hugmyndaríkir þegar kemur að því að bæta hverfin sín. Veitum góðum hugmyndum Reykvíkinga brautargengi í íbúakosningunum, hugsum vel um hverfin okkar og njótum þess að búa í einni bestu borg heims.

Það er einfalt að kjósa á vefslóðinni kjosa.betrireykjavik.is


Vnr. 49620201
26“ götureiðhjól fyrir konur, 6 gíra.
29.990 kr.
MEÐ BÖGGLABERA, BRETTUM OG KÖRFU
KAUPAUKI
Kjörvari 12 pallaolía fylgir með öllu keyptu pallaefni í apríl.*
*Sé verslað fyrir 100.000.- eða meira.
Miðað er við tvær umferðir af olíu, 0,2 l á m².
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
Vnr. 68583100
Strákústur, 40 cm, með skafti.
899 kr.
Vnr. 79290060
Laufhrífa úr plasti.
1.990 kr.
Vnr. 55900004
Malarhrífa, með tréskafti.
1.990 kr.
Vnr. 79290094
Hjólbörur, 80 l.
4.290 kr.
Vnr. 55095007
Blákorn, 5 kg.
1.590 kr.
BOSCH
Vnr. 74890003
BOSCH hekkklippur AHS 45-16. 420W, lengd blaðs 45 cm, klippa mest 16 mm þykkar greinar.
11.990 kr.
Vnr. 55900030
Hekkklippur með trefjaplastskafti.
1.990 kr.
Vnr. 54935115
DAYE garðslanga, 13 mm, 15 m.
1.990 kr.
Vnr. 53521026
Sorppokar, 750x1150 mm, 25 stk.
890 kr.
SKIL
Vnr. 74097000
SKIL háþrýstidæla, 1400W, 100 bör.
9.990 kr.
54930605
DAYE slönguvagn. 15 m slanga, tengi og úðari.
KLÚBB verð
4.990 kr.
Almennt verð 6.990 kr.
HAGA
Plant jord
2 FYRIR 1
Vnr. 55097032
Gróðurmold, 50 l.
1.290 kr.
ÞVOTTAPAKKI FYRIR BÍLINN
• Bílasápa (dugar í 30 þvotta)
• Microfiber klútur
• Rúðuklútar (20 stk.)
• Tveir svampar
Vnr. 42379199
Bílaþvottasett.
3.990 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# Gerræði á Þingvöllum

VEIÐAR



**Elvar Árni Lund**
stangveiðimaður og formaður SKOTVÍS

Enn á ný afhjúpar Álfheiður Ingadóttir þingmaður þekkingarleysi sitt á veiðum og veiðimönnum. Nú eru það stangveiðimenn (þriðjungur þjóðarinnar skv. Veiðimálastofnun 2013) sem fá að kenna á því með banni við næturveiði á Þingvöllum, þar sem íslenskir veiðimenn hafa notið guðdómlegrar náttúru á björtum sumarnóttum mann fram af manni. Þeir sem þekkja til á Þingvöllum og hafa veitt fram eftir kvöldi, ellegar mætt fyrir aldar aldir, vita að þá er veiðivonin hve mest. Þá koma tröllin úr djúpunum upp á grynningarnar og eldsnemma á morgnana er bleikjan oftar en ekki við, er þá „í tökustuði“.

Veiðimenn fara um léttir í spori, vaða rólega út og fylgjast með öllum hreyfingum á yfirborði vatnsins, reyna að sjá hvar fiskur getur leynst undir vatnsfletinum og kyrrðin á svona stundum er slík að hjartsláttur eftirværntingar og spennu er það eina sem eyra veiðimannsins greinir til að byrja með. Svo er það fuglasöngurinn og ef logn er þá suðar fluga og þegar geislar sólarinnar kyssa vatnsflötinn iðar umhverfið af lífi. Þessa upplifun ætlar meirihluti Þingvallanefndar með formann nefndarinnar í broddi fylkingar að banna veiðimönnum héðan í frá. Svo virðist að nefndin meti það svo að veiðimenn breytist í jarðvöðla og drykkjurúta um nætur þegar opinberir eftirlitsmenn eru ekki nærstaddir til að koma þeim í háttinn og sussa á þá.

**Eftirliti lítið sinnt**

Ekki alls fyrir löngu, á opnum fundi Ferðafrelsis um náttúruverndarfrumvarpið margumdeilda, svaraði Álfheiður því til þegar hún var spurð hverja hún hefði sér til ráðgjafar um mál af þessu tagi, að hún væri sinn helsti ráðgjafi enda líffræðingur að mennt. Nú er spurning hvort svipaðri aðferðafræði hafi verið beitt, eigið brjóstvit hafi ráðið för og ekkert rætt við hlutaðeigandi eða þá sem þekkja til veiða á Þingvöllum. Forsvarsmenn þjóðgarðsins ætla að koma á hörðu eftirliti með þeim sem hyggjast brjóta bannið, sem vekur athygli því eftirlit hefur hingað til verið svo til ekkert þrátt fyrir að í gildi eru strangar umgengnis- og veiðireglur sem banna m.a. sóðaskap og notkun beitu. En nú skal banna meira það sem þegar er bannað!

Eins og skotveiðimenn hafa fengið að kynnast á sl. fjórum árum er svona aðferðafræði vinsæl lausn hjá núverandi stjórnvöldum. Sjálfsagt þykir að setja reglur og banna aftur, og meira og aftur, þar til enginn skilur lengur hvað má og hvað ekki. Eftirliti er lítið sem ekkert sinnt en fjármunum ausið í að semja reglur sem enginn getur farið eftir. Örfáir fá að setja blett sinn á heildina og allir skulu kenna á meðalinu.

Nýjustu fréttir herma að þjóðgarðsvörður skoði hvort hægt verði að aflétta banninu, en hjá veiðimönnum er fram undan vorið langþráða og bjartar sumarnætur í faðmi veiðigyðjunnar. Við látum ekki gerræðisleg vinnubrögð spilla veiðigleðinni og trúum því að nýir valdhafar taki fyrir þá vitleysu sem veiðimenn hafa þurft að horfa upp á síðustu misseri, þar sem umhverfis- og náttúruvernd hefur fengið á sig öfgakennt yfirbragð vegna þeirra sem engan áhuga hafa á málefnalegri umræðu og hlýða á ekki á skoðanir, reynslu eða rök annarra.

**→ Svo virðist að nefndin meti það svo að veiðimenn breytist í jarðvöðla og drykkjurúta um nætur....**




# ESB í höndum upplýstrar þjóðar

STJÓRNMÁL



**Þórður Sveinsson**
5. sæti Pírata í Reykjavík norður

Fólk spyr mig gjarnan hver afstaða pírata sé gagnvart ESB. Það er skoðun mín, og margra annarra pírata, að stjórnmálaflokkar eigi ekki að vera með eiginlega afstöðu með eða á móti ESB. Sumir kunna að halda að þannig séum við að forðast þetta gríðarlega mikilvæga mál, en svo er ekki. Á meðal grunngilda pírata er gagnsæi og beint lýðræði.

Gagnsæi snertir málið á þann hátt að allt viðræðuferlið á að vera opið og á almenningur rétt á því að vera vel upplýstur um allt sem því við kemur svo hann geti tekið vel upplýsta ákvörðun. Við viljum veita upplýsingar hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar í garð sambandsins. Ef ég veiti þér eftirfarandi upplýsingar: „það er rigning úti og maður verður blautur í henni“ eða „það er sól úti og það er mjög heitt“ þá er ég ekki að segja þér hvort þú eigir að vera inni eða úti heldur er ég einfaldlega að veita þér upplýsingar til þess að þú getir tekið þína eigin upplýstu ákvörðun.

Síðan tekur beina lýðræðið við. Þegar á hólminn er komið, búið að ganga úr skugga um að allar upplýsingar liggi fyrir og almenningi hefur verið gefinn tími til að móta sína skoðun þá er málið sett í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er aftur á móti hlutverk stjórnmálaflokka að vera vel undirbúnir fyrir hvora niðurstöðuna sem er og vita hvað tekur við að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni hvort sem fólkið í landinu segir já eða nei. Þetta mál á fyrst og síðast heima í höndum vel upplýstrar þjóðar og ætla Píratar að sjá til þess að svo verði.

**→ Við viljum veita upplýsingar hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar í garð sambandsins.**

grænn apríl
Umhverfisátak
Mikilvægt er að kenna börnum að umgangast náttúruna og bera virðingu fyrir henni. Ef vel tekst til rækta börnin ósjálfrátt með sér umhverfisvitund og stuðla að því að aðrir taki upp grænan lífsstíl.

NÝIR LITIR - nýtt snið !

Teg 1566 - fylltur í B,C skálum á **kr. 5.800**,- boxerbuxur í stíl á **kr. 1.995**,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


Ný sending frá MOS MOSH
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777




# SJÁLFBÆR SKÁPUR

**ENDURNÝTING** *Svokallaður „free stuff“ skápur er í Hjartagarðinum. Þar getur fólk komið með dót sem það er hætt að nota og leyft öðrum að njóta.*

Sjálfbærir skápar eða „free stuff“ skápar eru til um allan heim, til dæmis eru þeir mjög algengir í Kristjaníu í Danmörku. Oft eru líka fríbúðir í hústökuhúsum og slíkum stöðum,“ segir Bragi Halldórsson, eigandi verslunarinnar Ranimosk á Laugavegi, sem kom þeirri hugmynd á framfæri á síðasta ári að setja upp skáp í Hjartagarðinum þar sem fólk gæti skilið eftir dót sem það væri hætt að nota en sem aðrir gætu nýtt. Hann segir hugmyndina ekki nýja af nálinni á Íslandi. „Það hafa verið fríbúðir í flestum íslenskum hústökuhúsum og svo var þar með frívegg á Frakkastígnum fyrir nokkrum árum sem haldið var úti með góðum árangri,“ segir hann. Þar sem margir veigra sér við að fara inn í hústökuhús fannst Braga nauðsynlegt að koma „free stuff“ skápi fyrir á almennu svæði.

Bragi segist aðeins hafa komið með hugmyndina en aðrir hafi séð um að framkvæma hana. „Ég lagði til hugmyndina, svo var einhver annar sem fann til skáp og enn annar sem dröslaði honum í undirgöngin og festi hann,“ segir Bragi og segir vel hafa tekist til. „Í tvígang fauk bakið af skápnum en okkur tókst að festa það nægilega vel til að standa af sér vetrarveðrin,“ segir hann, en skápurinn hefur staðið í undirgöngum garðsins síðan í nóvember.

Skápurinn hefur verið notaður töluvert. „Það eru nánast engin takmörk um hvað setja má í hann,“ segir Bragi og bendir á að dótið staldri sjaldan lengi við. Þá telur hann aðdáunarvert hve vel hafi verið gengið um skápinn. Hann tekur dæmi um dót sem komið hefur í skápinn. „Það er tólf manna matarstell og hnífapör, alls konar föt, skór, ungbarnaföt og snjógallar. Geisladiskar, tímarit og vínylplötur en þær hverfa nær samstundis og skiptir þá engu hvaða músík það er.“ ■ **solveig@365.is**

**FRÍTT DÓT** Í skápnum í Hjartagarðinum kennir ýmissa grasa. Ostur, brauð, bækur og bangsi auk stakra skóa. MYND/VALLI

**EINSTAKIR**
***Ein hilla skápsins er æði sérstök. „Einhver tók sig til og merkti hana stökum vettlingum og skóm. Það er vel þess virði fyrir þá sem týna vettlingi niðri í bæ að gera sér ferð í skápinn.“***


10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGIHLUTUM MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.
GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Fermingar tilboð
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
VALHÖLL
Svæðisskipt heilsudýna
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum
Stærð 120x200 cm
Tilboðsverð kr. 74.900.-
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**F** **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427









## LAMDI VESKINU Í BORÐIÐ

**JÁRNFRÚIN**
**Margaret Thatcher verður borin til grafar þann 17. apríl næstkomandi með viðhöfn. Eftir látið er hennar minnst sem sterks þjóðarleiðtoga þótt oft hafi hún þótt óvægin. Erlend blöð hafa safnað saman myndum frá ferlinum sem sýna fata- og greiðslustíl sem einkenndi hana. Thatcher kom aldrei fram án þess að vera með uppsett, túberað hár með miklu hárlakki. Hún hafði klassískan en þó formlegan fatastíl. Dragtir voru í uppáhaldi, enda áttu þær ágætlega við þann karlaheim sem hún hrærðist í. Silkiblússur voru áberandi í fatastíl hennar, oft með slaufu í hálsi eða hún bar perlufesti.**
**Thatcher var fræg fyrir að vera alltaf með svart veski í hönd og átti hún margar gerðir af svipuðum töskum, flestar frá breska fyrirtækinu Asprey. Hún átti til að slá veskinu í borð þegar hún vildi leggja áherslu á orð sín. Eitt slíkt veski var selt á uppboði árið 2011 fyrir tæpar fimm milljónir króna. Það hafði Thatcher borið árið 1980 þegar hún hitti forsetana Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjov á frægum fundi.**

# KÁPUR KÖTU

**KONUNGLEG TÍSKA** *Kate Middleton hefur heillað tískuspekúlanta frá því hún gekk að eiga Vilhjálm sinn. Hún er þekkt fyrir fágaðan stíl ekki síður í yfirhöfnum en kjólum eins og hér má sjá.*



**Í LJÓSBLÁU** Kate í blárri Missoni-kápu og skóm frá Rupert Sanderson í heimsókn til Fortnum & Mason í London í mars í fyrra.

**GRÆN OG VÆN** Kate Middleton í grænni kápu frá Emilia Wickstead á degi heilags Patreks í mars á þessu ári.

**DÖNNUÐ Í** grárri kápu frá Reiss við opnun nýrrar knattspyrnumiðstöðvar í október á síðasta ári.

**KONUNGLEG** Kate í kóngablárri kápu eftir Malene Birger, sem hún klæddist í heimsókn á Baker Street-neðanjarðarlestarstöðina, í tilefni af 150 ára afmæli neðanjarðarlestarkerfisins í mars.

## FRÆGUSTU KJÓLAR SÖGUNNAR



**ALVÖRU KJÖTSTYKKI**
Lady Gaga var íklædd kjötkjól úr hráu nautakjöti þegar hún tók við átta verðlaunum á VMA-tónlistarhátíðinni 2010. Kjólinn hannaði argentínski hönnuðurinn Franc Fernandez sem fékk kjötið hjá slátraranum á horninu og þurfti ítrekað að stinga hálfkláruðum saumaskapnum í kæli svo efniviðurinn rotnaði ekki. Kjötkjóllinn hefur nú verið uppstoppaður og er til sýnis á Frægðarhöll rokksins í Ohio.



**ÓGLEYMANLEG Í SVANI**
Okkar eigin Björk klæddist einum af frægustu kjólum tískusögunnar, að mati Vogue. Kjóllinn er jafnan kallaður Svanurinn og var hannaður af makedónska hönnuðinum Marjan Pejoski. Svaninum klæddist Björk við afhendingu 73. Óskarsverðlaunanna árið 2001 og var hjálagt svanssegg sviðsett á rauða dreglinum.



**SEXÍ OG SEIÐANDI**
Hvíti, plíseraði kjóllinn sem Marilyn Monroe klæddist í The Seven Year Itch 1955 varð heimsfrægur eftir að kynbomban lét loft úr grind ofan við neðanjarðarlest á mótum Lexington-traðar og 52. strætis í New York blása pilsinu upp um fagra fótleggina. Kjóllinn var sköpunarverk búningahönnuðarins William Travilla og talinn týndur þar til hann fannst í eigum Travillas við andlát hans á tíunda áratugnum. Kjóllinn var seldur á uppboði 2011 fyrir 5,6 milljónir dala.

**HEIMSFRÆGUR SAUMASKAPUR**
***Tískubiblían Vogue valdi nýverið tuttugu frægustu kjóla sögunnar sem þóttu samboðnir frægðarhöll Vogue. Kjólarnir koma af sviði kvikmynda, tónlistar og tísku og eiga allir sameiginlegt að verða ógleymanlegir í sögubókum tískunnar um aldir og ævi. Hér eru þrír minnisstæðir og heimsfrægir nefndir til sögunnar.***











# EKKI HRÆDD VIÐ AÐ VERA LJÓT

**TÍSKA** *Kristen McMenamy var ein af ofurfyrirsætum tíunda áratugarins. Eftir nærri þrjátíu ár í bransanum er hún enn eftirsótt ljósmyndafyrirsæta og gengur reglulega eftir tískupallunum.*

Kristen McMenamy er þekkt fyrir óhefðbundið kynlaust útlit og á köflum sérvitringslega hegðun. Hún leggur nánast hvað sem er á sig til að ná hinni fullkomnu mynd, sem er ástæða þess að ljósmyndarar keppast um að fá að vinna með þessari 46 ára fyrirsætu þegar aðrar mun yngri eru þegar álitnar „gamlar“ í bransanum.

McMenamy hefur unnið sem fyrirsæta frá átján ára aldri, eða hátt í þrjátíu ár. Hún byrjaði ferilinn með því að sitja fyrir í brúðarkjólum en hlutirnir fóru að rúlla snemma á tíunda áratugnum, einkum eftir að húm komst í kynni við Donatellu Versace, sem heillaðist af hinni löngu og renglulegu McMenamy. McMenamy varð þannig eitt af stóru nöfnunum í tískuheiminum á tíunda áratugnum en stutt hárið, rakaðar augabrúnir og langur, renglulegur líkaminn þótti tilvalið fyrir grunge-tímabilið.

Í gegnum tíðina hefur hún unnið fyrir tískuhús á borð við Chanel, Valentino og Versace. Hún á í nánu sambandi við nokkra þekkta tískuljósmyndara á borð við Helmut Newton, Richard Avedon, Steven Meisel, Jürgen Teller, Nick Knight and Karl Lagerfeld. Sá síðastnefndi er mikill vinur fyrirsætunnar og fylgdi henni til að mynda inn kirkjugólfið þegar hún gifti sig árið 1999.

McMenamy þykir ein besta leikkona ljósmyndanna og leggur margt á sig í myndatökum. Henni er sama þó hún sjálf sé ekki falleg á myndum svo framarlega sem myndin er góð. Hún hefur lent í ýmsu, verið nærri kyrkt af kyrkislöngu, verið kastað ofan í vatnstank bundin á höndum og fótum og setið fyrir blá og marin fyrir Jürgen Teller.

Eins og sjá má á myndunum sem hér fylgja er McMenamy síður en svo hætt og situr bæði fyrir og sýnir föt á tískupöllunum.



**VANDVIRK OG METNAÐARGJÖRN** McMenamy er enn afar vinsæl meðal tískuljósmyndara enda leggur hún mikið á sig til að ná hinni fullkomnu mynd.



**FÖGUR** Í ítalska Vogue.

## SÓLGLERAUGU HEPBURN Í TÍSKU

Nú er sólin farin að hækka á lofti og rétt að huga að sólgleraugum fyrir sumarið. Þeir sem vilja tolla í tískunni ættu að horfa til kvikmyndarinnar Breakfast at Tiffany's en sólgleraugu sem Audrey Hepburn er með í myndinni eru sams konar og þau sem nú eru í tísku. Gleraugun eru bogadregin og frekar stór um sig. Þessi umgjörð er ekki eingöngu vinsæl í sólgleraugum heldur einnig gleraugum. Sífellt fleiri bera nú gleraugu í stærra lagi með svartri spöng.

Kvikmyndin Breakfast at Tiffany's sem er frá árinu 1961 er löngu orðin klassísk. Í henni varð „svarti kjóllinn“ svokallaði til. Myndin hefur því haft mikið tískugildi. Hepburn er glæsileg í myndinni og margar konur líta til hennar sem fyrirmyndar.



**AUDREY HEPBURN** Það má segja að Breakfast at Tiffany's sé leiðandi í tískunni.



Mikið úrval af léttum yfirhöfnum
Stærðir 38-58
Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Ný sending
Fallegur vorfatnaður

8.900 kr. - fleiri litir og munstur
7.900 kr. - fleiri litir og munstur Str. M - XXXL
Svörtu buxurnar á 4.900 kr. komnar aftur str. 38-56
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

Aprílsprengja í Flash
25% AFSL. AF ÖLLUM VÖRUM
FIMM.-LAUGARDAG

FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201
Vertu vinur

Borgarleikhúsið



# ORMSTUNGA

25% afsláttur af miðaverði á Ormstungu.
**Miðapantanir í síma 568 8000**

**25%** AFSLÁTTUR

VILD er snilld

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á **www.stod2.is/vild**

# NÚ ENN MEIRA
# FYRIR ÁSKRIFENDUR

NÚ FÁ ÁSKRIFENDUR ELDBAKAÐA OG SKELLIHLÆJANDI SNILLD MEÐ 25% AFSLÆTTI.

Það eina sem þarf að gera er að skrá kreditkort heimilisins á **stod2.is**

Pizzeria Rizzo

**25%** AFSLÁTTUR



## ELDBÖKUÐ PIZZA

25% afsláttur af pizzum á matseðli.

**Þú færð sjálfkrafa afslátt hjá fjölda samstarfsaðila.**

| Splass – Engin venjuleg bílaþvottastöð! | The Sushi Train | Michelsen | Olís / ÓB | 10-11 | Skemmtigarðurinn Smáralind | Björg |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **40%** | **12%** | **15%** | **Kynntu þér tilboðin á stod2.is/vild** | **10%** | **25%** | **20%** |
| afsláttur af bílaþvotti að utan | afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira | afsláttur af vörum á bilinu 10.000 – 400.000 kr. | Sækja þarf um Olís greiðslulykil til að fá afslátt | afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira | afsláttur alla sunnudaga | afsláttur af fatahreinsun |

# Mastersmótið 2013

FIMMTUDAGUR 11. APRÍL 2013




# Bein útsending á Stöð 2 Sport frá Masters-mótinu 2013

Alla keppnisdagana verður sýnt beint frá Masters-mótinu á Stöð 2 Sport. Dagskráin hófst í gær þar sem sýnt var frá upphitunarmótinu sem fram fór á par 3 holunum á Augusta-vellinum. Árni Páll Hansson og Þorsteinn Hallgrímsson, golfsérfræðingar Stöðvar 2, sjá um að lýsa mótinu alla fjóra keppnisdagana. Árni Páll mun fá til sín góða gesti fyrstu þrjá dagana en Þorsteinn lýsir síðan lokadeginum, þá nýkominn heim frá Augusta.

**Fimmtudagurinn 11. apríl**
19.00 [Stöð 2 Sport]
**Föstudagurinn 12. apríl**
19.00 [Stöð 2 Sport]
**Laugardagurinn 13. apríl**
19.00 [Stöð 2 Sport]
**Sunnudagurinn 14. apríl**
18.00 [Stöð 2 Sport]



**ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ Á MASTERS** Þorsteinn Hallgrímsson og Friðrik Þór Halldórsson skelltu sér á Masters-mótið. SÍÐA 2

**Flestir veðja á Tiger** Tiger Woods getur klæðst græna jakkanum í fimmta sinn. SÍÐA 4

**Hræddur við að vinna bara einu sinni** Bubba Watson vann Masters-mótið í fyrra eftir mikla dramatík. SÍÐA 5

**Haldið í hefðirnar** Masters-mótið á sér mikla sögu og Augusta-völlurinn er engum öðrum líkur. SÍÐA 6






**Þorsteinn Hallgrímsson og Friðrik Þór Halldórsson fá tækifæri til að kynnast Mastersmótinu á einstakan hátt. Þorsteinn sést hér við háborðið í blaðamannaherberginu þar sem kylfingarnir á Mastersmótinu munu fara yfir gang mála eftir hvern hring. Friðrik Þór Halldórsson er síðan að sjálfsögðu klár með vélina en þáttur um ferð þeirra verður sýndur á Stöð 2 Sport.**

# Búist við gífurlega hröðum flötum á Masters í ár

Þorsteinn Hallgrímsson og myndatökumaðurinn Friðrik Þór Halldórsson hafa undanfarna daga dvalið í Georgíu og fylgst með aðdraganda Masters-mótsins á Augusta National-vellinum. Þeir eru þar að safna efni í sjónvarpsþátt sem sýndur verður á Stöð 2 Sport. Þetta er annað árið í röð sem þeir félagar skella sér á Masters og munu gefa íslenskum golfáhugamönnum innsýn inn í þetta vinsæla risamót.

„Við erum búnir að vera hér frá því á sunnudag og höfum verið duglegir við að safna efni. Við urðum t.d. vitni að því á mánudag þegar bandaríski kylfingurinn John Huh fór holu í höggi á 16. braut. Við misstum reyndar af högginu þar sem við vorum að mynda Tiger Woods á sama tíma slá af 17. teig," segir Þorsteinn og hlær.

Gríðarleg öryggisgæsla er á Augusta National-vellinum og það er ekki hlaupið að því að ná kylfingum í viðtal. „Við erum reynslunni ríkari frá því í fyrra og kunnum betur á þetta. Við náðum í nokkur góð viðtöl við kylfinga eins og Henrik Stenson, fyrrverandi risameistarana Ben Crenshaw og Jose Maria Olazabal, og David Toms. Við ræddum einnig við Belgann Nicolas Colsaerts. Það hefur hins vegar verið mjög erfitt að ná þessum stórstjörnum í viðtöl. Það er mikil gæsla og aðeins hægt að ná viðtali við þessa kappa við klúbbhúsið. Aðgengi að leikmönnum er mjög takmarkað. Okkur hefur hins vegar tekist að ná í mikið af góðu efni sem við munum sýna í sérstökum þætti um ferð okkar á Masters," segir Þorsteinn.

### ALLIR VEÐJA Á TIGER WOODS

Tiger Woods fær mikla athygli í aðdraganda Masters-mótsins og nafn hans virðist vera á allra vörum. Hann hefur fjórum sinnum staðið uppi sem sigurvegari á Masters og Þorsteinn telur hann líklegan til afreka um helgina.

„Það spá allir Tiger Woods sigri í þessu móti. Það er hins vegar ekkert nýtt enda hefur hann verið talinn sigurstranglegastur í þessu móti síðastliðin fimmtán ár. Af öðrum kylfingum minnast margir á Phil Mickelson, Justin Rose og Lee Westwood. Þetta eru allt kylfingar sem hafa verið í toppbaráttunni undanfarin ár. Völlurinn hentar auðvitað sumum kylfingum betur en öðrum. Þó að Rory McIlroy hafi ekki gengið vel í ár er hann líklegur eftir að hafa orðið í öðru sæti í Texas um síðustu helgi," segir Þorsteinn, sem telur að mótið muni vinnast á flötunum.

„Flatirnar eru gríðarlega erfiðar og mikið landslag. Við fylgdumst með mörgum kylfingum að pútta á vellinum í gær og það kemur manni hreinlega á óvart hversu mikið brot er í flötunum. Það skiptir miklu máli að hafa góða lengdarstjórnun, sjálfstraust á flötunum og vera réttu megin við holuna."

### AUGUSTA NATIONAL SKARTAR SÍNU FEGURSTA

Það er ekkert til sparað til að gera þetta fyrsta risamót ársins eins glæsilegt og mögulegt er. Starfsmenn vallarins vinna baki brotnu við að fínpússa hvert einasta smáatriði í vellinum sem dæmi endurbyggð frá grunni fyrir mótið í ár. Þorsteinn segir að völlurinn líti jafnvel betur út en fyrir ári síðan. „Völlurinn er í frábæru ásigkomulagi og margir vilja meina að hann sé betri í ár en á síðasta ári. Vorið kom aðeins fyrr á síðasta ári og það varð til þess að blómin voru búin að blómstra fyrir mótið. Þau eru akkúrat að blómstra núna og völlurinn skartar sínu fegursta. Nokkrir kylfingar höfðu það á orði við okkur að flatirnar væru hraðari en á síðasta ári og ef það reynist rétt þá verður gífurlegur hraði á flötunum," segir Þorsteinn.

Líklega er ekkert golfmót í heiminum sem hefur sama sjarma og Masters-mótið á Augusta National. Mótið er eina risamótið sem ávallt fer fram á sama vellinum og það að klæðast græna jakkanum í mótlok er draumur allra kylfinga.

„Það er mögnuð stemning á Augusta National. Miðar á æfingahring á mánudeginum voru að fara á svörtum markaði fyrir um 1.000 dali, sem eru gríðarlega fjárhæðir og sýnir ótrúlegar vinsældir mótsins," segir Þorsteinn. „Það er einnig magnað að allt sem selt er inni á svæðinu er merkt Masters bak og fyrir. Það er hreinlega allt grænt á Augusta National."

## Páll Axel Vilbergsson

**Tiger Woods**

Körfuknattleiksmaðurinn Páll Axel Vilbergsson er mikill aðdáandi Tiger Woods. Hann þefar uppi allar beinar útsendingar frá þeim mótum sem Woods leikur í en áhuginn dvínar ansi hressilega þegar Woods er ekki með. Páll Axel spáir Woods öruggum sigri á Masters í ár.

„Ég er rosalegur Tiger-maður. Ég sit límdur við skjáinn þegar hann er að keppa. Tiger er búinn að vera í uppsveiflu og hrista af sér persónuleg vandamál. Það mun hjálpa honum að hann tók sér frí fyrir mótið og kemur mjög ferskur og hungraður inn í mótið. Ætli að hann verði ekki með 5-6 högga forystu fyrir lokadaginn og svo klárar þetta örugglega," segir Páll Axel, sem á ekki von á óvæntum úrslitum.

„Það getur auðvitað allt gerst og það hafa nöfn unnið þetta mót sem maður hafði aldrei heyrt um. Ég held hins vegar að þetta verði árið hans Tigers. Það verða samt þekkt nöfn í næstu sætum fyrir neðan og kæmi mér ekkert á óvart ef það væru bara stórstjörnur í lokaráshópunum á sunnudag."





## Gunnar Hansson

**Sergio Garcia**

Leikarinn Gunnar Hansson er liðtækur kylfingur en hann er með í kringum fjóra í forgjöf. Gunnar ætlar ekki að láta Mastersmótið fram hjá sér fara og hefur mikið dálæti af mótinu. Hann segir að erfitt verði að horfa fram hjá Tiger Woods í ár og að hann sé mjög sigurstranglegur.

„Það eru mestar líkur á að Tiger vinni þetta. Hann hefur verið frábær í ár og er kominn með blóðið á tennurnar. Það væri auðvelt að veðja á hann. Rory McIlroy gæti einnig náð góðum árangri. Hann varð í öðru sæti um síðustu helgi og þó að hann hafi ekki verið að spila eins vel og í fyrra þá gæti hann alveg unnið. Það eru alveg 25 kylfingar sem koma til greina," segir Gunnar. Hann ætlar þó að veðja á sinn uppáhaldskylfing til sigurs í ár.

„Sergio Garcia hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá mér og það er rosalega gaman að sjá hann spila. Hann fór í niðursveiflu fyrir nokkrum árum og virtist ekki hafa sjálfur gaman af þessu. Það er allt annað að sjá til hans núna og hann hefur verið góður síðustu mánuði. Það er kannski frekar óskhyggja en eitthvað annað að hann vinni. Það væri leiðinlegt að skynsamlegt að veðja á Tiger og því segi ég Garcia."

## Heimir Karlsson

**Dustin Johnson**

Fjölmiðlamaðurinn Heimir Karlsson er gríðarlega spenntur fyrir Masters-mótinu í ár og reiknar með því að fylgjast með öllum fjórum keppnisdögunum. Heimir er líka hinn fínasti kylfingur og hefur verið duglegur að þræða golfmót í vetur og hita upp fyrir golfsumarið sem er handan við hornið. Hann þarf ekki langan umhugsunarfrest til að spá fyrir um sigurvegara.

„Ég spái Dustin Johnson sigri – ekki spurning," segir Heimir. „Ég hef mikla trú á Johnson í ár. Þetta er gríðarlegur íþróttamaður og hefur allt til þess að ná mjög langt í íþróttinni. Hann hefur mikla högglengd, er ungur og mjög fær kylfingur. Ég veðja á hann."

Heimir telur að mótið í ár eigi eftir að verða spennandi. „Já, ég reikna með því. Það spá allir Tiger Woods sigri í mótinu og það kæmi mér ekkert á óvart. Tiger verður án efa meðal efstu manna. Svo eru kylfingar líkt og Rory McIlroy, Brandt Snedeker og Phil Mickelson sem gætu allir unnið þetta mót. Masters-mótið er ásamt Opna breska það mót sem maður lætur ekki fram hjá sér fara."





## Ólafur Björn Loftsson

**Tiger Woods**

Atvinnukylfingurinn Ólafur Björn Loftsson á von á spennandi Masters-móti í ár. Hann hefur mikla trú á kylfingum á borð við Charl Schwartzel, Keegan Bradley, Lee Westwood, Matt Kuchar, Brandt Snedker og Steve Stricker.

„Þetta á eftir að verða mjög spennandi mót. Westwood er talinn vera besti kylfingur heims sem ekki hefur unnið risamót enda hefur hann sjö sinnum lent í þremur efstu sætunum í risamóti án þess að sigra. Ég held að hann verði í baráttunni í ár ef pútterinn verður í lagi. Keegan Bradley, Matt Kuchar og Brandt Snedker eru einnig líklegir. Ég hef mikla trú á Steve Stricker," segir Ólafur.

„Ég myndi aldrei veðja gegn Rory McIlroy eða Phil Mickelson sem eru alltaf líklegir en mér finnst engin spurning um hver er besti kylfingur heims um þessar mundir. Tiger Woods er langsigurstranglegastur að mínu mati. Hann hefur sigrað þrisvar í ár og það er ekki annað hægt en að spá honum 15. risatitlinum á Masters í ár."


PÓSTURINN
Sendu
SETTIÐ
Þú getur alveg spilað golf þótt bílskottið
sé fullt. Sendu settið með Póstinum,
hvert á land sem er!

# Klæðist heilsuhraustur Tiger græna jakkanum í fimmta sinn?

**Tiger Woods er sá kylfingur sem flestir veðja á í aðdraganda Mastersmótsins í ár. Hann er á ný í efsta sæti heimslistans í golfi eftir að hafa unnið þrjú mót í PGA-mótaröðinni í ár og er í góðu formi fyrir fyrsta risamót ársins. Woods mun þó líklegast ekki viðurkenna að hann sé aftur orðinn sá besti í heimi fyrr en 15. risatitillinn er kominn í hús.**

Woods var á tímabili nánast ósigrandi og er eini kylfingurinn í sögu golfsins sem hefur verið handhafi allra fjögurra risamótanna á sama tíma. Ferill Woods tók hins vegar væna dýfu eftir að upp komst um vafasöm mál í einkalífi hans í lok árs 2009. Eiginkonan fór frá honum og algjör brotlending varð á golfvellinum. Woods hefur unnið sig til baka síðustu tvö ár og nú hillir undir endurkomu Woods sem sigurvegara í risamóti á ný. Síðast fagnaði Woods sigri á Opna bandaríska meistaramótinu fyrir fimm árum, en það var hans 14. sigur í risamóti.

Það sem helst hefur breyst frá síðasta ári er að Woods er heilsuhraustur. Hann hefur verið plagaður af meiðslum síðustu tvö ár sem urðu til þess að Woods gat ekki æft af þeim krafti sem hann er vanur. Í ár hefur Woods verið meiðslalaus og telur hann það vera lykilinn að góðum árangri þessa fyrstu mánuði ársins.

„Það eru liðin ár síðan ég gat slegið og æft eins mikið og ég geri í dag. Ég er að nálgast mitt besta form. Ég er mjög ánægður með að þau högg sem ég átti í erfiðleikum með í fyrra eru nú orðin mín sterkari hlið. Ég þarf að auka stöðugleikann því góðu höggin verða sífellt betri," segir Woods.

Þegar Woods var upp á sitt besta var enginn kylfingur honum fremri í stutta spilinu. Það er einmitt sá leikur golfsins sem hefur brugðist honum á síðustu árum en ef marka má frammistöðu hans í undanförnum mótum þá hefur Woods farið mikið fram á flötunum.

„Í þeim þremur mótum sem ég hef unnið í ár hef ég púttað mjög vel. Það hjálpar svo sannarlega. Það er eitt að pútta vel á æfingaflötinni heima og annað á sunnudegi í risamóti," segir Woods.

Þessi 37 ára kylfingur er einn sá sigursælasti frá upphafi. Markmið Woods er þó að verða sá besti frá upphafi. Til þess að hljóta þann titil verður Woods að ná meti Jacks Nicklaus yfir flesta sigra í risamóti. Nicklaus sigraði í 18 risamótum á mögnuðum ferli og Woods er fjórum sigrum þar á eftir. „Ég vil sigra á fleiri en fjórum risamótum í viðbót – ég vil slá met Nicklaus," segir Woods. Það kemur svo í ljós á sunnudag hvort hann verður einu skrefi nær því markmiði.





**Tiger Woods er aftur kominn í efsta sæti heimslistans og er farinn að líkjast sér sjálfum á ný eftir nokkur erfið ár. Það bíða því margir spenntir eftir því hvort honum takist að klæðast græna jakkanum í fimmta sinn, en hann vann Mastersmótið í fjórða sinn árið 2005.**
NORDICPHOTOS/GETTY




# Bölvun að vinna par þrjú keppnina

Hin árlega par 3 keppni fór fram á par 3 vellinum á Augusta National-golfvellinum í gær. Mótið er að mestu haldið til skemmtunar og fá kylfingar þar frábært tækifæri til að eyða deginum með fjölskyldu og vinum.

Fyrst var leikið í þessu móti árið 1960 þegar Sam Snead stóð uppi sem sigurvegari. Fjölmargir fyrrverandi risameistarar sem eru komnir á gamals aldur taka þátt í par 3 keppninni á ári hverju og nýtur mótið mikilla vinsælda meðal áhorfenda. Alls hafa kylfingar farið 75 sinnum holu í höggi í par 3 mótinu frá upphafi og var met sett árið 2002 þegar fimm kylfingar fóru holu í höggi.

Ef þú ert þátttakandi í Masters-mótinu þá er ekkert sérstaklega spennandi að vinna par 3 keppnina. Aldrei í sögu Masters-mótsins hefur kylfingi tekist að vinna bæði par 3 keppnina og síðan sjálft Masters-mótið. Írinn Padraig Harrington hefur unnið þetta mót þrisvar á síðastliðnum áratug og síðast í fyrra þegar hann og Johnathan Byrd voru jafnir og efstir. Vallarmetið á par 3 vellinum er 20 högg og er í eigu þeirra Art Wall og Gay Brewer.

## Svona á að spila Augusta-völlinn

Augusta National Golf Club völlurinn er par 72 og 6800 metrar á lengd.



| Tea Olive | Pink Dogwood | Flowering Peach | Flowering Crab Apple | Magnolia | Juniper | Pampas | Yellow Jasmine | Carolina Cherry |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. hola | 2. hola | 3. hola | 4. hola | 5. hola | 6. hola | 7. hola | 8. hola | 9. hola |
| Par 4 | Par 5 | Par 4 | Par 3 | Par 4 | Par 3 | Par 4 | Par 5 | Par 4 |
| 406 metrar | 525 metrar | 320 metrar | 220 metrar | 416 metrar | 165 metrar | 411 metrar | 521 metri | 431 metri |



| Camellia | White Dogwood | Golden Bell | Azalea | Chinese Fir | Firethorn | Redbud | Nandina | Holly |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 10. hola | 11. hola | 12. hola | 13. hola | 14. hola | 15. hola | 16. hola | 17. hola | 18. hola |
| Par 4 | Par 4 | Par 3 | Par 5 | Par 4 | Par 5 | Par 3 | Par 4 | Par 4 |
| 453 metrar | 462 metrar | 142 metrar | 466 metrar | 402 metrar | 485 metrar | 155 metrar | 402 metrar | 425 metrar |

GRAPHIC NEWS

# Golfið er alltaf númer eitt

● Bubba Watson vann Masters-mótið í fyrra og leitaði sér ráða um hvernig best væri að vinna með alla athyglina frá aðdáendum og fjölmiðlum.

Bandaríski kylfingurinn Bubba Watson á titil að verja á Augusta National-vellinum á Masters-mótinu. Hann vann mótið í fyrra eftir bráðabana við Louis Oosthuizen frá Suður-Afríku. Watson sló ótrúlegu höggi úr vonlausri stöðu inn á flöt á annarri holu bráðabanans og tryggði sér sigur. Höggið er talið eitt það ótrúlegasta í sögu golfsins en Watson náði að láta boltann taka nánast 90 gráðu vinkilbeygju og inn á flöt í fuglafæri eftir að hafa verið umkringdur trjám.

Watson er einn af skemmtilegri kylfingum á PGA-mótaröðinni. Hann er ærslafullur bæði innan vallar sem utan og leikur hans er ólíkur leik flestra. Þótt alla dreymi um að vinna risamót fylgir því oft aukin athygli og í íþróttum getur það haft slæm áhrif á frammistöðu. Watson hefur fundið fyrir athyglinni.

„Ég leitaði til nokkurra leikmanna eins og Graeme McDowell, (Rory) McIlroy, spurði Tiger og fleiri ráða. Ég spurði hvernig maður ætti að höndla alla þessa athygli frá aðdáendum og fjölmiðlum? Allt verður þetta til þess að maður fjarlægist golfið," segir Watson.

Það varð honum kannski til happs að hann og eiginkona hans, Angie, ættleiddu á sama tíma son og því fór mikill tími hjá Watson í að annast nýjasta fjölskyldumeðliminn. „Ég sleppti nokkrum mótum eftir að við eignuðumst Caleb. Ég náði þar með að slaka á með fjölskyldunni og endurstilla mig."

**GOLFIÐ Í FYRSTA SÆTIÐ**

Watson hefur ekki unnið mót síðan hann sigraði á Masters fyrir ári. Hann hefur lítinn áhuga á því að falla í gleymsku sem kylfingur sem sigraði bara á einu risamóti. „Ég vil ekki verða þekktur fyrir að hafa unnið eitt mót. Ég ætla mér stærri hluti en það," segir Watson.

Hann gæti vel orðið fjórði kylfingurinn í sögu Masters-mótsins til að verja titil sinn um helgina. Jack Nicklaus, Nick Faldo og Tiger Woods hafa afrekað það. Þó að Watson hafi ekki leiðst að sýna sig í spjallþáttum í græna jakkanum eftir sigurinn á síðasta ári heldur hann báðum fótum á jörðinni.

„Umboðsmaðurinn minn gaf mér gott ráð strax eftir sigurinn á Masters. Hann ráðlagði mér að setja golfið í fyrsta sætið. Við sögðum nei við mörgum beiðnum frá fjölmiðlum. Bubba Watson er fyrst og fremst kylfingur, höfðum þetta einfalt og golf var alltaf númer eitt."



**Græni jakkinn kallar á gríðarlega athygli** Bubba Watson vann Masters-mótið í fyrra og hér sést hann mæta í viðtal í þætti David Letterman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Notar „brautartré á sterum" sem dræver

Phil Mickelson mun ekki nota hefðbundinn dræver á Masters í ár heldur „brautartré á sterum" eins og hann orðaði það sjálfur á blaðamannafundi fyrir mótið. Mickelson er búinn að blanda saman eiginleikum brautartrés og drævers í eina kylfu sem er 45 tommur að lengd með 8,5° fláa og skafti líkt og á venjulegum dræver.

Mickelson hafði notað Callaway X-Hot brautartréð sitt mikið og var farinn að slá jafnlangt með þeirri kylfu og hann er vanur að gera með drævernum. Hann talaði því við tæknideildina hjá Callaway og bað mennina þar um að útbúa fyrir sig trékylfu sem hann gæti notað sem dræver en væri jafn auðvelt að slá með og brautartré.

Útkoman er ný kylfa sem hefur hlotið nafnið FrankenWood og mun Mickelson nota hana í Masters-mótinu sem hefst í dag. Mickelson kveðst slá 15-22 metrum lengra með þessari nýju kylfu en gamla drævernum. Það gæti skipt högglengd miklu máli á Augusta National-vellinum þar sem Mickelson hefur þrisvar staðið uppi sem sigurvegari.



**Öflug kylfa Phil Mickelson slær 15 til 22 metrum lengra með nýju kylfunni sinni.** Nordicphotos/Getty

# Bauð upp á kjúkling

Ein af hefðum Masters-mótsins er kvöldverður meistaranna en þar koma saman fyrrverandi sigurvegarar í mótinu og snæða saman. Sigurvegari síðasta árs fær að velja hvað er á matseðlinum og hafa í gegnum tíðina margir sérstakir réttir frá heimalandi ríkjandi meistara verið á boðstólum.

Bubba Watson er ríkjandi meistari og hann sá um að velja hvað yrði í matinn að þessu sinni. Watson hafði verið þögull sem gröfin yfir því hvað væri á matseðlinum en hann valdi svo að lokum sinn uppáhaldsrétt. Hann fær engin verðlaun fyrir frumleika því hann bauð upp á grillaðan kjúkling, kartöflumús, kornstöng og makkarónur með osti.

Nick Faldo var ekki lengi að hnýta í Watson eftir kvöldverðinn á Twitter og skrifaði: „Þú hafðir heilt ár til að velja grillaðan kjúkling, kartöflumús og makkarónur með osti." Flestir sjá þó spaugilegu hliðina á málinu enda er Watson mjög uppátækjasamur og stutt í spaugið.

MASTERS VORTILBOÐ
FRÍR KASSI AF PRO V1/x OG FRÍ SÉRMERKING

Pro V1/x er flaggskip Titleist og golfbolti sem hentar öllum kylfingum
Titleist Pro V1 er vinsælasti boltinn á MASTERS
og sigursælasti golfbolti frá upphafi




PRO V1 PRO V1x

PANTAÐU 3 KASSA AF SÉRMEKTUM TITLEIST PRO V1 EÐA PRO V1X
Í NÆSTU GOLFVERSLUN OG ÞÚ FÆRÐ FJÓRÐA KASSANN FRÍTT

FRÍ MERKING* OG FRÍR KASSI | BOLTAR AFHENTIR 16. APRÍL – 16. MAÍ

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 1. MAÍ
ALLIR KASSAR Í SÖMU GERÐ OG MEÐ SÖMU MERKINGU
*1-3 LÍNUR AF TEXTA – HÁMARK 17 STAFIR Í LÍNU
– HÁSTAFIR Í RAUÐU EÐA SVÖRTU – ÍSLENSKIR STAFIR Í BOÐI

Titleist
#1 ball in golf.

# 14 ára undrabarn leikur á Masters

Fjórtán ára gamall drengur frá Kína mun skrá nafn sitt í metabækurnar á Masters-mótinu í ár þegar hann verður yngsti kylfingurinn í sögu mótsins til að taka þátt. Guan Tianlang vann sér inn keppnisrétt í mótinu með því að sigra á Opna asíska áhugamannamótinu en helstu áhugamannameistarar fá boð í mótið. Guan mætti á Augusta National fyrir þremur vikum og hefur æft stíft í aðdraganda mótsins.

Guan lék á mánudag níu holur með Tiger Woods og var besti kylfingur heims heillaður af kínverska undrabarninu. Woods sagði að leikur Guan og ákvörðunartaka væri líkari því sem er hjá kylfingi við þrítugsaldur en hjá unglingi frá Kína.

Guan hefur engu að tapa og allt að vinna á Masters-mótinu. Sökum aldurs hefur hann ekki sama líkamlega styrk og flestir mótherjar hans í mótinu. Hann slær talsvert styttra en þeir bestu en er með mjög gott stutta spil sem mun hjálpa honum.

„Það verður smá pressa á mér en ég ætla ekki að setja of mikla pressu á sjálfan mig. Ég ætla að njóta þess að að spila á Masters-mótinu," segir Guan. Hann mun slá við meti Ítalans Matteo Manassero sem var 16 ára þegar hann lék á Masters fyrir þremur árum.

„Ég hef sjálfstraust og veit að ég get spilað vel. Ég ætla að spila minn eigin leik eins og ég er vanur. Ég mun ekki fara fram úr sjálfum mér," segir Guan. Það er í raun stórkostlegt afrek að Guan skuli vera að fara að leika á Masters-mótinu. Guan er greinilega gríðarlega efnilegur kylfingur og hver veit nema að hann slái í gegn á mótinu í ár. Alveg sama hver árangur hans verður þá er nafn hans komið til að vera í sögubókunum á Augusta National. Hvað varst þú að gera þegar þú varst 14 ára?



**Tianlang Guan tekur þátt í Mastersmótinu í ár og setur með því nýtt met.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Haldið í hefðirnar á Augusta

● Fyrsta Masters-mótið fór fram á Augusta National-golfvellinum fyrir 79 árum og mótið hefur síðan alltaf verið eitt af stærstu mótum ársins.

Masters-mótið er eitt af risamótunum fjórum sem fram fara árlega. Ólíkt öðrum risamótum fer mótið ávallt fram á Augusta National-golfvellinum í Georgíu í Bandaríkjunum. Augusta National er meðal sögufrægustu golfvalla í heimi. Klúbburinn var stofnaður árið 1933 af Bobby Jones og Clifford Roberts en völlurinn var svo hannaður af Jones og Alister MacKenzie.

Masters-mótið var sett á laggirnar árið 1934 og fjölmargar hefðir fylgja mótinu. Sigurvegari mótsins hlýtur forláta grænan jakka sem hann fær að hafa í sínum fórum í ár og skilar honum svo aftur að ári liðnu og er jakkinn svo geymdur í klúbbhúsinu á Augusta National. Leikið hefur verið um græna jakkann frá árinu 1949.

Árið 1952 setti Ben Hogan á laggirnar skemmtilega hefð sem hefur haldist allar götur síðan. Þriðjudagskvöldi fyrir Masters-mótið koma allir fyrrverandi sigurvegarar mótsins saman í hófi sem kallast Kvöldverður meistaranna og er hefð fyrir því að sigurvegari síðasta árs velji hvað verður á matseðlinum. Fleiri hefðir hafa skapast því frá árinu 1963 hafa þekktar goðsagnir í golfinu slegið upphafshöggið í mótinu. Yfirleitt eru það fyrrverandi sigurvegarar í mótinu sem fá þann heiður. Á síðasta ári voru það þeir Arnold Palmer, Jack Nicklaus og Gary Player sem slógu upphafshöggin í mótinu. Þeir voru á sínum tíma kallaðir Hinir þrír stóru og börðust um alla titla sem voru í boði.

### ALLIR KYLFUSVEINAR Í HVÍTUM SAMFESTINGI

Ein af þeim hefðum sem hafa haldist í sessi á Masters-mótinu er að allir kylfusveinar þurfa að vera í hvítum samfestingi. Jafnframt þurfa kylfusveinar að vera með græna derhúfu merkta Masters og í hvítum tennisskóm. Þessi hefð hefur haldist en þó með örlitlum breytingum. Fram til ársins 1982 gátu kylfingar ekki notað sína eigin kylfusveina heldur þurftu að nota þá kylfusveina sem voru á launskrá Augusta National-golfklúbbsins. Þeir kylfusveinar voru allir blökkumenn. Breyting varð á þessu fyrir um 30 árum en klúbburinn lét undan þrýstingi almennings sem þóttu þær reglur úreltar. Sá kylfusveinn sem starfar fyrir þann kylfing sem á titil að verja í mótinu fær samfesting sem er merktur nr. 1.

Nokkuð færri kylfingar leika í Masters-mótinu en í öðrum risamótum. Í ár fengu 94 kylfingar keppnisrétt. Norður-Írinn Darren Clarke þurfti að draga sig úr keppni vegna meiðsla og því eru aðeins 93 keppendur með í mótinu. Enginn biðlisti er fyrir mótið og því tekur enginn sæti Clarke í mótinu. Sigurvegari í Masters-mótinu fær keppnisrétt til lífstíðar og eru margir fyrrverandi meistarar sem láta sig ekki vanta á Augusta National ár eftir ár þótt árangurinn sé oft og tíðum ekkert sérstakur.

### MÓTIN VINNAST Í AMEN-HORNINU

Flestir íslenskir golfáhugamenn eru farnir að kannast vel við Augusta National-golfvöllinn, sem er af mörgum talinn einn besti golfvöllur í heimi. Völlurinn þykir gríðarlega fallegur fyrir augað og þeir útvöldu sem gefst tækifæri á að leika völlinn dásama hann. Völlurinn hefur þó tekið miklum breytingum.

Allar brautir vallarins hafa sitt heiti og draga nafn sitt af tré eða af runna sem er á hverri braut fyrir sig. Eitt frægasta kennileiti vallarins er Amen-hornið sem nær frá öðru höggi á 11. braut til upphafshöggsins á 13. braut. Það er á þessum kafla sem mörg Masters-mót vinnast eða tapast.

Heitið er dregið af umfjöllun Herbert Warren í Sports Illustrated frá árinu 1958 en með heitinu vildi hann leggja áherslu á að þetta væri sá hluti vallarins þar sem hlutirnir gerðust. 11. brautin er jafnan talin vera meðal erfiðustu brauta vallarins og svo er 12. brautin stutt par-3 hola þar sem þó er auðvelt að tapa höggum líkt og sagan hefur sýnt. Talsverð sóknarfæri eru hins vegar á 13. braut sem er par-5 hola þar sem upphafshöggið skiptir höfuðmáli ætli kylfingar sér að eiga von um að slá inn á flöt í tveimur höggum.

Jack Nicklaus hefur oftast staðið uppi sem sigurvegari á Masters-mótinu en hann hefur alls sex sinnum klæðst græna jakkanum. Arnold Palmer og Tiger Woods hafa unnið mótið fjórum sinnum. Bandaríkjamenn hafa verið sigursælir í mótinu og fyrsti sigur evrópsks kylfings kom ekki fyrr en árið 1980 þegar Seve Ballesteros sigraði. 16 kylfingar hafa unnið mótið oftar en tvisvar sinnum.

Spennandi verður að sjá hvort ný met verða sett á Masters-mótinu í ár þegar mótið fer fram í 77. sinn.



**Jack Nicklaus er í sérflokki þegar kemur að því að vinna Masters-mótið. Hér sést hann eftir sigur sinn árið 1972.** NORDICPHOTOS/GETTY




| Hola | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | Út | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | Inn | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Par | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 3 | 4 | 5 | 4 | 36 | 4 | 4 | 3 | 5 | 4 | 5 | 3 | 4 | 4 | 36 | 72 |
| Metrar | 407 | 525 | 320 | 220 | 416 | 164 | 412 | 521 | 420 | 3.400 | 453 | 462 | 142 | 466 | 402 | 485 | 155 | 402 | 425 | 3.392 | 6.792 |
| Stikur | 445 | 575 | 350 | 240 | 455 | 180 | 450 | 570 | 460 | 3.725 | 495 | 505 | 155 | 510 | 440 | 530 | 170 | 440 | 465 | 3.710 | 7.435 |




Rory McIlroy gekk til liðs við Nike Golf í janúar síðastliðnum. Hann spilar með Covert-trékylfum.

# Byltingarkennd Covert-lína frá Nike Golf

**NIKE GOLF Á ÍSLANDI KYNNIR Golfvörurnar frá Nike Golf hafa notið mikilla vinsælda víða um heim. Golfkylfurnar frá Nike eru hágæðakylfur og nú hefur fyrirtækið sett á markað nýja línu undir nafninu Nike VR_S Covert. Margir ungir atvinnukylfingar hafa gengið til liðs við fyrirtækið fyrir þetta tímabil þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á golfið.**

Íþróttavöruframleiðandinn Nike hefur um nokkurra ára skeið selt hágæða golfvörur undir nafninu Nike Golf. Nýlega setti Nike á markað línuna Nike VR_S Covert sem er án nokkurs vafa mesta bylting Nike Golf fram til dagsins í dag að sögn Magnúsar Bjarnar Sigurðssonar, sölufulltrúa hjá Icepharma, sem er umboðsaðili fyrir Nike á Íslandi. „Covert-trékylfurnar stuðla að meiri lengd en áður hefur þekkst ásamt því að veita góða stjórn og fyrirgefanleika."



Magnús Björn Sigurðsson, sölufulltrúi hjá Icepharma, umboðsaðila fyrir Nike á Íslandi. MYND/GVA

Að sögn Magnúsar er grunnurinn að þessari umtalsverðu bætingu svo kölluð High Speed Cavity Back tækni í kylfuhausnum. Með því að taka þyngdina úr bakhlið kylfuhaussins og færa hana framar fæst meiri boltahraði og þar með meiri högglengd. „Þessi þyngdarfærsla færist að mestu leyti í tána og hælinn á kylfuhausnum. Þegar boltinn snertir kylfuhausinn á þessum stöðum verður minna frávik á honum. Þetta þýðir beinni högg og þar með meiri nákvæmni. Til að útskýra þetta nánar er hægt að hugsa sér að ef maður á það til að hitta boltann á tána er óhjákvæmilegt að kylfuhausinn opnist. Við opnunina missir kylfingurinn boltann til hægri. Þar sem meiri þyngd hefur verið komið fyrir í tánni opnast kylfan mun minna en ella og þar með verður minni skekkja í golfhögginu."

Að sögn Magnúsar ýtir svo Flex-Loft-tæknin enn meira undir gæðin á Covert-línunni. „Þar getur kylfingurinn breytt fláanum á kylfunni, til dæmis frá 8,5° í 12,5° með driver. Ásamt því er hægt að opna og loka blaðinu eftir þörfum. Þessu er öllu saman breytt á auðveldan hátt og gefur kylfingnum frábært tækifæri til að ná áætluðu boltaflugi sínu."

Magnús segir þetta vera mjög spennandi tíma fyrir Nike á sviði golfsins. Margir ungir atvinnukylfingar hafa gengið til liðs við Nike og þar má helst nefna Rory McIlroy, besta kylfing heims. „Svo verður einnig áhugavert að fylgjast með baráttu hans í ár við Tiger Woods sem nú er einnig kominn á gott skrið eftir dapurt gengi undanfarin misseri."

***Golfvörur frá Nike Golf munu fást í Golfbúð Intersport sem opnar innan fárra vikna, Golfbúðinni í Hafnarfirði og auk þess á vefsíðunni www.sportsetrid.is.***



VR_S Covert-línan er byltingarkenndasta nýjungin hjá Nike Golf frá upphafi.
MYND/ÚR EINKASAFNI



VR_S Covert-járnin hafa sömu tækni og trékylfurnar. Þyngdarfærsla í tána og hælinn fyrir beinni högg.




Tiger Woods byrjar árið með miklum látum. Hann hefur unnið þrjú mót og er sigurstranglegastur fyrir US Masters-mótið á Augusta National-vellinum í Georgíuríki.




VR_S Covert-línan í heild sinni. Covert Tour gefur lægra boltaflug og minni spuna. Covert Performance gefur hærra boltaflug og með henni eru mistök ekki jafn afdrifarík.

## METIN Á MASTERS

**FLESTIR SIGRAR Á MASTERS:**
**Sex - Jack Nicklaus** (1963, 1965, 1966, 1972, 1975, 1986)
**Fjórir - Arnold Palmer** (1958, 1960, 1962, 1964); Tiger Woods (1997, 2001, 2002, 2005)
**Þrír - Jimmy Demaret** (1940, 1947, 1950); Sam Snead (1949, 1952, 1954); Gary Player (1961, 1974, 1978); Nick Faldo (1989, 1990, 1996); Phil Mickelson (2004, 2006, 2010)

**OFTAST Á TOPP-5:**
**15 -** Jack Nicklaus
**10 -** Tiger Woods, Phil Mickelson
**9 -** Ben Hogan, Sam Snead, Arnold Palmer, Tom Kite, Tom Watson

**OFTAST Á TOPP-10:**
**22 -** Jack Nicklaus
**17 -** Ben Hogan
**15 -** Sam Snead, Gary Player, Tom Watson
**14 -** Byron Nelson, Phil Mickelson

**ELSTI SIGURVEGARINN:**
**Jack Nicklaus,** 1986 – 46 ára, tveggja mánaða og 23 daga gamall

**YNGSTI SIGURVEGARINN:**
**Tiger Woods,** 1997 – 21 árs, þriggja mánaða og 14 daga gamall

**BESTA SKOR Á HRING Í MÓTINU:**
**63 högg** (níu undir pari) - Nick Price, 1986; Greg Norman,1996

**LÆGSTA SKOR EFTIR 36 HOLUR:**
**131 -** Raymond Floyd (65-66), 1976

**LÆGSTA SKOR EFTIR 54 HOLUR:**
**201 -** Raymond Floyd (65-66-70), 1976; Tiger Woods (70-66-65), 1997

**LÆGSTA SKOR Í MÓTINU:**
**270 -** Tiger Woods (70-66-65-69), 1997
**271 -** Jack Nicklaus (67-71-64-69), 1965; Raymond Floyd (65-66-70-70), 1976
**272 -** Tiger Woods (70-66-68-68), 2001; Phil Mickelson (67-71-67-67), 2010

**HÆSTA SIGURSKOR:**
**289 högg -** Sam Snead (74-73-70-72), 1954; Jack Burke (72-71-75-71), 1956; Zach Johnson (71-73-76-69), 2007

**MESTA FORYSTA EFTIR 18 HOLUR:**
**Fimm högg** - Craig Wood (66), 1941

**MESTA FORYSTA EFTIR 36 HOLUR:**
**Fimm högg -** Herman Keiser (137), 1946; Jack Nicklaus (135), 1975; Raymond Floyd (131), 1976

**MESTA FORYSTA EFTIR 54 HOLUR:**
**Níu högg -** Tiger Woods (201), 1997

**STÆRSTI SIGURINN:**
**12 högg -** Tiger Woods, 1997

**OFTAST LEIKIÐ Í MASTERS Í RÖÐ:**
**50 -** Arnold Palmer (1955-2004)
**46 -** Doug Ford (1956-2001)
**45 -** Raymond Floyd (1965-2009)
**44 -** Sam Snead (1937-1983) (mótið fór ekki fram árin 1943-1945)
**41 -** Ben Crenshaw (1972-2012)
**40 -** Jack Nicklaus (1959-1998)

**OFTAST Í GEGNUM NIÐURSKURÐINN:**
**37 -** Jack Nicklaus
**30 -** Gary Player
**27 -** Raymond Floyd
**26 -** Fred Couples
**25 -** Arnold Palmer, Ben Crenshaw
**24 -** Tom Watson
**23 -** Billy Casper

# Nicklaus á flest met á Augusta National

Jack Nicklaus á mörg met á Masters-mótinu og er sá kylfingur sem unnið hefur mótið oftast. Nicklaus, eða Gullbjörninn eins og hann er stundum kallaður, stóð alls sex sinnum uppi sem sigurvegari í mótinu, síðast árið 1986. Þá var hann 46 ára gamall og varð þar með elsti sigurvegarinn í mótinu frá upphafi. Tiger Woods er yngsti kylfingurinn til að hafa klæðst græna jakkanum. Hann var aðeins 21 árs gamall þegar hann vann mótið árið 1997.







2 SPORT HD US MASTERS 11.-14. APRÍL

GRÆNI JAKKINN SKAPAR MEISTARANN

Það er stundum sagt að fötin skapi manninn. Það á vel við um US Masters, eitt sögufrægasta golfmót í heimi. Þar mætast allir bestu kylfingar veraldar og keppa um eftirsóttustu golfverðlaun allra tíma: Réttinn til að klæðast græna jakkanum! Fylgstu með baráttunni í leiftrandi háskerpu!

Bein útsending frá hinum fræga Augusta National velli í Georgíu sem fagnar 80 ára afmæli í ár.

FIMMTUDAGUR KL. 19:00
FÖSTUDAGUR KL. 19:00
LAUGARDAGUR KL. 19:00
SUNNUDAGUR KL. 18:00

HONDA Hraunkot Golfæfingasvæði ICELANDAIR PÓSTURINN

2 SPORT HD

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



HYUNDAI I 20 classic. Árgerð 2010, ekinn 72 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.230043.



CHEVROLET Suburban METAN 2500 4x4. Árgerð 2007, ekinn 68 Þ.KM, METAN BTEYTTUR , sjálfskiptur. Verð 5.900.000. Rnr.104607.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



**TILBOÐ 4.990.000.-**
M.BENZ SPRINTER 316 CDI 4X4. Árg.'06,ek.aðeins 85.þ km,9 manna,lítur vel út,ný dekk,gott lakk,er á staðnum.5 gírar. Verð áður 5.890.000.- Tilboð 4.990.000.- Rnr.102729.



TOYOTA LAND CRUISER 90 33". Árg.'00.ek. aðeins 149.þ km,dísel,5 gírar,mikið endurnýjaður,er á staðnum. Verð 1.890.000. Rnr.350417.



**4WD - SJÁLFSKIPTUR**
SUZUKI IGNIS GL 4WD. Árg.'04,ek.119.þ km,bensín, sjálfskiptur100 % lán mögulegt,er á staðnum.Verð 980.000.Rnr.103295.



**TILBOÐ 1.980.000.-**
HYUNDAI TERRACAN 38".Árg.02' ek.167.þ km,dísel,5 gírar,ný upptekinn vél,er á staðnum,Verð áður 2.890.000.- Tilboð 1.980.000.- Rnr.103139.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 & lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

bilfang.is S.567 2000



**GÓÐ KAUP !**
Nissan Patrol Diesel 11/2003 sjálfskiptur, 7 manna, ek 164 þ.km flottur jeppi á nylegum 33" dekkjum , nú á 1790 þús !!!



**GÓÐ KAUP 4X4 !**
M-Benz C 240 Avantgarde 4matic 12/2002 (mód 2003) ek 110 þ.km sjálfsk, 1 eigandi fallegur bill , nú á 1490 þús !!!



**GÓÐ KAUP !**
Range Rover Sport 4.4 HSE 11/07 (mód 2008) ek aðeins 56 þús km , bill hlaðinn búnaði, 1 eigandi , allur uppá 10 ! (raðnr 122776 ) Nú á 5990 !!!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



Huyndai H1 árgerð 2006, 4x4, diesel, 7 manna, dráttarkúla, ekinn 95 þús.km., ný dekk, einkabíll, þjónustubók, sk.'14, verð kr. 2.650.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292 (einnig árgerð 2006, 8 manna)




Renault Megane station árgerð 2007 ekinn aðeins 65 þús.km., einn eigandi, sjálfsk., þjónustubók, sk.'14, verð kr. 1.580.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292.



VW Transporter árgerð 2005, 4x4 syncro, 2,5 diesel, ekinn 150þús.km., dráttarkúla, ný heilsársdekk, vsk-bíll, sk.'14, verð kr. 1.980.000,- m.vsk. gsm. 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



PORSCHE Cayenne turbo 451 hö. Árgerð 2006, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 4.990. ásett verð 6.450 umboðsbíll Rnr.310579.



M.BENZ Glk 220 cdi 4matic glk-220 (984). Árgerð 2012, ekinn 13 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.300.eins og nýr og bíður eftir nýjum eiganda Rnr.113130.



AUDI Q5 quattro dísel. Árgerð 2010, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900. gullmoli er eins og nýr Rnr.113040.



TOYOTA Land cruiser 120 disel. Árgerð 2004, ekinn 250 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.680. ÓAÐFINNALEGUR JEPPI Rnr.218793.



LAND ROVER Range rover supercharged. Árgerð 2007, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.490. topp eintak 2 eigendur frá upp hafi og umboðsbíll Rnr.119298.

**OPIÐ TIL KL. 21.00 Á FIMMTUDÖGUM Í SUMAR**

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**Opið til kl. 21 á fimmtudögum.**
**www.nyja.is**

100bilar.is bílasala



NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 FET, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Verð frá 2.169þ.kr, ATH 5stk eftir, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex luxury 2,2 197hö. Árgerð 2012, ekinn 26 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.140357.



NISSAN Pathfinder. Árgerð 2007, ekinn 130 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.160050. VERÐ NÚ kr: 3.390.000,-



SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2007, ekinn 114 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.110838.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu



VW Golf árg'03 ek. 97þús.km. Allt nýtt í bremsum, ný tímareim, nýleg sumar og vetrardekk, góð smurbók. V. 790þús S. 773 0940




Tilboðsverð á rafbílum frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is - S. 5522000



Yamaha Virago 535 cc árgerð 2004 ekið 16.300 km. Verð: 450.000 kr. Gott byrjendahjól. Uppl. í síma: 772-0323 eða 847-3535.



Toyota Corolla ,99 til sölu. Ek. 192 þús. Skipt um tímareim, er með dráttarkrók, beinskiptur, skoðaður - næsta skoðun sept. ,14. Góður bíll. Uppl. í s. 690 3672.



Nissan Almera 1.8 ltr. vél, sjálfskiptur, árg. 2003. Til sölu vegna flutninga erlendis, keyrður 115.000 km. Ný tímakeðja. Staðgreiðsluverð: 520 þús. kr. Upplýsingar í síma 691 7200



**!!! LINCOLN LS 2002 !!**
Flottur bíll á góðu verði til sölu. Er hlaðinn aukabúnaði og 17" felgugangur fylgir með. Árgerð 2002, ekinn 58 þús. mílur. Verð 1.490.000kr. stgr. Uppl. í síma: 898 6979.

## 0-250 þús.



**SJÁLFSKIPTUR GÓÐUR Á 220 ÞÚS!**
Hyundai Sonata 2.0 árg'99, ek 173 þús, sjálfskiptur, með skoðun út árið, nýlega yfirafarin, fínn bíll og góður í akstri, en farið að sjást á honum að utan verð 220 þús (ásett 450 þús) s.841 8955



Toyota Corolla 1,3 1995, 5 gíra, cd, dráttarbeisli, skoðaður 2014. ekinn 295 þús. Verð 185. Uppl. síma 899-9000



**ALMERA TILBOÐ 215ÞÚS**
Nissan Almera árg. ,00 1400 5 gíra, sk. ,14 ek. 130þús. Góður bíll á 215þús S. 891 9847

## 250-499 þús.



Nissan Terrano II 2,7 Dísel Túrbó, 1998, 5 gíra, 7 manna, tímakeðja, leðurklæddur, 2 eigendur, skoðaður 2014, dráttarbeisli, topplúga, fullkominn fyrir fellihýsið, ekinn 233 þús. Verð 380 þús. uppl. í síma 615-1810

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 550 ÞÚS!**
FORD ESCAPE 4x4 2001 ek aðeins 130 þús, sjálfskiptur, ný yfirfarinn og skoðaður 14, góð heilsársdekk, cd, fjarstýrðar samlæsingar ofl.verð 720 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

## Bílar óskast

**0-200 Í PENING STRAX!**
óska eftir bíl fyrir allt að 200 þús. stgr., helst ekki eldri en ,98 fólksbíl,smábíl eða jeppling skoða allt! má þarfnast lagfæringa, er með pening og pappíra klára og get gengið frá því strax ef mér líst á S. 691 9374.

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777-3077.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól




## til sölu

**Toyota Aygo 1.0 VVT-i – NÝR BÍLL -**



**Árgerð 2013,**
**beinskiptur, loftkæling.**
**Eyðir 4,3 l/100.**
**Getum afhent bíla strax.**
**Verð: 1.890.000**
**Verð frá umboði: 2.4 millj.**

**Möguleiki á allt að 80% fjármögnun. 5 ÁRA ÁBYRGÐ.**
**Raðnúmer 133070.**

STÓRA BÍLASALAN
**Kletthálsi 2 • 110 Rvk**
**S. 586 1414 • www.stora.is**

## Reiðhjól




Gerum við allar gerir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjw@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is




## Bátar



Strandveiði báturinn Örkinn SH359. Vel með farinn, ný uppgert dekk, nýr stóll og yanmar 0 - 2003. Keyrð 1001 klst. Stærð vélar 412 hestöfl. Uppl. Pétur 893-3256 eða 587-9942 Bein sala.



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Óska eftir 200-300 hestafla bátavél með hældrifi. S. 863 5699

## Bílaþjónusta




## Varahlutir

**EÐAL PARTAR**

Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159




**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir




**GAUI PÍP**

Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

**STIGAGANGAHREINSUN.IS**

Teppahreinsun, veggjahreinsn, bónvinna. Pawel S. 842 6522.

## Garðyrkja










## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

Get bætt við mig bókhaldi fyrir einyrkja og félög. Áralöng reynsla. S: 699-5023.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald










Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**JARÐVINNA**

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og hellulagnir, endurnýjun dren og klóaklagnir. Vélaleiga, Efnissala. Uppl. s. 869 1700/868 4043. Jarðlausnir ehf.

**VIÐHALD FASTEIGNA.**

Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 694 7881 Zanna Volkova.

Ertu aum/aumur í hálsi, höfði, mjóbaki þá er þetta rétta stofan fyrir þig. Nudd fyrir heilsuna. Gerður Ben nuddari S: 698 2260

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Til sölu General Elecric amerískur ísskápur 4 ára keyptur í Eirvík úr ryðfríu stáli. Upplýsingar í síma 897 4303.






Skjalaskápar og öryggisskápar til sölu, vatns- og eldheldir. Einnig lagerstigar og fleiri vinnutæki á góðu verði. Uppl. í s. 864 4989.



Golf Cruiser golfhjólið er komið í hús. Létt og meðfærileg rafmagns skutla sem hentar vel á golfvöllinn. Verð aðeins 359 þúsund. VDO. Borgartúni 36. S: 588 9747 www.vdo.is

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Óska eftir 200-300 hestafla bátavél með hældrifi. S. 863 5699

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**

Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 20fm herb. í laugardalnum. Bara kvk kemur til greina. Uppl: 616 1056

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast



Óskum eftir 3. herb íbúð. Erum par á þrítugs aldri reglusöm og vel stæð með góð meðmæli og erum með tryggingu í hvaða formi sem er. Erum með lítinn og sætan hund. Uppl. í s. 773 3374.

Young couple expecting a baby looking for an apartment to rent in Hfj 220-221. 1-2 bedrooms in good price from 1-st og may. 894 7591 or 844 1908.

## Sumarbústaðir

Skoða og verðmet sumarhús á S-landi. Mikil sala. Jón Rafn lögg. fasteignasali. S: 695 5520. Valhöll fasteignasala

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## fasteignir

heimili FASTEIGNASALA
Sími 530 6500
heimili@heimili.is
www.heimili.is

# Þarft þú að selja fasteign

Óskum eftir fasteignum til sölu á höfuðborgarsvæðinu.
Bæði íbúðar- og atvinnuhusnæði.
Áralöng traust þjónusta og fagleg ráðgjöf.




Bogi Pétursson, Lögg. fasteignasali, S: 699 3444, bogi@heimili.is

Finnbogi Hilmarsson, Lögg. fasteignasali, S: 895 1098, finnbogi@heimili.is

BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540

Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

### Opið hús
### Grenibyggð 7 Mosfellsbæ
**Í dag 11. apríl . Kl. 17.00 til 17.30.**







Glæsilegt 138 fm. parhús á tveimur hæðum auk 26 fm. bílskúrs, samtals 164 fm. Anddyri með flísum á gólfi. Gestasnyrting. Hol með opið í bjarta og rúmgóða stofu með eikarparketi. Sólskáli með flísum á gólfi, sólpallur. Eldhús með vandaðri eldhúsinnréttingu og gaseldavél og flísar milli skápa. Þvottahús inn af eldhúsi með útgengi á lóð. Upp á efri hæðina liggur sérsmíðaður stigi. 4 góð svefnherbergi með skápum og er eitt þeirra í risi undir súð. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með innréttingu og sturtuklefa. Útgengt á þak bílskúrs þar er heitur pottur og góðir skjólveggir. Fallegur garður. Bílaplan með snjóbræðslu. Bílskúr með hita, rafmagni og vatni. Hellulögð stétt með hita. Vandað og vel viðhaldin eign. **Starfsmaður Berg fasteignasölu tekur á móti gestum.**

## tilkynningar

# Aðalfundur
### Félags háskólakvenna og kvenstúdenta

Verður haldinn að Hótel Holti **fimmtudaginn 18. apríl n.k.** og hefst hann kl. 16.

**Dagskrá:**
Hefðbundin aðalfundarstörf
Önnur mál

*Stjórn FHK*

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Auglýsing
### Um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030, innan dreifbýlis Árborgar. Breytingin nær til landspildu úr landi Byggðarhorns. Um er að ræða breytingu á búgarðabyggð yfir í athafnasvæði.

Skipulagstillagan mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 67 og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi á skrifstofutíma frá 8-15 á tímabilinu 11. apríl 2013 til og með 24. maí 2013. Skriflegar athugasemdir eða ábendingar við tillöguna þurfa að berast skipulags- og byggingarfulltrúa í síðasta lagi 24. maí 2013 og má senda þær í pósti til embættisins eða á netfangið bardur@arborg.is.

Einnig er hægt að kynna sér tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborar á http://www.arborg.is.

*Selfossi 11. apríl 2013*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.*

# AÐALFUNDUR

**SPOEX Samtök psoriasis og exemsjúklinga, boðar til aðalfundar þann 18. apríl næstkomandi kl. 19:00**

SPOEX

Fundurinn verður haldinn í húsnæði Actavis, Dalshrauni 1 á 5.hæð, 220 Hafnarfirði og hefst kl. 19:00

**Dagskrá aðalfundar:**
Skýrsla formanns
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

**Léttar veitingar í boði**

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

**Framleiðsla Alvogen á lyfjum með líffræðilegum aðferðum, Reykjavíkurborg**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til **13. maí 2013.**

**Skipulagsstofnun**


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Höfum fjársterkan kaupanda að heilum fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu

**Viðkomandi aðili vill fjárfesta í fullbúnum eignum, sem þegar eru í útleigu eða allt eins í eignum, sem eru í smíðum og skilast fullbúnar.**

**Einnig gæti komið til greina að kaupa byggingarlóðir undir fjölbýlishús á góðum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.**

**Nánari upplýsingar veitir**
**Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali, í síma 570-4500.**

## Kópavogsbraut 76.
200 Kópavogur
Glæsilegt fullbúið einbýli.

**Stærð: 161,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1952**
**Fasteignamat: 37.700.000**

RE/MAX Lind






**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17:00 - 18:00.**

**Verð: 57.000.000**

Um er að ræða mjög mikið endurnýjað fullbúið einbýlishús á tveimur hæðum við Kópavogsbraut í vesturbæ Kópavogs. Húsið stendur á 1.043 fm hornlóð. Fjögur svefnherbergi og þrjú baðherbergi. Falleg útsýni. Í HEILD ER ÞETTA MJÖG FALLEGT OG MIKIÐ ENDURNÝJAÐ EINBÝLISHÚS Á GRÓNUM OG EFTIRSÓTTUM STAÐ Í VESTURBÆ KÓPAVOGS.
OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG AÐ KÓPAVOGSBRAUT 76 FRÁ KL 17:00 - 18:00. ALLIR VELKOMNIR.

Andri Sigurðsson
Sölufulltrúi
**690 3111**
andri@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

# MEIRA SKÚBB

vísir - oft á dag

# Menntamálin í forgang

STJÓRNMÁL



**Skúli Helgason**
3. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík norður

Velferðarmál, ekki síst heilbrigðismál og menntamál, verðskulda mun meiri umræðu en verið hefur í kosningabaráttunni.

Við jafnaðarmenn viljum að menntamálin fái aukinn forgang í íslenskum stjórnmálum enda er öflugt menntakerfi forsenda velferðar heimilanna og fjölbreytts atvinnulífs.

### Á forsendum nemenda

Margt er prýðisvel gert í íslensku skólakerfi og þúsundir kennara vinna mikilvægt starf á hverjum degi um land allt. Við þurfum hins vegar að mæta af krafti ákveðnum áskorunum, ekki síst þeirri að brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum er með því mesta sem þekkist í Evrópu – þriðjungur nemenda hættir án þess að ljúka námi og það er óviðunandi sóun á mannauði og fjármunum. Verk- og tækninám fer halloka fyrir bóknámi í skólakerfinu og fjárveitingar til framhaldsskóla og háskóla eru of lágar borið saman við Norðurlöndin og meirihluta ríkja innan OECD.

Samfylkingin vill bregðast við þessu með því að takast á við brotthvarf með forvörnum og skimun strax í grunnskólum, bjóða persónubundna námskrá fyrir þá sem eru í „áhættuhópum“, auka fjölbreytni í kennslu og áherslu á verklegt nám og verkefnabundið nám. Mikilvægt er að öllum nemendum standi til boða námsráðgjöf og síðar starfsráðgjöf. Auka þarf fjárveitingar til framhaldsskóla og háskóla samhliða aðgerðum sem auka samvinnu, verkaskiptingu og sameiningu háskóla, ef og þegar hún skilar bættu skólastarfi og skynsamlegri nýtingu fjármuna.

### Áhersla á verk-, tækni- og listnám

Lengi hefur verið talað um þörfina fyrir aukið verk- og tækninám, en minna orðið úr raunverulegum breytingum á forgangsröðun og viðhorfum í samfélaginu og skólakerfinu. Samfylkingin hefur mótað aðgerðaáætlun um eflingu verk-, tækni- og listnáms, sem m.a. felur í sér hvatningarátak með kynningu á fjölbreyttum valkostum í slíku námi, markvissa vinnu gegn fordómum í garð þessara greina, aukið vægi þeirra á öllum skólastigum, svo sem með verklegu námi í smiðjum um land allt í samstarfi við atvinnulífið o.m.fl.

Samfylkingin vill bæta námslánakerfið, hækka grunnframfærslu námslána og breyta fjórðungi lána í styrk. Samfylkingin er síðan eini flokkurinn sem leggur áherslu á að taka upp að nýju samtímagreiðslur námslána og leysa þar með námsmenn undan þeirri kvöð að þurfa að taka yfirdráttarlán í bönkum meðan þeir bíða eftir útborgun námslána. Sjálfstæðisflokkurinn innleiddi það fyrirkomulag illu heilli fyrir 20 árum og það kostar námsmenn stórar fúlgur á hverju ári, auk þess að fela í sér óeðlilega ríkisaðstoð við fjármálastofnanir.

**➔ Samfylkingin er síðan eini flokkurinn sem leggur áherslu á að taka upp að nýju samtímagreiðslur...**

# Mannauðsflóttinn frá Íslandi

STJÓRNMÁL



**Karen Elísabet Halldórsdóttir**
í 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Sv-kjördæmi

Ein mesta ógnin við mögulegan vöxt íslensks efnahags og versta afleiðing efnahagshrunsins er landflóttinn, mannauðstapið. Frá árinu 2009 hafa um 2,7% þjóðarinnar flutt af landi brott, sem er gífurlega hátt hlutfall af ekki stærri eyþjóð. Alltof margir hafa ákveðið að hag sínum sé betur borgið annars staðar. Sumir fóru vegna þess að þeir sáu ekki fram úr skuldum, misstu vinnuna, lækkuðu í tekjum, vegna versnandi vinnuumhverfis og síðast en ekki síst vegna þess að þeir höfðu ekki trú á aðgerðum stjórnvalda til þess að byggja hér upp trúverðuga framtíð. Við vitum af hryllilegum staðreyndum þess efnis að hér séu heilu stéttirnar að hverfa úr landi, nefni hér sérfræðilækna sérstaklega. Ríkisstjórnin hefur útskýrt þetta sem minnkandi atvinnuleysi á Íslandi. Ég útskýri þetta sem sjúkt atvinnulíf og blóðtöku sem ekki verður unað við öllu lengur.

Ég tel að þessir brottfluttu Íslendingar eigi það meira og minna sameiginlegt að bíða eftir því að aðstæður breytist „heima“ svo þeir geti snúið aftur. Hér vill fólk eiga heima og bera sín bein. Hér bíðum við eftir því að fá ástvinina okkar heim. Til þess þurfa aðstæður að breytast. Hér þarf fjárfesting að fara af stað svo að atvinnutækifærum fjölgi og síðast en ekki síst atvinnuöryggi aukist. Eins og staðan er í dag eru mörg fyrirtæki orðin þreytt á óhóflegri skattastefnu ríkisins og því skekkta samkeppnisumhverfi sem hér ríkir vegna afskrifta tiltekinna fyrirtækja. Það er ekki sjálfgefið að einstaklingar séu í atvinnurekstri því ábyrgðin sem því fylgir er ekki fyrir hvern sem er og oft vanmetin.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið með raunhæfar lausnir fyrir einstaklinga og heimili. Við ætlum, líkt og aðrir flokkar, ekki að gefa tommu eftir í samningaviðræðum við vogunarsjóðina. Ef þetta svigrúm myndast sem fólk vonast eftir munum við að sjálfsögðu nýta það til góðra verka heimilunum og samfélaginu öllu til góða. Ekki skortir hugmyndirnar um nauðsynleg verkefni sem þarf að ráðast í. Við gefum okkur niðurstöðuna samt sem áður ekki fyrir fram þar sem það er einfaldlega óábyrgt. Í Sjálfstæðisflokknum er einvalalið einstaklinga sem hæfastir eru til þess að leiða slíkar samningaviðræður þjóðinni til heilla. Merkjum X við D.

**➔ Hér bíðum við eftir því að fá ástvinina okkar heim. Til þess þurfa aðstæður að breytast.**




†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR LEIFSSON**
**fyrrverandi rafverktaki,**
**Lækjarseli 13, Reykjavík,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 7. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.



**María Helga Guðmundsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Guðjón Sigurðsson** **Louisa Aradóttir**
**Hólmfríður Sigurðardóttir** **Eggert ólafsson**
**Kolbrún Alda Sigurðardóttir**
**Gunnar Sigurðsson** **Margrét Svavarsdóttir**
**Kristín Svala Sigurðardóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Rósa S. Guðmundsdóttir** **Rúnar H. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁRNI VILHJÁLMUR JÓNSSON**
**frá Mjóafirði,**
**Fífuhvammi 17, Kópavogi,**

lést á Landspítala í Fossvogi mánudaginn 8. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 15. apríl kl. 15.00.



**Jenný G. Godby** **Jim Dale Godby**
**Jón Steinar Árnason** **Gunnhildur Olga Jónsdóttir**
**Halla María Árnadóttir** **Tryggvi L. Skjaldarson**
**barnabörn, langafa- og langalangafabörn.**

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN SIGURÐSSON**
**frá Raufarhöfn,**

sem lést á Skjóli mánudaginn 8. apríl, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. apríl kl. 13.00.



**Heiðar Bergur Jónsson** **Þorbjörg Sandra Sveinsdóttir**
**Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir** **Guðlaugur Vilberg Sigmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Elskulegur eigninmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**AUÐUNN VALDIMARSSON**
***Kríuhólum 2, Reykjavík,***

sem lést 4. apríl, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 12. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Von, styrktarfélag gjörgæsludeildar Landspítala Fossvogi.



**Gréta Oddsdóttir**
**Þuríður L. Auðunsdóttir** **Þ. Skorri Steingrímsson**
**Valdimar Auðunsson** **Julia Doppler**
**Sæunn Auðunsdóttir** **Róbert Ó. Skúlason**
**Steingrímur og Bjarkar Þormóðssynir**

†

Okkar ástkæra móðir og systir,

**GUÐMUNDA V. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**(STELLA)**
**Sigtúni 33, Reykjavík,**

sem lést á föstudaginn langa, verður jarðsungin föstudaginn 12. apríl kl. 13.00 í Laugarneskirkju.



**Kristjana Ársælsdóttir**
**Einar G. Ársælsson**
**Jón Óskar Guðmundsson**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



**NÝR REKTOR** Fríða Björk Ingvarsdóttir segist hlakka til að takast á við þá ögrun sem nýja starfinu sem rektor Listaháskóla Íslands fylgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Standa þarf vörð um akademísk gildi

Fríða Björk Ingvarsdóttir hefur verið ráðin rektor Listaháskóla Íslands. Hún tekur við embætti 1. ágúst næstkomandi af Hjálmari H. Ragnarssyni, sem hefur verið rektor frá stofnun. Hún segist ekki hafa plön um að bylta starfsemi skólans, en nýju fólki fylgi auðvitað alltaf nýjar áherslur.

„Það er mikill heiður fyrir mig að fá að taka þátt í uppbyggingu sem stofnun á borð við Listaháskólann mótast af,“ segir Fríða Björk spurð hvernig nýja starfið leggist í hana. Hún segist ekki geta svarað því á þessu stigi málsins hvaða breytingar rektorsskiptin muni hafa í för með sér, enda taki hún ekki við embætti fyrr en 1. ágúst. „Auðvitað fylgja alltaf nýjar áherslur nýju fólki, en ég get ekki sagt til um hverjar þær muni verða þar sem ég þekki skólann ekki innan frá enn sem komið er.“

Fríða Björk er með MA-gráðu í 19. og 20. aldar skáldsagnagerð frá háskólanum í East Anglia í Norwich, en námið var samtvinnað deild háskólans í ritlist. Veigamikill þáttur í náminu var menningarfræðileg greining á skapandi listum og samhengi þeirra við umhverfið. Bókmenntir eru ekki hluti af námsgreinum Listaháskólans en Fríða Björk segist engu að síður álíta að nám í þeim sé góður grunnur fyrir starfið. „Gamli kennarinn minn í mastersnáminu í bókmenntum í Bretlandi vísaði iðulega til þess að í því námi væri okkur kennt að greina tengingar og sjá stóru myndina. Bæði þessa sögulegu yfirsýn og innbyrðis tengsl og vinna úr því. Í raun og veru er það það sem ég hef verið að gera á mínum starfsferli; skoða, greina og tengja fólk og verkefni saman þvert á margvísleg mæri. Ég hef unnið í flestum greinum menningarinnar, ekki bara innan bókmenntanna þótt ég hafi vissulega einungis kennt bókmenntir. Og þessi greinandi aðferðafræði sem bókmenntirnar nota nýtist manni við menningargreiningu, greiningu á sköpunarferlinu og áhrifum þess á þjóðlífið.“

Þannig að þú hlakkar til að takast á við þetta verkefni? „Já, mér finnst þetta ögrandi og skemmtilegt verkefni. Mér finnst líka ástæða til að taka það fram að þótt manni finnist Listaháskólinn alltaf hafa verið til þá var hann bara stofnaður fyrir fimmtán árum og á þeim tíma er núverandi rektor, ásamt sínu fólki, búinn að byggja upp heilan skóla úr nánast engu. Og þótt auðvitað hafi verið til fagleg viðmið og metnaður í kennslu listgreina áður en LHÍ var stofnaður þá er hann að miklu leyti ábyrgur fyrir því að byggja upp akademísk gildi á þessu sviði. Hann er fyrsta stofnunin sem vinnur markvisst að því að búa til slík viðmið á sviði sköpunar og listmenningar inn í íslenskt samfélag.“

Svona ungur skóli er náttúrulega enn í mótun þannig að þín bíður það hlutverk að taka þátt í að fullmóta hann, ekki satt? „Jú, og það sem þarf að huga að í framtíðinni er að vinna frekar að þverfaglegri nálgun innan skólans, auk þess að styrkja þetta bakbein í skólanum sem lýtur að einstökum listgreinum, listamönnum og þeirra framtíð. Síðan þarf vitaskuld að standa vörð um þau gildi sem fylgja háskólanámi yfirleitt – standa undir þeirri ábyrgð.“


fridrikab@frettabladid.is


## Starfsferill Fríðu Bjarkar

Fríða Björk hefur getið sér gott orð sem bókmennta- og menningarrýnir, rithöfundur, blaðamaður og þýðandi. Undanfarin ár hefur hún starfað sjálfstætt, m.a. sem þýðandi og fyrirlesari, en einnig sem þáttagerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu. Hún hefur verið fastur gagnrýnandi Víðsjár á Rás 1 og í Kiljunni í Sjónvarpinu. Um þessar mundir er hún gestaumsjónarmaður í vikulegum þætti á Rás 1, Íslensk menning – getum við gert betur?. Fríða Björk starfaði hjá Morgunblaðinu í tæp 10 ár (2000-2009) og gegndi þar ýmsum störfum. Hún var ritstjórnarfulltrúi menningar um árabil, einn af leiðarhöfundum blaðsins, pistla- og greinahöfundur. Einnig skrifaði hún bókmenntagagnrýni bæði um íslenskar bókmenntir og erlendar. Fríða Björk vann einnig sem sérfræðingur í þýðingardeild utanríkisráðuneytisins um skeið og kenndi við Háskóla Íslands á árunum 1997-2008.

Fríða Björk er gift Hans Jóhannssyni hljóðfærasmið og eiga þau tvö börn, Elínu Hansdóttur myndlistarmann og Úlf Hansson tónskáld.


†

Innilega þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, afa og langafa,

**ANDRÉSAR HAFLIÐA GUÐMUNDSSONAR**
**Miðleiti 7, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjartadeildar Landspítalans.



**Kristín Magnúsdóttir**
**Örn Andrésson**
**Guðbjörg Erla Andrésdóttir**
**Ingibjörg Ólöf Andrésdóttir**
**Magnús Andrésson**
**afa- og langafabörn.**

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR ÓLAFSSON**
**Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 5. apríl sl. Útför hans verður gerð frá Akraneskirkju föstudaginn 12. apríl kl. 14.00.



**Halldór Ólafsson** **Guðlaug Sigurjónsdóttir**
**Jóhannes Ólafsson** **Herdís Þórðardóttir**
**Ólafur Ólafsson** **Ingiríður Kristjánsdóttir**
**Þráinn Ólafsson** **Helga Jóna Ársælsdóttir**
**Lárus Þór Ólafsson** **Valgerður Sveinbjörnsdóttir**
**Steinunn Helga Ólafsdóttir** **Halldór Hauksson**
**afa- og langafabörn.**

# „... þingmaður og svarið er?“




## Öryrkjar bíða eftir leiðréttingum

**Fullyrðing stjórnvalda:** Lágtekjuhópar hafa notið sérstaks forgangs á síðustu fjórum árum.

**Staðreynd:** Þetta á ekki við um öryrkja. Frá því í janúar 2009 hafa kjör öryrkja versnað og tekjur þeirra dregist aftur úr tekjum annarra.

Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 20,5%, launavísitala um 23,5% en meðaltekjur öryrkja fyrir skatta einungis hækkað um 4,7%

Fundur ÖBÍ um **kjör** öryrkja verður **haldinn laugardaginn 13. apríl frá kl. 14.00–16.30 á Hilton Reykjavík.**

Frambjóðendur munu svara spurningum. **Bein útsending** frá fundinum á www.obi.is.

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-0647

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** svanur, **6.** í röð, **8.** mánuður, **9.** hyggja, **11.** tveir eins, **12.** goðmögn, **14.** þúsundasti hluti, **16.** tveir eins, **17.** mál, **18.** segi upp, **20.** gelt, **21.** tilræði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gætt, **3.** í röð, **4.** knús, **5.** tími, **7.** aldin, **10.** á sjó, **13.** hnoðað, **15.** skál, **16.** augnhár, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** álft, **6.** áb, **8.** maí, **9.** trú, **11.** ðð, **12.** tótem, **14.** millí, **16.** bb, **17.** tal, **18.** rek, **20.** gá, **21.** árás.

**LÓÐRÉTT: 1.** gátt, **3.** lm, **4.** faðmlag, **5.** tíð, **7.** brómber, **10.** úti, **13.** elt, **15.** ílát, **16.** brá, **19.** ká.












# Mataræði og tíska

**BAKPANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**ÉG** var að heyra af nýjustu tískunni í mataræði. Nú er best að borða fitu og prótein. Forðast skal brauðmeti í lengstu lög og einnig allan sykur – jafnvel þó hann komi úr ávöxtum. Mjólk er nú aftur komin í tísku eftir áratugslanga eyðimerkurgöngu. Þessi tíska er áþreifanleg í matreiðsluþáttum, matreiðslubókum og almennri umræðu um mataræði og hollt líferni.

**MATUR** er tískuvara eins og allt annað. Munurinn á mat og til dæmis fatnaði er þó sá að mataræðistískan er byggð á „vísindum“. Þessi vísindatenging gæti ekki gengið upp í fatatískuiðnaðnum. Það myndi enginn geta haldið því fram að það sé vísindalega sannað að síðir kragar og loð sé málið þennan veturinn. Þetta er hægt með mataræði. Ástæðan er sú að heilsufræði, hvað svo sem þau standa fyrir, eru býsna vafasöm fræði.

**SANNLEIKURINN** er sá að það eina sem hægt er að sanna er að mannskepnan getur étið hvað sem er. Til eru frásagnir af japönskum skipsbrotsmönnum sem borðuðu bara kókoshnetuhýði áratugum saman. Ég hef séð myndir af þessum mönnum og þeir litu bara vel út. Sixpack og skínandi hvítar tennur. Svo er til fólk sem borðar gler og fjarstýringar. Einn maður borðaði heilan strætó og var byrjaður á júmbó-þotu en þurfti að hætta vegna tímaskorts. Sumir sjúga dulur og láta það gott heita. Hjá sjálfum mér er það þannig að dagurinn er ónýtur ef ég hef ekki sporðrennt fimm franskbrauðsneiðum og hálfum lítra af mjólk áður en klukkan slær 9.30.

**SAMT** er gaman að taka þátt í mataræðistískunni. Ég vil jafnvel ganga lengra. Af hverju er ekki til svefntíska? Ég væri til í að heyra fólk halda því fram að það sé „vísindalega sannað“ að homo sapiens skuli sofa standandi einu sinni í viku (hestar gera það). Miðaldamenn sváfu víst sitjandi, það var af ótta við Guð. Það mætti innleiða aftur, allavega sem tímabundna tísku.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




**ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM**

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



**ENN BETRA VERÐ**

### 16GB MINNISLYKILL

Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.990**

4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990



**SUMAR GRÆJAN**
BeBook lestölvan er málið :)

LES ÍSLENSKAR OG ERLENDAR RAFBÆKUR

### PURE LESTÖLVA

6" E-Ink lestölvan er fislétt og örþunn, aðeins 188gr og 8mm, geymir allt að 4000 bækur

**19.900**

M/SNERTISKJÁ OG WIFI 29.900



**MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

### 23"LED SKJÁR

Glæsilegur skjár frá BenQ með nýjustu LED tækninni sem tryggir ótrúlega litadýpt og skerpu

**29.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

# TÓNLEIKAR

**Andri Björn Róbertsson**
Bass-baryton
**Kristinn Örn Kristinsson**
Píanó




TÓNSNILLINGAR MORGUNDAGSINS

**Salnum, Kópavogi**
11. apríl, 2013, kl. 20.00






## STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

### STEFÁN S. STEFÁNSSON

Stórsveitin frumflytur heila efnisskrá nýrra og spennandi verka eftir saxófónleikarann og tónsmiðinn Stefán S. Stefánsson. Stefán þræðir hér nýja stigu og gerir tilraunir með takta og tónblæ, en tónlistin er rituð með hljóðfæraleikara sveitarinnar í huga.
**Stjórnandi:** Stefán S. Stefánsson

Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður

**HARPA** KALDALÓN
Sunnudag 14. apríl kl. 16:00
Miðaverð kr. 3.000 / 2.500
**Miðar á midi.is - harpa.is - í miðasölu Hörpu**






**ALLT ER FERTUGUM FÆRT** Íslenski dansflokkurinn fagnar fertugsafmæli í ár og sýnir meðal annars verkið Walking Mad af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fagna fertugsafmæli með gamansýningu

Íslenski dansflokkurinn frumsýnir Walking Mad eftir sænska danshöfundinn Johan Inger annað kvöld. Sýningin er sú fyrsta sem dansflokkurinn frumsýnir á 40 ára afmæli flokksins. Stefnir í að apríl verði metmánuður.

Dansverkið Walking Mad eftir sænska danshöfundinn Johan Inger verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu annað kvöld. Það er gamansamt verðlaunaverk sem er sýnt víðs vegar um Evrópu um þessar mundir. „Walking Mad fléttar saman húmor, galsa og geðveiki og hafði Johan Inger orðatiltæki Sókratesar „Okkur hlotnast mestu gæði gegnum brjálæði, ef það er guðsgjöf“ að leiðarljósi þegar hann samdi verkið. Verkið krefst mikils af dönsurunum þar sem þeir fylgja stigmagnandi takti tónverksins Boléro eftir Maurice Ravel en samtímis tjá þær miklu tilfinningar sem fylgja verkinu,“ segir í fréttatilkynningu um verkið.

Auk Walking Mad verður flutt verkið Ótta eftir Ásgeir Helga Magnússon, Hjördísi Lilju Örnólfsdóttur og Unni Elísabet Gunnarsdóttur. Þau eru öll dansarar Íslenska dansflokksins og unnu verkið í nánu samstarfi við aðra dansara flokksins. Ótta var frumsýnt þann 22. nóvember síðastliðinn sem hluti af kvöldinu Á nýju sviði en verður nú lagað að Stóra sviði Borgarleikhússins og sýnt í nýrri útfærslu.

Íslenski dansflokkurinn fagnar 40 ára afmæli sínu í ár. Walking Mad er fyrsta frumsýning afmælisársins en dansflokkurinn hefur í nógu að snúast. Að sögn Gunnars Páls Jónssonar, markaðsstjóra flokksins, er apríl metmánuður hjá flokknum, dansarar hans taka þátt í 25 eða 26 sýningum. „Fyrir utan Walking Mad eru dansarnir með í Mary Poppins, sem er sýnd mjög þétt, þannig að það er nóg að gera.“



**SÆNSKUR HÚMOR** Walking Mad er eftir sænska danshöfundinn Johan Inger.

Svo verður um sinn áfram. Fram undan er flutningur á Vorblótinu á Listahátíð í Reykjavík í maí og þá verður verk Helenu Jónsdóttur, Tímar, frumsýnt í haust. Tímar byggir á stefnumóti eldri og yngri kynslóða úr sögu íslenskrar danslistar og verður samið sérstaklega í tilefni af afmælisári Íslenska dansflokksins. sigridur@frettabladid.is

# Louvre-safni lokað vegna þjófa

Starfsfólk Louvre mótmælti aðgerðaleysi vegna ungra þjófa með verkfalli í gær.

Listasafninu Louvre í París var lokað í gær eftir að starfsfólk safnsins lagði niður störf í mótmælaskyni við ásækni vasaþjófa sem undanfarið hafa herjað á gesti og starfsfólk safnsins. Margir þjófanna eru börn sem komast ókeypis inn í safnið vegna ungs aldurs. Aðferð þeirra felst í því að betla pening og hópast í framhaldinu í kringum fórnarlambið og stela af því verðmætum.

Í árslok í fyrra falaðist stjórn safnsins eftir því að fleiri lögregluþjónar yrðu fengnir til að vakta safnið, en ekki hefur dregið úr vandamálinu. „Börnin eru mjög harðsvíruð og skipulögð,“ sagði einn starfsmaður í samtali við breska blaðið Telegraph. „Handtökur eru ekki mögulegar vegna ungs aldurs krakkanna. Þeir mæta bara aftur næsta dag þó að þeim sé hent út.“

Eftir lokun safnsins í gær héldu um 100 starfsmenn að menntamálaráðuneytinu í Parísarborg og kröfðust aðgerða yfirvalda.



**LOUVRE** 30.000 gestir sækja safnið heim dag hvern á þessum árstíma. Í gær voru þeir töluvert færri vegna lokunar safnsins síðdegis eftir að starfsfólk lagði niður störf.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gott verð í Bónus




Nr. 3 fyrir 4-5 kg. 60 stk.




Nr. 4 fyrir 7-14 kg. 52 stk.




Nr. 4+ fyrir 9-16 kg. 48 stk.




Nr. 5 fyrir 11-19 kg. 44 stk.




Blautklútar 64 stk.

HUGGIES **Gott verð í Bónus**

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# Fjandmenn saman á tónleikum

TÓNLIST ★★★★

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Stjórnandi: Ivan Volkov, einsöngvari: Hanna Dóra Sturludóttir

**HARPA 5. APRÍL**

Ef tónskáldin Wagner og Mendelssohn væru á lífi í dag og væru gestir í Silfri Egils, þá myndi þátturinn enda með handalögmálum og óvæntu auglýsingahléi.

Tónlist eftir óvinina var á dagskránni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á föstudagskvöldið. Óvinirnir voru nánast jafnaldrar. Mendelssohn dó þó langt fyrir aldur fram. Þegar hann kvaddi þennan heim var hann talinn eitt mesta tónskáld fyrr og síðar. Það átti eftir að breytast. Í dag líta margir á hann sem annars flokks tónskáld. Tónlist hans þykir vissulega tæknilega fullkomin, auk þess sem laglínurnar eru flottar. Sumum finnst hún bara ekki nógu djúp.

Líklegast er það Wagner að kenna. Skömmu eftir að Mendelssohn dó skrifaði Wagner afar fjandsamlega grein um hann. Hún var full af gyðingahatri – Mendelssohn var jú af gyðingaættum. Wagner hélt því fram að hann hefði ekki haft nauðsynlegan innblástur, hefði ekki verið raunverulegur listamaður, þrátt fyrir mikla menntun og hæfileika, vegna þess að hann var gyðingur.

Nú er ekki alveg ljóst af hverju Wagner skrifaði þessa grein. Sennilega var það vegna þess að hann var sjálfur að reyna að komast á þann stall sem Mendelssohn var á.

Það eimir eftir af áhrifum greinarinnar í dag. En á tónleikunum á föstudagskvöldið var alveg ljóst hver hafði vinninginn. Það var Mendelssohn! Flutt var þriðja sinfónían hans, Hin skoska eins og hún er venjulega kölluð. Ilan Volkov stjórnaði, og það er gaman að segja frá því að hann hefur sjaldan verið betri. Túlkunin var opnari og óheftari en oft áður. Tónlistin var ótrúlega hrífandi undir stjórn hans. Hún var ekki aðeins áferðarfalleg og flott samansett, heldur líka þrungin skáldskap. Maður fann fyrir þessu óáþreifanlega, sem að mínu áliti einkennir sanna list.

Blásararnir voru í banastuði, sérstaklega hornleikararnir. Í hröðu köflunum var hljómsveitin í heild að vísu eilítið ósamtaka. En í



lifandi flutningi er svo sem aldrei neitt fullkomið. Aðalatriðið var túlkunin.

Wagner kom reyndar einnig ágætlega út. Sigfried Idyll, sem leikið var af litlum hópi meðlima hljómsveitarinnar, var glæsilegt. Samspilið var nákvæmt, og þráðurinn í tónlistinni slitnaði aldrei. Wesendonck-ljóðin voru líka mögnuð. Músíkin sjálf er ekki með því besta eftir Wagner, það er eitthvað fyrirsjáanlegt í henni – hún er of úthugsuð. En það fyrirgafst því söngurinn var ekki af þessum heimi. Einsöngvarinn var einn fremsti söngvari þjóðarinnar, Hanna Dóra Sturludóttir. Rödd hennar var einstaklega fögur; túlkunin svo fáguð og markviss að það var dásamlegt.

Að lokum verð ég að nefna eitt atriði sem skiptir máli á Sinfóníutónleikum. Það er tónleikaskráin. Í henni er venjulega ítarlegur texti um tónlistina á dagskránni. Textinn er hluti af tónlistarupplifuninni, fólk fræðist um verkin og fær betri innsýn í þau. Hinn ritfæri Árni Heimir Ingólfsson skrifaði áður í tónleikaskrárnar og gerði það af fagmennsku. Sömu sögu er ekki að segja nú. Textinn var eftir Helga Jónsson, margar setningarnar voru alltof langar, og sömu orðin komu stundum fyrir aftur og aftur. Það var pínlegt. Hér hefði þurft að vanda betur til verka. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegur flutningur á tónlist eftir Wagner og Mendelssohn. Söngurinn var himneskur. En textinn í tónleikaskránni hefði mátt vera vandaðri.






**ANDRI BJÖRN** Rísandi stjarna á tónlistarhimninum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tónsnillingar morgundagsins

Andri Björn Róbertsson, bassbarítón, og Kristinn Örn Kristinsson, píanó, flytja ljóðasönglög eftir Carl Loewe, Sigvalda Kaldalóns, Jónas Ingimundarson og Franz Schubert í Salnum á morgun, fimmtudag klukkan 20.

Tónleikarnir eru liður í tónleikaröðinni Tónsnillingar morgundagsins.

Andri Björn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 sem bjartasta vonin og núna í mars vann hann fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu Mozart-söngkeppninni í London. Auk þess vann hann einnig áheyrendaverðlaun og sérstök verðlaun fyrir túlkun á Schubert. Hann stundar nú nám við óperudeild Royal Academy of Music í London.

Kristinn Örn stofnaði ásamt fleirum Allegro Suzuki-tónlistarskólann í Reykjavík árið 1998 og hefur starfað þar síðan. Einnig er hann meðleikari við Söngskólann í Reykjavík.

## Á listahátíð í Stokkhólmi


MARGRÉT SARA

Margrét Sara Guðjónsdóttir, danshöfundur og dansari, hefur skapað nýtt verk sérstaklega fyrir nýja og nýstárlega listahátíð í Folksoperan í Stokkhólmi. Hátíðin nefnist Showroom Festival og fer fram um næstu helgi.

Verkið er unnið í samvinnu við hinn víðfræga finnska öskurkór Huutajat og verður sýnt 12. og 13. apríl.

# Brot úr yfir 100 bíómyndum í innsetningu

**Kanadíska listakonan Aleesa Cohene sýnir myndbandsinnsetningu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.**

Myndbandsinnsetning kanadísku listakonunnar Aleesu Cohene, Yes, Angel, verður sýnd í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í tengslum við listahátíðina Sequences IV sem nú stendur yfir. Innsetningin samanstendur af brotum úr yfir hundrað Hollywood-kvikmyndum frá níunda og tíunda áratugi tuttugustu aldar. Cohene setur saman persónur sem eiga í samtali hver við aðra í atriðum sem varpað er á mismunandi skjái. Ásamt nánast goðsagnakenndum sögumanni segja persónurnar sögu missis, skammar og að lokum vonar. Í sýningarrýminu er að finna veggmynd af næturhimni sem er endurskapaður úr myndbandinu, auk ilms sem Cohene bjó til og er innblásinn af lyktinni af blóði. Yes, Angel, tekur áhorfandann inn í frásögn af sálrænum áhrifum alnæmis og möguleikanum á persónulegri og sammannlegri umbreytingu.

Sýningin opnar í kvöld klukkan sex. Þess má geta að næsta sunnudag klukkan fimm tekur Aleesa Cohene þátt í listamannaspjalli á Hótel Holti.


**INNSETNING** Aleesa Cohene sýnir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 11. APRÍL 2013**

### Tónleikar



**21.00** Tónlistarmaðurinn **Borko** kemur fram ásamt hljómsveit sinni á Kex hostel. Tónleikarnir eru hluti tónleikaraðarinnar gogoyoko wireless.

**21.00** Grísalappalísa, Nolo og Oyama Rokksveitin Grísalappalísa, rafpoppdúettinn Nolo og sveimrokkbandið Oyama koma fram á Volta ásamt óvæntum gesti. Aðgangseyrir 1000 kr. við hurð.



**21.30** Útgáfutónleikar **Ólafar Arnalds** verða haldnir í Þjóðmenningarhúsinu. Tilefni er útkoma Sudden Elevation, þriðju stúdíóplötu Ólafar.

### Myndlist



**12.30** Listfræðingurinn Ólafur Gíslason fyrirlestur um verk **Gretars Reynissonar** heiðurslistamanns Sequences VI. Fyrirlesturinn nefnist Hlið augnabliksins og fer fram í Arionbanka, Borgartúni 19.

**20.00** Charlotte Laubard sýningarstjóri og forstöðumaður CAPC nútímalistasafnsins Art Bordeaux í Frakklandi flytur erindi um stöðu samtímalistasafna Í Hafnarhúsinu.



**20.00 Birta Guðjónsdóttir** sýningarstjóri leiðir gesti um sýninguna Tilraun til að beisla ljósið í Hafnarborg.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





**TÓNNINN GEFINN**

Kjartan Guðmundsson

# Veröld ný og óð

Til eru hljómsveitir sem sjaldan eða aldrei vekja deilur. Dæmi um slíkar gæti verið Nýdönsk, sem hefur á ferlinum siglt fremur lygnan sjó og notið almennrar hylli án þess að fá fólk verulega upp á móti sér, og jafnvel sjálfir Bítlarnir, sem virðast næsta ókunnir mjög fjandsamlegum straumum um víða veröld. Auðvitað eru á þessu undantekningar, eins og öllu öðru, enda leynist skrýtna fólkið víða. En svo eru það böndin sem kljúfa pælaraheim-inn meira og minna í tvær fylkingar, með og á móti. Pink Floyd er ein af þeim grúppum.



Undirritaður er ein af undantekningum á þeirri reglu. Mér finnst fyrsta platan þeirra góð og nokkur lög af The Wall allt í lagi. Mörg af vinsælustu lögum sveitarinnar í millitíðinni þykja mér hins vegar óbærileg áheyrnar. Þegar Shine On You Crazy Diamond hljómaði í draumum mínum heila nótt fyrir skemmstu fór ég að velta fyrir mér möguleikanum á því að lifa Pink Floyd-lausu lífi á Íslandi árið 2013. Hverju þyrfti ég að breyta til að slík tilvera gæti orðið að veruleika?

Í fyrsta lagi yrði ég að hætta alfarið að líta inn á krár sem bjóða upp á lifandi tónlistarflutning. Rannsóknir hæfustu vísindamanna á því sviði (mínar) benda eindregið til að slíkt sé ómögulegt án þess að heyra Comfortably Numb eða Wish You Were Here gaulað á klukkutíma fresti hið minnsta. Ég þyrfti líka að sneiða alfarið hjá öllum umræðuþáttum um efnahagsmál í sjónvarpi, þar sem Money er jafn mikill fastagestur og myndskeið af mynt og seðlum í talningavélum. Þá væri brátt áfram nauðsynlegt að forðast alla neyslu skynvillandi fíkniefna (að minnsta kosti í félagi við aðra) og, síðast en ekki síst, aldrei, undir neinum kringumstæðum, lenda á spjalli við menntaskólanema sem hafa brennandi áhuga á tónlist.

Þetta ætti í raun ekki að reynast svo erfitt.

## Í spilaranum







**Yeah Yeah Yeah's -** Mosquito
**Eiríkur Fjalar -** The Very Best Off
**Foxygen -** We Are the 21st Century Ambassadors of Peace & Magic






# Járnfrúin sem fjallað var um í popplögunum

Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands sem lést á mánudag, var umdeild og reyndist mörgu tónlistarfólki innblástur í dægurlagatexta sem oft og tíðum einkenndust af gagnrýni, heift og jafnvel óskum um skjótan dauða.



### MORRISSEY
### Margaret on the Guillotine

Fyrrverandi Smiths-söngvarinn hataði Margaret Thatcher af mikilli ástríðu, eins og sást vel í „minningargrein" um forsætisráðherrann fyrrverandi sem söngvarinn birti á alnetinu í vikunni. Enn gleggra dæmi var þó að finna á Viva Hate, fyrstu sólóplötu Morrissey frá 1988, þar sem umfjöllunarefnið er Thatcher á höggstokknum og óskar söngvarinn henni eins skjóts dauðdaga og mögulegt er. Lögreglurannsókn á heimili Morrissey fylgdi í kjölfarið.



### SINEAD O'CONNOR
### Black Boys on Mopeds

Írska söngkonan gagnrýndi Thatcher harðlega í þessu lagi af annarri sólóplötu sinni, I Do Not Want What I Haven't Got frá 1990, og kallaði forsætisráðherrann stríðsherra sem gæfi reglulegar skipanir um ofbeldi gegn minnihlutahópum.





### ELVIS COSTELLO
### Tramp the Dirt Down

Costello, sem er frá Liverpool, var ekkert að skafa utan af því á plötunni Spike frá 1989. Í laginu segir Costello það sinn heitasta draum að lifa nógu lengi til að upplifa andlát Thatcher og klykkir út með orðunum: „Ég mun standa á gröf þinni og troða drulluna niður."

### THE SPECIALS
### Maggie's Farm

Ska-bandið Specials sendi frá sér sína útgáfu af þessu lagi eftir Bob Dylan árið 1980, þegar Thatcher hafði einungis verið við völd í eitt ár, og duldist engum við hvern var átt. Dylan söng um bandaríska þjóðvarnarliðið, National Guard, en Specials um flokk þjóðernissinnaðra Breta, National Front, og vísuðu þannig til þess sem meðlimir sveitarinnar töldu kynþáttafordóma Járnfrúarinnar.



### Vilja nornina í efsta sætið



Um leið og tilkynnt var um andlát Margaret Thatcher hófst herferð á Facebook sem miðar að því að koma laginu Ding Dong! The Witch Is Dead, í flutningi **Ellu Fitzgerald**, í efsta sæti breska vinsældarlistans með niðurhali. Lagið heyrðist fyrst í ævintýramyndinni Galdrakarlinum í Oz árið 1939 og var það sungið af Judy Garland.

## 4.4.2013 → 10.4.2013

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Pink / Nate Ruess | *Just Give Me a Reason* |
| ▶ | 2 | Phillip Phillips | *Gone, Gone, Gone* |
| ▲ | 3 | Christina Aqu. / Blake Shelton | Just a Fool |
| ▲ | 4 | Christina Agu. / Pitbull | *Feel This Moment* |
| ▼ | 5 | Sin Fang | *Young Boys* |
| ▲ | 6 | Lumineers | *Stubborn Love* |
| ▼ | 7 | Sálin hans Jóns míns | *Fetum nýja slóð* |
| ▲ | 8 | C2C | *Down the Road* |
| ▼ | 9 | Justin Timberlake | *Mirrors* |
| * | 10 | Retro Stefson | *She Said* |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | *Tíminn flýgur áfram* |
| ▼ | 2 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▼ | 3 | John Grant | *Pale Green Ghosts* |
| ▼ | 4 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▲ | 5 | Raggi Bjarna | *Dúettar* |
| ▶ | 6 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| * | 7 | Eiríkur Fjalar | *Very Best Off* |
| ▲ | 8 | Skálmöld | *Börn Loka* |
| ▼ | 9 | David Bowie | *The Next Day* |
| ▼ | 10 | Valdimar | *Um stund* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

VORUM AÐ BÆTA VIÐ BÍLUM

# Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

## JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL SUMARDAGSINS FYRSTA

Verð frá 3.580.000 kr.

Afsláttur allt að 690.000 kr.



## NÝLEGIR, **SPARNEYTNIR** FORD KUGA Á FRÁBÆRU VERÐI

ÁRGERÐIR 2011-2012, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR.

Ford Explorer og Ford Escape jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

Kíktu á notadir.brimborg.is og finndu bílinn þinn

Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.

brimborg

**Öruggur staður til að vera á**

Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

# Áhersla á norrænar gæðamyndir

## Norræn kvikmyndahátíð hefst í Norræna húsinu í dag. Opnunarmyndin er Kapringen frá Danmörku.

Norræn kvikmyndahátíð hefst í Norræna húsinu í dag og stendur til 21. apríl. Þetta er í fyrsta sinn sem hátíðin er haldin og er stefnt að því að hún verði árleg.

Á hátíðinni er lögð áhersla á að sýna gæðamyndir frá Norðurlöndunum og er opnunarmynd hennar danska myndin Kapringen með Pilou Asbæk í aðalhlutverki.

Allar myndir hátíðarinnar verða sýndar í Norræna húsinu og hefjast sýningar klukkan 18 og 20. Myndirnar verða sýndar með enskum texta og er aðgangur ókeypis.



**NORRÆN HÁTÍÐ** Norræn kvikmyndahátíð hefst í dag. Opnunarmynd hátíðarinnar skartar Pilou Asbæk í aðalhlutverki. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vinnur með Nolan

## Anne Hathaway í nýrri kvikmynd Batman-leikstjóra.

Anne Hathaway og Christopher Nolan munu leiða hesta sína saman að nýju í myndinni Interstellar, en Hathaway og Nolan unnu síðast saman að gerð The Dark Knight Rises.

Deadline greinir frá því að Hathaway muni leika á móti Matthew McConaughey, en þátttaka hans í myndinni var staðfest í lok mars. Líkt og Nolan er vani hvílir mikil leynd yfir söguþræði myndarinnar, en ljóst er að hún gerist í geimnum einhvern tímann í framtíðinni. Tökur á Interstellar ættu að fara fram í sumar og verður myndin frumsýnd í nóvember á næsta ári.



**MEÐ NOLAN** Anne Hathaway mun endurnýja kynni sín við leikstjórann Christopher Nolan. NORDICPHOTOS/GETTY

Gettu hvað ég heiti!

Verið velkomin að fagna með okkur útgáfu bókarinnar GILITRUTT OG HRAFNINN eftir Bernd Ogrodnik og Kristínu Maríu Ingimarsdóttur í Eymundsson Austurstræti, í dag 11. apríl kl. 17.

Fimm heppnir kaupendur fá tvo frímiða á Gilitrutt í Þjóðleikhúsinu í Eymundsson Austurstræti í dag!




www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



**Á EYÐIJÖRÐ** Tom Cruise fer með aðalhlutverkið í spennumyndinni Oblivion. Myndin var að hluta til tekin upp hér á landi síðasta sumar.

# Eyðileg framtíðarsýn

## Stórmyndin Oblivion verður frumsýnd annað kvöld. Tom Cruise fer með aðalhlutverk myndarinnar, sem gerist á eyðilegri jörð í óskilgreindri framtíð.

Stórmyndin Oblivion verður frumsýnd hér á landi annað kvöld. Myndin gerist í óskilgreindri framtíð og er jörðin rústir einar eftir árás geimvera á plánetuna. Sextíu árum eftir stríðið er mannfólkið í óða önn að undirbúa brottför sína með því að safna saman þeim náttúruauðlindum sem eftir eru á jörðinni og eyða innrásarherjum sem urðu innlyksa á plánetunni eftir stríðslok. Jack Harper er fyrrverandi hermaður sem gerir við vélmenni og könnunarloftför sem sinna eftirlitsstörfum á mannlausri jörðinni. Dag einn bjargar hann ungri konu úr geimfari sem hrapar til jarðar og skömmu eftir komu hennar er Jack rænt af hópi uppreisnarmanna sem starfar undir stjórn hins dularfulla Malcolms Beech. Í kjölfarið neyðist Jack til þess að endurmeta allt sem hann áður taldi sig vita um innrásina og eftirmál hennar.

Tom Cruise fer með hlutverk Jacks Harper og líkt og kunnugt er dvaldi hann hér á landi við tökur á myndinni. Úkraínska leikkonan Olga Kurylenko fer með hlutverk hinnar dularfullu Juliu Rusakovu sem Jack finnur í hröpuðu geimfari. Með önnur hlutverk fara stórleikarinn Morgan Freeman, Andrea Riseborough, hinn danski Nikolaj Coster-Waldau og Zoë Bell.

Leikstjóri myndarinnar er Joseph Kosinski, sem leikstýrði áður myndinni Tron: Legacy frá árinu 2010. Handrit myndarinnar er byggt á teiknimyndasögu sem Kosinski samdi árið 2005, skömmu eftir að hann flutti til Los Angeles. Walt Disney keypti réttinn að myndinni árið 2010 en hætti við þau áform þegar í ljós koma að ómögulegt yrði að gera fjölskylduvæna mynd úr handritinu. Universal Pictures tók við keflinu og réð Kosinski til þess að skrifa handritið að myndinni og leikstýra henni.

Frumsýning Oblivion verður víðast hvar ekki fyrr en í næstu viku og því er lítið um gagnrýni enn sem komið er. Peter Bradshaw, gagnrýnandi The Guardian, gefur Oblivion þó tvær stjörnur og segir myndatökuna einkennast af nærmyndum af þaulæfðum hasarhetjusvip Tom Cruise.

- sm

### Skilnaður í kjölfar Íslandsheimsóknar

Tom Cruise dvaldi á Íslandi síðasta sumar við tökur á Oblivion. Þáverandi eiginkona hans, leikkonan Katie Holmes, heimsótti Cruise á meðan á dvöl hans stóð. Skömmu eftir heimsókn Holmes staðfesti lögmaður hennar við tímaritið People að hjónaband þeirra væri á enda. Ljósmyndir Júlíusar Sigurjónssonar af Holmes og Cruise á gangi í Reykjavík voru þær síðustu sem náðust af hjónakornunum saman.



# Leitin að galdraneistanum

## Gamanmynd með grínistaelítunni í Hollywood frumsýnd.

Auk stórmyndarinnar Oblivion er gamanmyndin The Incredible Burt Wonderstone frumsýnd á morgun. Jim Carrey, Steve Buscemi og Steve Carrell leika aðalhlutverk í myndinni sem fjallar um töframenn í Las Vegas.

Töframannadúóið Anton Marvelton og Burt Wonderstone, sem leiknir eru af þeim Steve Buscemi og Steve Carell, eru meðal þeirra frægustu í bransanum. Þeir þurfa hins vegar að bregðast við dalandi miðasölu á galdrasýningu þeirra því áhorfendur virðast vera farnir að fá leið á síendurteknum töfrabrögðunum. Götulistamaðurinn Steve Gray, sem Jim Carrey leikur, virðist vera að stela sviðsljósinu og þeir Marvelton og Wonderstone þurfa að vera hugmyndaríkir til að ná aftur stöðu sinni sem þeir bestu í bransanum.

The Incredible Burt Wonderstone var frumsýnd vestanhafs þann 15. mars og hefur fengið ágætis dóma. Gagnrýnandi The Guardian gaf myndinni þrjár stjörnur.

➜ Töframaðurinn David Copperfield sá um að þjálfa leikarana í alvöru töfrabrögðum fyrir tökur á myndinni.



**TÖFRAMAÐUR** Steve Carell í hlutverki sínu sem Burt Wonderstone. NORDICPHOTOS/GETTY

# 9 ára

Nú erum við 9 ára og af því tilefni bjóðum við fullt af spennandi vörum á góðu verði!

## 14" ACER FARTÖLVA




FRÁBÆR KAUP

intel CORE i3 inside

### Acer Aspire V5-471

- Intel Core i3 2365M örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- DVD-RW Dual Layer skrifari
- 14" WideScreen skjár
- Intel HD3000 skjákort
- Windows 8 stýrikerfi

**89.950**

## INTEL TÖLVA 4

COOLER MASTER



### INTEL TÖLVA 4

- Core i5 3470 Ivybridge 3,2GHz QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB diskur og DVD skrifari
- Geforce N650GTX OC 1GB
- 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort
- Windows 8 stýrikerfi

**139.950**

## LEIKJASKJÁKORT




msi

### MSI R7850 2GD5 OC

2GB 4800MHz DDR5, 900MHz Core, DVI, DisplyPort, HDMI, PCI-E
Hitman, Sleeping Dogs og Farcry 3 fylgja með.

**39.950**

## ÖRGJÖRVI



AMD

### AMD Piledriver X4 FX-4300

- 3.8GHz Black Quad Core örgjörvi
- Socket AM3+
- 32nm, 8MB cache
- 95W, Retail

**21.750**

## MÓÐURBORÐ




msi

### MSI 970A-G43

- 6xSATA3 Raid
- Gb Lan
- 4xDDR3 1866
- 2xUSB3
- 2xPCI-E 16X Crossfire
- SLI, 7.1 hljóð

**14.950**

## OPTICAL MÚS

Logitech



### Logitech G300

- Optical leikja mús
- 9 forritanlegir takkar
- Innbyggt minni fyrir 3 stillingar
- Hægt að velja um 7 liti á LED ljósum
- 2500 dpi nákvæmni

**4.950**

## LYKLABORÐ

Logitech



### Logitech G105

- Glæsilegt leikjalyklaborð
- Nightvision baklýsing á tökkum
- 6 forritanlegir G takkar
- Nemur 5 lykla í einu

**9.950**

## TURNKASSI

COOLER MASTER



### CM Storm Enforcer

- Flottur leikjaturn með góðri kæligetu
- Mjög góður stuðningur fyrir vökvakælingu
- Snúa má harðdiskabúrinu eftir hentugleika
- 2x USB 3.0, 2x USB 2.0 og hljóðtengi

**16.950**

## SSD DISKUR



SAMSUNG

### Samsung SSD 840

Ódýr og góður 120GB SATA 3 diskur. Ein besta uppfærslan fyrir fartölvu eða borðtölvu. Ótrúlegur hraðamunur á harðdiskum og SSD. Sparsamur á orku sem hentar vel í fartölvur.

**19.750**

## AFLGJAFI




CORSAIR

### Corsair GS700 2013

700W Gaming series aflgjafi með bláu, rauðu og hvítu ljósi.

**16.950**

## FJÖLNOTATÆKI

EPSON



### Epson XP-202

- A4 fjölnotatæki
- Prentari, skanni og ljósritunarvél
- USB 2.0 og þráðlaus nettening

**9.950**

## FLAKKARI

Seagate



### Seagate Expansion 2TB

Vandaður USB3 flakkari. Stílhrein og flott hönnun.

**17.950**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



**NÝJUNG FYRIR EINHLEYPA** Björn Ingi Halldórsson forritari hannaði stefnumótasíðuna Makaleit.is. Síðan fór í loftið fyrir fimm vikum og telur um 500 notendur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stefnumótasíða fyrir fólk í leit að maka

**Björn Ingi Halldórsson forritari hannaði vefsíðuna Makaleit.is. Síðan er ætluð fólki í leit að lífsförunaut og hefur slegið í gegn meðal einhleypra kvenna.**

Stefnumótasíðan Makaleit.is er glæný viðbót í stefnumótaflóruna hér á landi og ætluð fólki á öllum aldri. Síðan er hönnuð af Birni Inga Halldórssyni forritara og fór í loftið fyrir fimm vikum.

Björn Ingi hefur unnið að gerð síðunnar frá því í ágúst í fyrra. Hann segir viðbrögðin hafa verið góð og eru skráðir notendur nú um fimm hundruð talsins. „Það kom okkur á óvart að flestir skráðir notendur eru konur á aldrinum 30 til 45 ára. Við bjuggumst við því að karlmenn yrðu í meirihluta,“ segir Björn Ingi.

Aðspurður segir hann að vefurinn sé einstaklega traustur og geta notendur sjálfir stýrt því hverjir hafa aðgang að hvaða upplýsingum. Að auki geta skráðir notendur síðunnar óskað eftir því að láta staðfesta aldur sinn og kyn. „Vefurinn er ætlaður fólki í leit að lífsförunaut og ekki þeim sem eru í leit að einnar nætur gamni.“

**➜ Íslenskar stefnumótasíður**

Sambandsmiðlun.is
Einkamál.is
Makaleit.is

Meðal þeirrar þjónustu sem Makaleit.is býður upp á er persónuleikapörun. Þá svarar einstaklingurinn spurningum um persónuleika sinn, áhugamál og viðhorf til sambanda. Niðurstaðan er síðan keyrð saman við svör aðila af hinu kyninu og þannig getur fólk auðveldlega fundið aðra sem deila áhugamálum þeirra og lífsskoðunum. „Fólk getur einnig sýnt hvort öðru „leyndan áhuga“. Hafi sömu einstaklingar sýnt hvor öðrum áhuga lætur kerfið þá vita af því, annars helst áhuginn leyndur,“ segir Björn Ingi.

sara@frettabladid.is



490 kr.

kostar mánaðaráskrift á Makaleit.is. Priggja mánaða áskrift kostar 1.190 krónur. Nýjum notendum býðst ókeypis áskrift í þrjátíu daga. „Við viljum ekki að áskrift létti pyngjuna um of. Þrír mánuðir kostar svipað og einn bíómiði,“ segir Björn Ingi.

# Stunurnar auka á unaðinn

**?** Spurning: Ég var að spá í stunur því kærasti minn er nánast hljóðlaus þegar við sofum saman. Mér finnst gott að stynja en um daginn þá sagði hann mér að vera róleg og að ég þyrfti ekki að þykjast finnast þetta svona gott. Málið var samt að mér fannst þetta mjög gott og finnst eiginlega bara betra þegar ég styn. Ég vildi því vita af hverju stynja sumir mjög hátt og aðrir ekki? Er algengara að konur stynji frekar en karlar?

**SVAR:** Þetta er virkilega áhugaverð spurning og ágætt að setja í samhengi við áreynslu og líkamsrækt. Einkaþjálfari sagði mér eitt sinn að öndun væri mjög mikilvæg þegar maður væri í ræktinni og að maður þyrfti að passa að halda alls ekki niðri í sér andanum. Það væri ekki verra ef að það heyrðist í manni, þetta væru jú átök. Ef þú spáir í það þá heyrir maður karlmenn oft stynja hátt og skammarlaust þegar þeir lyfta þungum lóðum. Þá er það vel þekkt úr tantra-fræðum (sem og jóga) að öndun getur verið lykilinn að unaði. Þar getur maður stillt hugann inn á við en hugurinn er einmitt mjög mikilvægur þegar kemur að kynlífi. Ef maður er farinn að veita öndun meiri athygli en unaðinum þá getur öndunin byrjað að trufla, hvort sem hún er of mikil eða of lítil. Eins og með svo margt annað, þá er mikilvægt í þessu að tala saman. Segðu kærasta þínum að það auki unað þinn að fá að stynja og að það sé alls ekki merki um neins konar fíflagang (ekki það að fíflagangur sé bannaður uppi í rúmi, síður en svo). Að sama skapi getur þú spurt hann hvort hann langi ekki að sleppa aðeins af sér beislinu og stynja af ánægju, allavega anda markvisst? Það þarf ekki að fara í samkeppni við reyndustu klámleikara, bara anda aðeins og þá munu stunurnar fylgja.

Það getur aukið á unað beggja í kynlífi þegar það heyrist aðeins í ykkur en finnið gullna meðalveginn sem þið getið bæði verið sátt með.



**STUNUR AF HINU GÓÐA** Stunur geta aukið á unaðinn í kynlífi og því ætti fólk að stynja hátt og skammarlaust. NORDICPHOTOS/GETTY

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is






Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!




Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

VOL130103

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# DEBENHAMS

EGF

## **EGF húðvörudagar** í Debenhams
dagana 11.-17. apríl




www.egf.is




## Kaupauki*
ef keyptar eru 2 eða fleiri vörur
í EGF vörulínunni.

Inniheldur:
- EGF spegil
- EGF Húðnæringu, 75 ml (full stærð)

*Takmarkað magn

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




## Halda lítið brúðkaup



**LÍTIÐ BRÚÐKAUP** Avril Lavigne ætlar að halda litla brúðkaupsveislu með Chad Kroeger.

Söngkonan Avril Lavigne og Chad Kroeger, söngvari hljómsveitarinnar Nickleback, trúlofuðust síðasta sumar eftir mánaðarlangt samband. Parið ræddi samband sitt og brúðkaupsáform sín í útvarpsþætti Ryans Seacrest fyrir skemmstu.

„Þetta verður lítið brúðkaup með nánustu vinum okkar og fjölskyldu. Það verður samt stórfenglegt og það verður þema. Chad veit ekki öll smáatriðin enn þá,“ sagði söngkonan um væntanlegt brúðkaup.

Lavigne og Kroeger kynntust fyrir ári síðan er þau unnu saman við gerð hljómplötu.






**G.I. JOE: RETALIATION** „... G.I. Joe: Retaliation lætur mann fyrst og fremst langa til að kasta poppi og láta dólgslega.“

# Kraftmikið poppkornsfjör og pönkgleði

BÍÓ ★★★

**G.I. Joe: Retaliation**
**Leikstjórn:** Jon M. Chu
**Leikarar:** Dwayne Johnson, Jonathan Pryce, Adrianne Palicki, Byung-hun Lee, Ray Stevenson.

G.I. Joe: Retaliation er heimskuleg og yfirdrifin. Persónusköpunin er arfaslök og tæknibrellurnar misgóðar. Samt hefur hún eitthvað. Heilmikið meira að segja, því hún er þrælskemmtileg framan af.

Það er erfitt að benda nákvæmlega á hvað það er sem virkar, því mjög margt í myndinni virkar alls ekki. Ég hallast þó að því að það sé gleðin. Sama gleði og illa spilandi en kraftmiklar pönksveitir búa stundum yfir.

Með þessu er ég alls ekki að segja að ávallt beri að taka viljann fyrir verkið. Dwayne Johnson er vöðvatröll en hann er ekki síður sjarmatröll. Nærvera hans gerir heilmikið fyrir myndina og Jonathan Pryce er skemmtilegur skúrkur.

Andi bandarískra hasarteiknimynda níunda áratugarins svífur yfir vötnum með tilheyrandi þjóðrembu og dramatík. Inn á milli má svo (með miklum vilja) greina ádeilu á vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna, en G.I. Joe: Retaliation lætur mann fyrst og fremst langa til að kasta poppi og láta dólgslega.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Bjánaleg en fer langt á sjarmanum.




Fyndnustu grínyrkjar Íslandssögunnar
Kaffibrúsakarlarnir
STANSLAUS STEYPA OG STURLAÐUR HLÁTUR
GÍSLI RÚNAR JÓNSSON
JÚLÍUS BRJÁNSSON
„Þið hafið engu gleymt - frábær skemmtun!"
Einar E Guðmundsson - úr röðum áhorfenda
„Stóri Kaffibrúsakarlinn og Shakespeare eiga eitt sameiginlegt: Hvorugur hefur sagt neitt af viti árum saman."
Gári Stefánsson - c/o Íslensk húmorgreining ehf.
„Kaffibrúsakarlarnir eru æðislegir. Punktur."
Björn Thorodsen - tónlistarmaður
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS
MIÐASALA Í FULLUM GANGI
KOMANDI SÝNINGAR
FÖSTUDAGUR 12. APRÍL KL. 20.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGUR 13. APRÍL KL. 20.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
FÖSTUDAGUR 19. APRÍL KL. 20.00
LAUGARDAGUR 20. APRÍL KL. 20.00
facebook.com/Kaffibrusakarlarnir
MIÐASALA Í AUSTURBÆ Í SÍMA 571 5900 OG Á MIÐI.IS
NESCAFÉ
HOMEBLEST GOTT... ...BÁÐUM MEGIN!
midi.is
AUSTURBÆR

# Naut liðsinnis systra sinna við upptökur

**Ólöf Arnalds gaf nýverið út plötuna Sudden Elevation. Systur hennar, Dagný og Klara, aðstoðuðu hana við upptökur sem fóru fram í jakútískum sumarbústað.**

Þriðja plata söngkonunnar Ólafar Arnalds, Sudden Elevation, kom út fyrir nokkru. Upptaka plötunnar fór fram í sumarbústað í Hvalfirði og naut Ólöf meðal annars liðsinnis systra sinna við gerð hennar.

Að sögn Ólafar einkenndist upptökuferlið af þægilegu flæði sem veitti henni frelsi til að sinna tónlistinni þegar hún var í ákjósanlegu hugarástandi. „Ég fékk lánaðan ævintýralegan jakútískan bústað í Hvalfirði og dvaldi þar í tvær vikur við upptökur með dyggri aðstoð Skúla Sverrissonar. Ég kveikti eld í eldstæðinu á hverjum morgni, fór í göngutúr þegar mig langaði og svaf þegar ég þurfti að sofa. Ég var mjög frjáls og gat gert hlutina á mínu síbreytilega tempói,“ útskýrir Ólöf.

Sudden Elevation er hennar fyrsta verk sem er allt á ensku og leikur Ólöf að auki á flest hljóðfærin sjálf, þar á meðal á fiðlu, gítar og hörpu. „Ég hef aldrei verið í góðu sambandi við nótnaskrif og á stundum erfitt með að miðla hugmyndum mínum til annarra tónlistarmanna. Það var því gott að hafa nægan tíma til að geta spilað sjálf á hljóðfærin fyrir þessa plötu.“

Systur Ólafar komu að gerð plötunnar og syngur yngri systir hennar, Klara (meðlimur í sveitinni Boogie Trouble), með henni í tveimur lögum en sú eldri, Dagný, leikur á píanó í einu lagi. Söngkonan viðurkennir að það hafi verið þægilegt og gaman að vinna með systrum sínum. „Það sem mér finnst skemmtilegast við að vinna með systrum mínum er hvað hugrenningatengslin eru lík. Ég get verið mjög „kryptísk“ í máli en þær eru með kóðann og skilja hvað ég á við.“

Í sumar tekur við strangt tónleikahald um Bandaríkin og Evrópu og gerir Ólöf ráð fyrir því að vera á stöðugu ferðalagi næsta árið. Hún kemur þó heim á tveggja vikna fresti til að verja tíma með syni sínum. „Nú fer maður aftur á þrekhjólið og túrar og túrar. Ég hef verið heima í rúmt ár og fengið góðan tíma til að kjarna mig, sem er gott því stöðug ferðalög geta verið slítandi,“ segir hún að lokum.

Í tilefni útgáfu Sudden Elevation heldur Ólöf tónleika í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld klukkan 21. sara@frettabladid.is



**NÁNAR SYSTUR** Ólöf Arnalds naut liðsinnis systur sinnar, Klöru, við gerð plötunnar Sudden Elevation. Eldri systir hennar, Dagný, spilaði einnig á píanó í einu lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### FÉKK AÐSTOÐ FRÁ AÐDÁENDUM Á PLEDGEMUSIC.COM

Ólöf safnaði fé fyrir plötunni á vefsíðunni Pledgemusic.com. Hún segir síðuna nýtast einyrkjum sem henni vel og einnig vera frábæra leið fyrir hlustendur og tónlistarfólk til að vera í samskiptum. „Kostnaðurinn sem maður þarf að standa straum af er margvíslegur. Þó maður fái fjármagn til að gera plötu þá er lítið eftir til að gera myndband eða til að kosta tónleikaferðalag. Með aðstoð Pledgemusic er meiri von um að koma út á sléttu,“ segir hún og bætir við: „Þetta er jákvæð leið sem tekur mið af „digitalíseringunni“ og kynning á sama tíma. Maður verður að aðlagast breyttum aðstæðum, maður getur ekki verið fýlu yfir því að fólk hlaði tónlistinni manns ókeypis niður á netinu. Það er eins og að vera handskrifari sem varð fúll þegar Gutenberg hóf að prenta bækur.“

### → Plötur Ólafar

Við og við - 2007
Innundir skinni - 2010
Sudden Elevation - 2013



**TOM CRUISE** Lætur sig ekki muna um að leigja rándýra einkaþotu.

## Einkaþota handa Suri

Leikarinn Tom Cruise hefur eytt um 550 milljónum króna í leigu á einkaþotu svo að dóttir hans Suri geti heimsótt hann þegar hún á afmæli síðar í mánuðinum.

Suri, sem verður sjö ára 18. apríl, býr hjá móður sinni Katie Holmes í New York. „Peningar skipta Cruise engu máli þegar Suri er annars vegar. Hann gerir allt til að vera hjá henni,“ sagði heimildarmaður götublaðsins The Sun. Cruise hefur áður leigt flugvél fyrir dóttur sína. Síðast flaug hún til London og var hjá honum í fimm daga í febrúar þegar hann lék í myndinni All You Need Is Kill.

## Stríð gegn eftirlíkingum

Að kaupa sér eftirlíkingu af hönnunarvöru í New York gæti reynst dýrkeypt gaman ef ný lög taka gildi þar í borg á næstunni. Borgarstjórnarmeðlimurinn Margaret Chin er upphafsmaður lagafrumvarpsins en hún vill uppræta sölu eftirlíkinganna sem eru mjög útbreiddar í New York. Allir sem gerast sekir um meðvituð kaup af eftirlíkingum, eins og segir í frumvarpinu, gætu því átt yfir höfði sér eins árs fangelsi og sekt upp á 120 þúsund íslenskar krónur.

Þrátt fyrir að vera ólöglegt eru markaðir og búðir úti um allt í New York sem sérhæfa sig í eftirlíkingum og er það eilífur hausverkur fyrir stóru tískuhúsin. Það borgar sig því að hugsa sig tvisvar um áður en látið er freistast af ódýrri eftirlíkingu af uppáhaldstöskunni því að það gæti að lokum reynst betra fyrir budduna að spara fyrir alvöru gripnum.



**DÝRKEYPT GAMAN** Samkvæmt nýju lagafrumvarpi í New York getur það varðast við fangelsisvist að kaupa eftirlíkingu þar í borg. NORDICPHOTOS/GETTY

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE RETALIATION 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| G.I. JOE RETALIATION 3D LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| ADMISSION | KL. 5.40 - 8 - 10.40 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 10.15 | 12 |
| SAFE HAVEN | KL. 8 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.45 | L |
| 21 AND OVER | KL. 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ADMISSION | KL. 5.30 - 10.30 | L |
| ON THE ROAD | KL. 8 | 16 |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN KL. 10.30 | 12 / SNITCH KL. 10.40 | 16 |
| JAGTEN | KL. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| ANNA KARENINA | KL. 5.15 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| GI JOE | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ADMISSION | KL. 8 - 10.15 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 5.50 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE RETALIATION 3D | 5.50, 8, 10.30 | 12 |
| I GIVE IT A YEAR | 10.30 | 12 |
| IDENTITY THIEF | 10.20 | 12 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 5.50 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE CROODS ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE CROODS ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION VIP | KL. 8 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 2D | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:30 | 10 |
| THE CROODS ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| SIDE EFFECTS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 10:40 | 12 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SIDE EFFECTS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| ON THE ROAD | (16) | 17:40, 20:00, 22:20 |
| CHASING ICE | (L) | 20:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 22:00 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# TIL HAMINGJU ÍSLAND!

**HljóðX hefur nú til útleigu eitt öflugasta hljóðkerfi landsins. JBL VTX skilar fullkominni dreifingu og krafti til áheyrenda.**




JBL PROFESSIONAL

## BÓKAÐU KERFIÐ STRAX Í SÍMA 553 3050

**Höfum einnig vandaða sviðsvagna til leigu fyrir bæjar- og útihátíðir. Auðveld uppsetning og flutningur á milli staða samdægurs.**

**Erum að taka við bókunum fyrir sumarið og haustið. JBL hljóðkerfið er notað á í mörgum af stærstu stærri útihátíðum heimsins. Tónlistarmenn sem velja þetta kerfi eru m.a. Metallica, Sting, Rihanna, Aerosmith, Santana, Lenny Kravitz, Roger Waters, Skrillex og Josh Groban.**

Hjá HljóðX er ein fullkomnasta mynd, hljóð, ljósa- og sviðsvagnaleiga landsins. Hafðu samband sem fyrst við tækjaleigu HljóðX í **síma 553 3050**.

HLJÓÐX

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**SNÆFELL - KR 50-73 (17-33)**

**Snæfell:** Kieraah Marlow 15/15 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 10, Hildur Björg Kjartansdóttir 7/5 fráköst, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 6, Ellen Alfa Högnadóttir 4/4 fráköst, Sara Sædal Andrésdóttir 2, Rósa Indriðadóttir 2/7 fráköst, Rebekka Rán Karlsdóttir 2, Hildur Sigurðardóttir 2.

**KR:** Shannon McCallum 25/10 fráköst/6 stoðsendingar, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 11/13 fráköst, Sara Mjöll Magnúsdóttir 9/4 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 6/5 stolnir, Rannveig Ólafsdóttir 5, Ína María Einarsdóttir 5, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4/6 fráköst, Helga Einarsdóttir 4, Sólrún Sæmundsdóttir 2, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 2.

**Staðan í einvíginu er 2-1, KR í vil.**

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**FJÓRÐUNGSÚRSLIT, SEINNI LEIKIR**

**BARCELONA - PSG 1-1**

0-1 Javier Pastore (50.), 1-1 Pedro (71.)

**Barcelona** komst áfram á útivallamarkareglunni. Samanlögð úrslit voru 3-3.

**JUVENTUS - BAYERN 0-2**

0-1 Mario Mandzukic (64.), 0-2 Claudio Pizarro (91.).

**Bayern** komst áfram, 4-0 samanlagt.

**Dregið** verður í undanúrslit á morgun. Í pottinum verða Real Madrid, Barcelona, Bayern München og Dortmund.



**ÖFLUGIR** Lionel Messi og David Beckham komu báðir inn á sem varamenn í leik Barcelona og PSG í gær. Messi hafði mikil áhrif á leik sinna manna og átti þátt í jöfnunarmarkinu. NORDICPHOTOS/GETTY

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Hef verið heppinn hingað til

Ekkert verður af fyrirhuguðum UFC-bardaga Gunnars Nelson og Mikes Pyle í Las Vegas í maí. Gunnar fer í aðgerð á föstudag vegna rifins liðþófa. Hann reiknar með því að vera kominn á fullt innan nokkurra vikna.

**ÍÞRÓTTIR** „Þetta er bara það sem gerist í íþróttum í dag. Þetta er bara smá hola í veginum. Það verður lítið mál að yfirstíga hana," segir Gunnar um meiðslin. Hann áttaði sig á því að ekki væri allt með felldu á æfingu síðastliðinn fimmtudag.

„Það kom ægilega djúpur smellur í hnéð þegar ég beygði mig niður á æfingu. Ég hugsaði strax að þetta væri ekki eðlilegt," segir Gunnar. Örnólfur Valdimarsson bæklunarlæknir telur að liðþófi í hné sé rifinn. Aðgerðin fer fram á föstudaginn. Gunnar tekur meiðslunum með sinni einstöku stóísku ró og hrósar happi með heilsu sína til þessa.

„Ég hef verið mjög heppinn hingað til. Ég hef aldrei lent í neinum meiðslum, bara eymslum," segir Gunnar. Í raun sé um minnstu mögulegu hnémeiðsli að ræða.

### Kemur bardagi eftir þennan

„Hlutirnir geta farið mikið verr og ég hef séð það hjá mínum nánustu æfingafélögum og vinum."

Að óbreyttu væri Gunnar nú í æfingabúðum í New York-borg en þangað átti hann að halda á sunnudaginn. Undirbúningur fyrir bardagann gegn Mike Pyle í Las Vegas 25. maí var í hámarki en nú er ljóst að ekkert verður af bardaganum.

„Auðvitað er þetta stór bardagi og stór stund á ferlinum. En það kemur annar bardagi eftir þennan. Ef maður leggur svona mikið á líkamann verður maður að verða tilbúinn að yfirstíga svona vandamál," segir Gunnar. Hann minnir á að þótt keppnin sé einn þáttur sé hún ekki grundvöllur þess að hann æfi íþróttina.

> **Ég hafði gaman af því að æfa íþróttina og það gaf mér lífsfyllingu löngu áður en ég byrjaði að keppa.**
>
> *Gunnar Nelson*

„Ég hafði gaman af því að æfa íþróttina og það gaf mér lífsfyllingu löngu áður en ég byrjaði að keppa," segir Gunnar. Hann hafi þó mjög gaman af bardaganum en hann muni þó fyrst og fremst sakna stundanna í æfingasalnum á meðan hann jafni sig. Ekki þeirra örfáu mínútna sem bardaginn tekur.

### Langi-Jón í lágmarki

Vakið hefur athygli að Gunnar er mikill aðdáandi bakarísvörunnar Langa-Jóns. Virtist um tíma sem íslensk bakarí væru hætt að bjóða upp á bakkelsið en þegar Gunnar lýsti yfir áhuga sínum stóð ekki á bakaríunum. Gunnar hefur litlar áhyggjur af því að hlaupa í spik þótt hann geti ekki æft af krafti í nokkrar vikur.

„Ég hugsa að ég haldi Langa-Jóni í lágmarki. Hann er meira spari enda var það alltaf meiningin," segir Gunnar. **kolbeinntumi@365.is**



**LAS VEGAS MÁ BÍÐA**
Gunnar Nelson er líklega með rifinn liðþófa og þarf því að fara í aðgerð á morgun. Hann missir því af bardaga sínum gegn Mike Pyle sem átti að fara fram í Las Vegas þann 25. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Áttum ekki heima í þessari deild

Hamar endurheimti sæti sitt í úrvalsdeild kvenna.

**KÖRFUBOLTI** Hamarskonur endurheimtu sætið sitt í efstu deild eftir 73-59 sigur á Stjörnunni í Hveragerði í gærkvöldi í hreinum úrslitaleik um sæti í Dominosdeild kvenna. Hamar kemur því strax upp eftir fall í fyrra og tekur sæti Fjölnis, sem féll á dögunum.

Íris Ásgeirsdóttir (23 stig, 8 stoðsendingar, 5 stolnir) og Marín Laufey Davíðsdóttir (22 stig, 15 fráköst) fóru fyrir Hamarsliðinu í gær og áttu Stjörnukonur fá svör við leik þeirra. Íris var líka sátt í leikslok:

„Við áttum ekki heima í þessari deild. Þær mættu miklu tilbúnari en við í leik tvö en við fórum yfir það sem við gerðum illa í síðasta leik og rúlluðum yfir þær í kvöld. Við vissum að við værum miklu betri. Við erum búnar að sýna það í vetur að við erum langbesta liðið í þessari deild," sagði Íris kát og hún var ánægð með stuðninginn.

„Það var æðislegt að vinna þetta fyrir framan þessa frábæru áhorfendur. Það er miklu skemmtilegra að vinna þetta hérna með svona áhorfendur en í Garðbænum," sagði Íris að lokum.

**- óój**



**FRÁBÆRAR** Íris Ásgeirsdóttir og Marín Laufey Davíðsdóttir fagna hér eftir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ



MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIDEILD

Alþjóðlegt meistaranám í matvælafræði í samvinnu Háskóla Íslands og Matís

Kynning og viðtöl við áhugasama verða í stofu HT-300 á Háskólatorgi **föstudaginn 12. apríl kl. 14–16**

Kennarar og leiðbeinendur taka á móti gestum og kynna og ræða námsleiðir, verkefni og samstarf við atvinnulífið í nýju alþjóðlegu meistaranámi.

Námsleiðir í boði eru:
» Lífefni í matvælum og líftækni
» Gæðastjórnun við framleiðslu og vinnslu matvæla
» Matvælavinnsla og verkfræði

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl**
Sjá nánar á www.matur.hi.is
og í kennsluskrá Háskóla Íslands 2013–2014
www.kennsluskra.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ




ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

# Pabbi er minn helsti aðdáandi

Ryan Pettinella er á sínu þriðja tímabili hjá Grindavík og nýtur þess að spila körfubolta á Íslandi, þó svo að hans bíði frami í viðskiptaheiminum í Bandaríkjunum. Fréttablaðið ræddi við hann um efnaðan föður hans, vítanýtinguna og piparsveinalífið í Grindavík.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KÖRFBOLTI** Á hverju ári koma hingað til lands fjöldamargir erlendir körfuboltamenn sem er ætlað að styrkja íslensk félagslið. Þeir eru misjafnir eins og þeir eru margir en flestir eiga þeir það sameiginlegt að stoppa aðeins við í þetta eina tímabil, þótt vissulega séu til margar undantekningar á því.

Ryan Pettinella, Bandaríkjamaður með ítalskt vegabréf, er nú á sínu þriðja tímabili með Grindavík og er því íslenskum körfuboltaáhugamönnum vel kunnugur. Hann stendur í ströngu með liði sínu í úrslitakeppninni þessa dagana en Grindavík mætir einmitt KR í kvöld og getur með sigri tryggt sér sæti í lokaúrslitunum.

Pettinella er þó í heldur óhefðbundnu hlutverki hjá sínu liði. Hann er í raun ekki byrjunarliðsmaður né heldur er framlag hans til liðsins ríkjandi tölfræðiþáttur, eins og hjá Bandaríkjamönnunum Aaron Broussard og Samuel Zeglinski, sem byrja alla leiki hjá Grindavík. Pettinella er þó mikilvægur hlekkur í liði Grindavíkur og hans hæfileikar nýtast liðinu vel, enda 205 cm á hæð og mikið vöðvatröll.

Sem körfuboltamaður á Pettinella hefðbundinn bakgrunn. Hann lék í háskólaboltanum vestanhafs og eftir útskrift spilaði hann með liðum á Ítalíu og Spáni, áður en honum bauðst að koma til Íslands haustið 2011.

„Umboðsmaðurinn minn hringdi í mig og sagðist vera með starf fyrir mig á Íslandi,“ segir Pettinella en Fréttablaðið settist niður með honum í vikunni. „Ég fékk smá áfall enda vissi ég ekkert um Ísland. En þetta virtist vera gott tækifæri fyrir mig og ég tók því. Í fyrstu trúði ég ekki hversu lítill bær Grindavík er. En fljótlega komst ég að því að samfélagið væri frábært, körfuboltinn góður og það næsta sem ég veit er að ég er á mínu þriðja tímabili í Grindavík.“

### Valdi körfuboltann fram yfir viðskiptaheiminn í New York

Bakgrunnur Pettinella er óvenjulegur að því leyti að faðir hans, Edward J. Pettinella, er sterkefnaður og hefur hagnast mjög vel á sínum starfsferli. Hann er í dag forstjóri stórs fasteignafyrirtækis sem á eignir víða um Bandaríkin. Ryan segir að sín bíði ferill í viðskiptaheiminum og að hann stefni á að fylgja í fótspor föður síns – þó ekki fyrr en að körfuboltaferlinum loknum.

„Ég hef spilað körfubolta síðan ég var sjö ára gamall og þegar ég var krakki dreymdi mig um að spila í NBA. Það gekk ekki eftir en ég fékk að vera atvinnumaður, spila víða um Evrópu og helga mig íþróttinni. Það eru ekki margir sem ná því og ég er ánægður með minn feril,“ segir hann.

Í fyrra var hann nálægt því að hætta í körfubolta og sökkva sér í heim viðskiptanna í New York. Hann ákvað frekar að koma aftur til Íslands og spila með Grindavík, þó svo að tímabilið hefði verið hálfnað. Grindavík tók honum opnum örmum á ný.

„Ég saknaði körfuboltans og komst að því að ég gat ekki gefið hann upp á bátinn. Körfubolti er mín ástríða. Ég elska körfubolta og er enn ungur. Ég vildi láta reyna á þetta á Íslandi á ný.“

Faðir hans var einnig íþróttamaður á yngri árum en hann var hlaupari. Hann hefur því fullan skilning á því að sonurinn vilji halda áfram í körfuboltanum á meðan líkaminn leyfir. „Foreldrar

**„Ég kann vel að meta stuðninginn sem ég fæ í hvert skipti sem ég set vítaskot niður. Þá er fagnað eins og við hefðum orðið meistarar.**

*Ryan Pettinella, leikmaður Grindavíkur*

mínir kenndu mér að hafa ástríðu fyrir því sem ég vil gera og leggja hart að mér í því sem ég vildi taka mér fyrir hendur. Mér finnst ég lánsamur fyrir að fá að spila körfubolta enda legg ég hart að mér á hverjum einasta degi.“

Pettinella eldri fylgist svo vel með syninum. „Hann hefur komið til Íslands fimm eða sex sinnum og elskar að vera hér. Hann er eins og heiðursmeðlimur í Grindavíkurliðinu. Hann er minn helsti aðdáandi og minn mesti stuðningsmaður, enda elska ég að fá hann hingað til lands og spila þegar hann er í stúkunni.“

### Hverju vítaskoti fagnað

Allir körfuboltamenn eiga sína styrkleika og veikleika. Óhætt er að fullyrða að vítanýting falli í síðarnefnda flokkinn hjá Pettinella og það færist bros yfir hann þegar talið berst að vítaskotunum hans.

„Ég kann vel að meta stuðninginn sem ég fæ í hvert skipti sem ég set vítaskot niður. Þá er fagnað eins og við hefðum orðið meistarar,“ segir Pettinella í léttum dúr en þetta tímabilið var vítanýting hans 36,6 prósent. „Þetta er í sífelldri þróun hjá mér en það er rétt – þetta er veikur punktur hjá mér. Ég verð samt ekki stressaður á vítalínunni, þó svo að allir séu að fylgjast með mér. Það er margt í gangi í kollinum, varðandi tækni og annað, enda er ég sífellt að reyna að bæta þetta.“

Þegar talið berst svo að líkamlegum styrk hans segist hann einfaldlega hafa mikinn áhuga á lyftingum. „Ég var með styrktarþjálfara í háskólanum sem kynnti mig fyrir þessu. Ég fékk bakteríuna enda vil ég helst fara í ræktina fimm sinnum í viku. Ég tel að líkamlegur styrkur nýtist mér vel í körfuboltanum og geri mig að betri leikmanni.“

Aðalmálið hjá honum nú er vitanlega rimman gegn KR í undanúrslitum úrslitakeppninnar. Grindavík leiðir, 2-1, og getur með sigri í DHL-höllinni í kvöld bókað sæti sitt í lokaúrslitunum. Hann segir að Grindavík hafi ekki enn náð að sýna sitt rétta andlit í seríunni gegn KR. „Við höfum náð góðum leikhlutum hér og þar en eigum enn eftir að setja saman góðar 40 mínútur. Við viljum ná því. En það má ekki gleyma því að KR er með gott lið og það er erfitt að halda fullri einbeitingu í heilum leik gegn slíku liði.“

### Nýt þess að vera einhleypur

Hann er ánægður með lífið á Íslandi og segir að hann líti á Grindavík sem sitt annað heimili. „Hér hef ég myndað sterk vinatengsl og kynnst mörgu frábæru fólki. Mér mun ávallt þykja vænt um Ísland. Fyrst þegar ég kom til Grindavíkur skildi ég ekki staðinn og hafði lítið að gera. En ég lærði að kunna að meta hann, auk þess sem körfuboltinn er góður hér á Íslandi og margir sterkir leikmenn sem eiga framtíðina fyrir sér, vonandi í háskólaboltanum í Bandaríkjunum og sem atvinnumenn eftir það.“

Ryan veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér, né heldur hvort hann spili aftur á Íslandi á næstu leiktíð. „Við munum setjast niður eftir tímabilið og ræða það. Stundum líður mér eins og að ég vilji hætta á morgun og stundum vil ég spila þar til ég verð 38 ára. Líklegast þykir mér að ég vilji spila í tvö til þrjú ár í viðbót, að minnsta kosti, og sjá svo til.“

Hann er 28 ára gamall í dag og einhleypur. Skyldu það vera stelpurnar á Suðurnesjunum sem toga hann alltaf aftur til Íslands? „Bestu konurnar eru á Íslandi,“ segir hann og hlær. „Ég hef spilað víða en íslenskar konur eru sérstakar,“ bætir hann við og segist njóta þess að vera einhleypur atvinnumaður í körfubolta. „Það hentar mér vel í dag og ég sé enga ástæðu til að taka hlutina of alvarlega í dag.“

eirikur@frettabladid.is



**FYLGIST VEL MEÐ** Edward J. Pettinella, faðir Ryans, er reglulegur gestur á Íslandi. Hér er hann á bikarúrslitaleik Grindavíkur og Stjörnunnar fyrr á þessu ári. Hann ætlar að koma aftur ef Grindavík spilar í lokaúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

dyson

*Hágæða pokalausar ryksugur, mjög öflugar handryksugur og hljóðlátar glæsilegar viftur. Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.*



Sem verkfræðingar verðum við að sjá handan við núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er í raun drifkrafturinn hjá Dyson – ný hugsun sem leysir hversdagsleg vandamál. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina á þessum forsendum. Ég vissi að það hlyti að vera betri leið en gamla stíflaða tæknin. Einhverjum 5.127 frumgerðum síðar, hafði ég lausnina.“

James Dyson

**JAMES DYSON**
uppfinningarmaður
cyclone vacuum
tækninnar





**15%** **KYNNINGAR AFSLÁTTUR Í APRÍL**

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2 kl. 20.05
### The F Word



Íslandsvinurinn Gordon Ramsay kemur víða við í þáttunum The F Word á Stöð 2 og að þessu sinni koma íslenskur hákarl og brennivín við sögu. Hann fær sjónvarpsmanninn James May úr Top Gear í heimsókn og þeir láta reyna á manndóminn með því að smakka á framandi réttum.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
### SIGURÐUR VALGEIRSSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI



**Fréttirnar fastur liður**
Ég horfi alltaf á fréttirnar þegar ég get, það er bara fastur liður. Svo reyni ég að fylgjast alltaf með einhverjum einum framhaldsþætti og þessir norrænu eru í uppáhaldi. Glæpurinn var einn af þeim en hann er nýbúinn.

**STÖÐ 2 SUND. 18.55**



1 Maður verður auðvitað að horfa á eitthvað af þessu kosningasjónvarpi til að geta tekið þátt í umræðunni í þjóðfélaginu.

**RÚV MIÐV.D. 21.05**



2 Það er náttúrlega asnalegt að nefna Kiljuna af því að ég er stundum í henni. En ég læt Kiljuna alltaf rúlla þegar hún er á dagskrá.

**NRK SUNNUD. 20.25**



3 Rabbþáttur sem heitir Skavlan er sýndur bæði á SVT og NRK og er ágætur til að viðhalda norrænu málunum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Staldrað við styttur **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Framsóknarflokkurinn)*
**15.35 Kiljan**
**16.25 Ástareldur**
**17.14 Úmísúmí** *(2:20)*
**17.37 Lóa**
**17.50 Stundin okkar** *(23:31)*
**18.30 Melissa og Joey** *(10:15)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Alþingiskosningar 2013 - Málefnið: Velferðin** *(Velferðar- og menntamál)* Fulltrúar framboða til alþingiskosninganna mætast í sjónvarpssal og ræða um velferðar- og menntamál. Umsjón: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Einar Þorsteinsson.
**21.15 Neyðarvaktin** *(14:24 (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Sjálfstæðisflokkurinn)* Bjarni Benediktsson situr fyrir svörum um stefnumál Sjálfstæðisflokksins.
**22.55 Höllin** *(7:10) (Borgen)* Danskur myndaflokkur um valdataflið í dönskum stjórnmálum.
**23.55 Alþingiskosningar 2013 - Málefnið: Velferðin** *(Velferðar- og menntamál)*
**01.30 Fréttir**
**01.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími**
**08.30 Ellen** *(121:170)*
**09.35 Doctors** *(57:175)*
**10.15 Smash** *(11:15)*
**11.00 Human Target** *(3:12)*
**11.50 Touch** *(5:12)*
**13.00 Fantastic Mr. Fox**
**14.35 Harry's Law** *(11:12)*
**15.20 Barnatími**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(122:170)*
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory**
**19.40 New Girl** *(5:24)*
**20.55 NCIS** *(17:24)*
**21.40 Grimm** *(1:22)*
**22.25 Sons of Anarchy**
**23.10 Spaugstofan** *(20:22)* Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku og sýna okkur þá í spaugilegu ljósi.
**23.35 Mr Selfridge** *(4:10)* Stórgóð bresk þáttaröð sem segir frá róstursömum tímum í Bretlandi þegar verslunarhættir almennings voru að taka stakkaskiptum.
**00.25 The Mentalist**
**00.50 The Following**
**01.35 Medium** *(6:13)*
**03.05 Burn Notice** *(2:18)*
**03.50 Triassic Attack**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**11.40 2013 Augusta Masters**
**13.40 Meistaradeild Evrópu.**
**15.20 Þorsteinn J. og gestir**
**15.50 Rubin - Chelsea**
**18.00 Meistaradeild Evrópu**
**18.30 Spænsku mörkin**
**19.00 2013 Augusta Masters**
**23.30 KR - Grindavík** Útsending frá leik í úrslitakeppni Dominos-deildar karla í körfuknattleik.
**02.00 Kína - Æfing # 1**
**06.00 Kína - Æfing # 2**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Tottenham - Everton**
**18.20 Stoke - Aston Villa**
**20.00 Premier League World 2012/13**
**20.30 Premier League Review Show 2012/13**
**21.25 Football League Show 2012/13**
**21.55 Watford - Cardiff**
**23.35 Newcastle - Fulham**

## krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Latibær**
**08.50 Könnuðurinn Dóra**
**09.15 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.25 UKI** Flottir
**09.30 Strumparnir**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ævintýri Tinna**
**10.40 Ofurhundurinn Krypto**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Tommi og Jenni**
**17.30 Ofurhetjusérsveitin**
**17.55 iCarly**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu** Ásgeir Kol
**18.15 Gossip Girl** *(18/24)*
**19.00 Friends** *(18/25)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(4/24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 Game Tíví**
**20.35 Sons of Tucson**
**21.00 FM 95BLÖ**
**21.25 The Carrie Diaries**
**22.10 2+6** *(6/8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
**22.40 Game Tíví**
**23.05 FM 95BLÖ** Frábær skemmtiþáttur með Audda Blö og félögum þar sem við fáum einstakt tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**23.30 Sons of Tucson**
**23.55 The Carrie Diaries**
**00.40 2+6**
**01.05 Tónlistarmyndbönd**

## GULL

**18.20 Doctors**
**19.00 Ellen**
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**20.40 Svínasúpan**
**21.05 Curb Your Enthusiasm**
**22.05 Frasier** *(17/24)*
**22.30 Strákarnir**
**23.00 Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**23.25 Svínasúpan**
**23.50 Curb Your Enthusiasm**
**00.25 The Drew Carey Show**
**00.50 Frasier** *(17/24)*
**01.15 Tónlistarmyndbönd**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.15 7th Heaven** *(14:23)*
**14.00 The Voice** *(2:13)*
**16.30 Dynasty** *(13:22)*
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Megatíminn** *(3:7)*
**19.00 America's Funniest Home Videos** *(31:48)*
**19.25 Everybody Loves Raymond**
**19.50 Will & Grace** *(10:24)*
**20.15 The Office - NÝTT** *(1:24)* Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari sinn.
**20.40 Ljósmyndakeppni Íslands** *(3:6)* Úrslitakeppni stærstu ljósmyndakeppni sem haldin hefur verið á landinu. Þemað er auglýsingamyndataka.
**21.10 An Idiot Abroad** *(7:8)*
**22.00 Vegas** *(12:21)*
**22.50 XIII** *(12:13)*
**23.35 Law & Order UK** *(9:13)*
**00.25 Parks & Recreation** *(22:22)*
**00.50 Excused**
**01.15 The Firm** *(5:22)*
**02.05 Vegas** *(12:21)*
**02.55 XIII** *(12:13)*
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## BÍÓ

**12.30 All Hat**
**14.00 Robots**
**15.30 The Adjustment Bureau**
**18.45 Robots**
**20.15 The Adjustment Bureau**
**22.00 127 Hours**
**23.35 Safe House**
**01.30 Platoon**
**03.30 127 Hours**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Valero Texas Open **2013** **12.10** Golfing World **13.00** Valero Texas Open **2013** **18.00** PGA Tour - Highlights **18.55** Inside the PGA Tour **19.20** AT&T National - PGA Tour **2012** **23**.00 The Open Championship Official Film **1972** **23**.55 ESPN America

## ÍNN

**20.00** Átthagaviska**21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Sendum hvert sem er á höfuðborgarsvæðinu innan 90 mín.

# BARNADAGAR
# Á HEIMKAUP.IS
# 11.–14. APRÍL





33% afsláttur. Gildir til sunnudags.

Frí heimsending hvert á land sem er. Gildir til sunnudags.

**ANGELCARE BARNAPÍA**
Barnapíutæki með skynjaraplötu.

**19.900** kr. ~~Verð áður 29.900 kr.~~



30% afsláttur. Gildir til sunnudags.

**NUBY NT PELI FYRIR POKA**
Pelar með sótthreinsuðum pokum. Það sem kemst næst brjóstagjöf.

**2.100** kr. ~~Verð áður 2.990 kr.~~



30% afsláttur. Gildir til sunnudags.

**CHICCO EASY RELAX ÖMMUSTÓLL**
Easy relax ömmustóll með skemmtilegri mjúkri hringlu.

**9.490** kr. ~~Verð áður 13.490 kr.~~

PIPAR\TBWA • SÍA • 131185

**PANTAÐU Á NETINU EÐA MÆTTU Á STAÐINN!**

HEIMKAUP
– allt í einum smelli

heimkaup.is / Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

## DRYKKURINN



**„Uppáhaldsdrykkurinn er vatn. Eins „boring“ og það hljómar.“**

Kristín Inga Jónsdóttir fór með sigur af hólmi í karókíkeppni háskólanna.

# Ætlar ekki að leggja leiklistina á hilluna

Anna Gunndís Guðmundsdóttir hefur nám í leikstjórn við Tisch School of the Arts í New York-borg.

„Ég er fjórði Íslendingurinn sem kemst inn og þar af önnur konan. Umsóknarferlið tók marga mánuði og ég sendi meðal annars inn hugmyndir að myndum í fullri lengd, samtöl, hugmynd að stuttmynd og vídeó,“ segir leikkonan Anna Gunndís Guðmundsdóttir, sem komst nýverið inn í Tisch School of the Arts við New York-háskóla. Þar mun hún læra kvikmyndagerð með áherslu á leikstjórn næstu þrjú árin.

Af átta hundruð umsækjendum voru hundrað boðaðir í viðtal og fór viðtal Önnu Gunndísar fram á samskiptaforritinu Skype. „Ég var með þrjár frumsýningar á skömmum tíma og komst alls ekki út í viðtalið. Ég talaði því við þau í gegnum Skype,“ segir Anna Gunndís, en hún starfar sem leikkona hjá Leikfélagi Akureyrar.

Anna Gunndís flytur út í byrjun ágúst og kveðst hlakka mikið til enda sé borgin hreint ótrúleg. „Ég var í New York í þrjár vikur um jólin og þetta er alveg ótrúleg borg. Ég hlakka mikið til þess að koma þangað yfir sumartímann því það var skítkalt þegar ég var þarna síðast,“ segir hún og hlær. Eiginmaður hennar og samstarfsfélagi, leikarinn Einar Aðalsteinsson, mun svo flytja út í haust. „Hann ætlar að koma aðeins seinna og vonandi fær hann einhverja vinnu í kjölfarið.“

**36** umsækjendur af 800 fengu inngöngu í námið.

Spurð hvort hún ætli að snúa sér alfarið að leikstjórn að náminu loknu svarar Anna Gunndís neitandi. „Ég var spurð að því sama í viðtalinu og þá sagði ég nei. Maður getur vel gert bæði.“ **- sm**



**ÚT Í NÁM** Leikkonan Anna Gunndís Guðmundsdóttir flytur til New York í ágúst og hefur nám í leikstjórn við NYU. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**Ítalía heillar**
**11. - 18. júní**

**192.600 KR.-**
**Mjög mikið innifalið**

á mann í tvíbýli.
Gist verður við **Lago Maggiore** í 4 nætur og við **Comovatn** í 3 nætur.

**Um ferðina:**
Þar sem Alpafjöllin teygja sig suður á Ítalíu liggja nokkur undurfögur stöðuvötn, sum tilheyra alfarið Ítalíu, önnur eiga líka landamæri að Sviss. Í þessari fallegu ferð gefst einstakt tækifæri til að kynnast nánar þessu einstaka svæði á Norður-Ítalíu.
**Fararstjóri:** Hlíf Ingibjörnsdóttir

LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | **URVALUTSYN.IS**


# Meðal fremstu vefhönnuða heimsins

Vefhönnuðurinn Haraldur Þorleifsson er á hraðri uppleið. Hann er eftirsóttur á meðal tölvurisa heimsins, hefur unnið fyrir Microsoft og Motorola og var á dögunum tilnefndur til stórra alþjóðlegra verðlauna fyrir vinnu sína fyrir Google.

**MENNING** „Þetta kom mikið á óvart og er mér mikill heiður,“ segir Haraldur Þorleifsson vefhönnuður sem tilnefndur er til Webby-verðlaunanna í tveimur flokkum. Verðlaunin eru þau virtustu innan vefheimsins.

„Svona Óskarsverðlaun nördanna,“ bætir Haraldur við kíminn.

Haraldur lauk BA-gráðu í heimspeki og viðskiptafræði og stefndi á að klára meistaragráðu í hagfræði en lauk ekki prófi. „Ég var á þeim tíma farinn að vinna sem grafískur hönnuður með náminu og að endingu varð það ofan á.“

Haraldur, sem er sjálfstætt starfandi, hefur á nokkrum árum skapað sér sess á meðal fremstu vefhönnuða í heiminum. Á ferli sínum hefur hann unnið fyrir Microsoft, Motorola og nú síðast Google við hönnun kynningarsíðu fyrir Google Maps. Fyrir þá vinnu hlaut hann tilnefningarnar.

Haraldur er nýkominn heim ásamt konu sinni og ungri dóttur eftir sex mánaða búsetu í Japan. Fjölskyldan býr nú í Vesturbænum en mun að sögn Haralds ekki koma til með að stoppa lengi þar sem fyrirhugaðir eru flutningar til Berlínar um mánaðamótin. „Við erum svo heppin að ég get unnið mína vinnu hvar sem er í heiminum og konan mín er enn þá í fæðingarorlofi auk þess sem hún er myndlistarkona. Okkur langar því að nota tækifærið og prófa okkur áfram í að búa víðs vegar um heiminn. Við ætlum að vera í Berlín í hálft ár og flytja svo til Suður-Ameríku með haustinu.“

Hægt er að kjósa Harald og síðuna hans, www.morethanamap.com, og auka þar með möguleika hans á verðlaunum, á vefsíðu Webby-verðlaunanna. **- mlþ**



**HARALDUR ÞORLEIFSSON** Er tilnefndur í tveimur flokkum á hinum alþjóðlegu og virtu Webby-vefverðlaunum. Hann segir tilnefningarnar mikinn heiður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Webby-verðlaunin

Webby-verðlaunin eru ein stærstu og virtustu verðlaun sem veitt eru á sviði margmiðlunar í heiminum. Verðlaunin eru oft kölluð Óskarsverðlaun internetsins. Verðlaunin eru veitt í mörgum flokkum, allt frá vefsíðuhönnun til tónlistarmyndbanda.

Aðeins einum Íslendingi hefur hlotnast sá heiður að vinna til verðlaunanna en Björk Guðmundsdóttir var heiðruð sem listamaður ársins 2011.

Webby-verðlaunin hafa verið veitt síðan 1995 og eru haldin hátíðleg ár hvert í New York.


**SPENNANDI KÓSÍKRIMMI!**




Fimm gamlingjar komast að því að það er miklu betri aðbúnaður í fangelsum en á elliheimilum og grípa til sinna ráða. En leiðin á bak við rimlana reynist þyrnum stráð ...

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK


# Plata sem fjallar mest um ástina

Listakonan Berglind Ágústsdóttir sendir frá sér sínu fjórðu plötu, I am your girl.

„Þetta er plata um ástina, von, vináttu, brostin hjörtu og löngun. Samt mest um ástina,“ segir listakonan Berglind Ágústsdóttir, sem sendir frá sér sína fjórðu sólóplötu sem nefnist I am your girl á morgun.

Berglind tók upp plötuna heima hjá sér en hún segir lögin öll vera mjög persónuleg. „Tónlistin á plötunni er ástar-, ópus-, tilraunakennd poppmúsík unnin í samvinnu við fjölmarga vini mína víðs vegar um heiminn,“ segir Berglind, sem opnar líka sýningu á föstudaginn í bókabúðinni Útúrdúr á Hverfisgötu.

Þar verða til sýnis nokkrar teikningar, litlar bækur, platan sjálf og vonandi nýtt myndband sem vinkona hennar er að klára í New York. „Ég er líka vinna kassettu sem kemur út sama dag með svona tilraunum sem ég geri ein. Kassettan verður líka á sýningunni.“

→ Uppáhaldslag Berglindar á plötunni er lagið I would never cheat on you with another boy.

Berglind stígur á svið á morgun klukkan 17.30 í Hörpu á tónleikaröðinni Undiröldunni. Þar hitar hún upp fyrir hljómsveitina Vök sem nýverið vann Músíktilraunir. „Ég hlakka mikið til að hitta alla vini mína á tónleikunum og svo opna sýninguna beint eftir að þeim er lokið. Sævar vinur minn ætlar að spila plötur. Bara kósý og lítið og barnvænt.“ **- áp**



**NÝ PLATA** Berglind Ágústsdóttir segir nýju plötuna fjalla mest um ástina.

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# HÁSKERPA

## Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI

PIPAR\TBWA • SÍA • 131161




**Tilboðsverð:**
**129.995**
**20 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður:**
**149.995**

UE40EH5300WXXN

### Samsung 40" LED Smart sjónvarp
LED, FullHD, SmartTV, 100Hz CMR, 3xHDMI, USB, AllShare, DVB-T.



**Tilboðsverð:**
**179.995**
**40 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður:**
**219.995**

UE46ES5700SXZG

### Samsung 46" LED FullHD
LED, FullHD, SmartTV 100Hz CMR, 3x HDMI,
2x USB, DVB-T Gervihnattamóttakari.



**Tilboðsverð:**
**109.995**
**30 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður:**
**139.995**

PS43E450A1WXXN

### 43" Plasma Samsung HD Ready
Plasma, 600Hz Subfield Motion, 2x HDMI,
USB, ConnectShare, RealBlack skjár.




**Tilboðsverð:**
**69.995**
**10 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður:**
**79.995**

TV32LB2000

### Orion 32" LED FullHD
LED, FullHD, 100Hz, 4x HDMI, USB,
Super Slim, DNR, DBC, aðeins 3cm þykkt.



**Tilboðsverð:**
**109.995**
**20 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**

**Verð áður:**
**129.995**

UE39EH5003WX

### Samsung 39" LED FullHD
LED, FullHD, 2x HDMI, USB, DVBT, Scart,
einfalt og flott tæki.

Hátækni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
**ORATORS**
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Breytir húsi á sjávarlóð

Fjárfestirinn **Ingunn Wernersdóttir** hefur fengið samþykki bæjaryfirvalda í Kópavogi til að gera breytingar á útliti og innra fyrirkomulagi einbýlishússins á sjávarlóðinni Huldubraut 32 í Kópavogi. Ingunn hefur um árabil látið vinna að stækkun og endurgerð gamla íbúðarhússins þar sem Borgarbókasafnið var áður á Þingholtsstræti 29a. Gagnrýnt hefur verið hversu mjög þær framkvæmdir hafa dregist.



### Minntist átrúnaðargoðsins

Á meðal þeirra sem hafa lagt leið sína í breska sendiráðið á Íslandi og ritað nafn sitt í minningarbók um Margaret Thatcher sem þar liggur frammi er **Björgvin Guðmundsson**, ritstjóri Viðskiptablaðsins og annálaður aðdáandi Járnfrúarinnar. Hann birti í gær mynd af sér á Facebook við undirskriftina og uppskar athugasemd frá Agli Helgasyni, sem sjálfur átti sögu af svipaðri undirskrift. „1976 skrifaði ég í minningarbók um Maó í kínverska sendiráðinu. Ég hef reyndar gert upp við það í nokkuð mörgum greinum," skrifaði Egill. Spurningin er hvort Björgvin á einhvern tíma eftir að gera upp við Thatcher-tímann.

- sh



## Mest lesið VÍSIR

1 Fullyrða að geimvera hafi fundist
2 Farangrinum stolið - draumafríið á Íslandi breyttist í martröð
3 Stórviðburður í Laugardalshöll - Jeff Dunham væntanlegur til landsins
4 Skrifaði undir Húsavíkurlistann og situr í sóknarnefnd - Ætlar ekki að mæta á fundinn síðdegis




★★★★
„... áhrifamikil ættar- og samtímasaga."
BJØRN BREDAL / POLITIKEN

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



